

Gegnum holt og hæðir

afkimi þingmannaleið áfirnsorð

krossmessa sál orðfall áfasopi útígegningar

málamatur refjar dróg kolskör afréttur

blöndukútur blóðdrefjar lysberi klakkur

reiðingur sili vör léttasótt gandreið farg

Jónsmessa lágnætti patína dagmál

langafasta semingur forneskja kukl

ágirnd mætur fiskiheill kaupanautur

málnyta selstaða meinvættur annexía

tóftarbrot flautir tólg ákast svartigaldur


kleima hiofróða hlóðir kaun lögg flautir feigd

sút seggur feigd vættur kvíar pallskák

sledda skammbiti sýruker mudda

sál orðfall áfasopi útígegningar semingur ákast seggur

reiðingur sili vör léttasótt Jónsmessa



Kæri nemandi

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur.
Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.



Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gróf.
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.
- Um hvað fjallar bókin?
- Hvað veist þú um efnið?

Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin.
- Skrifðu hjá þér minnispunkta.
- Gott er að gera skýringar-myndir eða hugarkort.
- Spurðu um það sem þú skilur ekki, t.d. orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- Rifjaðu upp það sem þú last.
- Veltu fyrir þér hvað eru aðalatriði og hvaða atriði skipta minna máli.
- Hugsaðu um það sem þú hefur lært og tengdu við það sem þú vissir áður.
- Reyndu að endursegja textann með eigin orðum.

Gegnum holt og hæðir

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri



MENNTAMÁLASTOFNUN

Gegnum holt og hæðir



Íslenskar þjóðsögur og ævintýri

ISBN 978-9979-0-2270-1

Edda Hrund Svanhildardóttir safnaði sögunum

© 2010 myndir: Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir

Ritstjórar: Ingólfur Steinsson og Sigríður Wöhler

Orðskýringar, verkefni og inngangstextar:

Ingólfur Steinsson

Ráðgjöf: Þorsteinn frá Hamri

Yfirlstur: Þórdís Guðjónsdóttir

1. útgáfa 2011

Menntamálastofnun Kópavogi

Umbrot og hönnun: Námsgagnastofnun


Prentun: Litróf ehf.

Efnisyfirlit



Efnisyfirlit	3	Kímní- og ýkjusögur	41
Gegnum holt og hæðir	5	10. Bakkabræður	42
Galdrar	7	11. Skyldu bátar mínir róa í dag?	46
1. Bræðurnir og blaðið	8	12. Hver rífur svo langan fisk úr roði?	48
2. Kálfur prestur	10	13. Þegiðu, hún móðir mín gaf mér hann	50
3. Galdra-Loftur	13	14. Sagan af Gípu	52
4. Svarta pilsíð	19	Helgisögur	55
5. Gandreið	22	15. Kolbeinn jöklaskáld	56
Tröll	25	16. Seint fyllist sálin prestanna	58
6. Átján skólabræður	26	17. Syndapokarnir	61
7. Jón og tröllskessan	29	Álfar og huldufólk	63
8. Þorsteinn tól	36	18. Álfkona í barnsnauð	64
9. Gissur á Botnum	38	19. Ertu þyrstur, viltu drekka?	66
		20. Sveinninn sem undi ekki með álfum	68
		21. Úlfhildur álfkona	69
		22. Selmatseljan	73

Efnisyfirlit



Draugar	79	Útilegumenn	135
23. Hverf er haustgríma	80	34. Sagan af Ketilríði bóndadóttur	136
24. Miklabæjar-Solveig	84	35. Halla bóndadóttir	140
25. Tískildingurinn	89		
26. Sagan af Jóni óhrædda	91	Ýmislegt	145
		36. Sveinn lögmaður í dularbúningi	146
Ævintýri	97	37. Skíðastaðir	149
27. Sagan af færilúsarrassinum	98	38. Sagan af kerlingunni fjórdrepnu	152
28. Báráður	101	39. Ingibjörg í Kalmanstungu	157
29. Grámann	108		
30. Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn	116		
31. Sagan af Kolrössu krókríðandi	119		
32. Neyttu meðan á nefinu stendur	127		
33. Sagan af Finnu forvitru	130		

Gegnumholt og hæðir

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri

Til nemandans

Þjóðsögur og ævintýri eru frásagnir sem hafa lifað í munnmælum mann fram af manni. Það þýðir að ekki er vitað um uppruna þeirra, höfunda eða hver sagði þær fyrstur. Sögurnar eru misgamlar, sumar þeirra hafa varðveist öldum saman og við vitum að þær eru ekki alltaf byggðar á sönnum eða raunverulegum atburðum. Sumar þjóðsögur eru þó þannig að það mætti hugsá sér að þær væru sannar. Þær segja okkur líka ýmislegt um það hvernig fólk hugsaði fyrir á öldum, hverju það trúði og hvað það aðhafðist. Fáar þjóðir eiga jafn stórt safn af þjóðsögum og Íslendingar.

Í þessari bók er að finna fjölbreytt safn af sögum. Hér eru tröllasögur, útilegumannasögur, sögur af álfum og huldufólki, sögur af körlum í koti sínu, kóngum í höllum sínum, karlssonum og prinsessum, helgisögur, galdrasögur, ýkjusögur, sögur af sæbúum og draugasögur. Sumar sögurnar eru heldur óhugnanlegar og voru kannski notaðar til að hræða börn. Aðrar eru myndar. Margar fela í sér einhvern boðskap, eitthvað sem við getum lært af.

Með því að lesa þjóðsögur og ævintýri kynnist þú bókmenntagrein sem á sér hefð meðal flestra

þjóða. Þú eflir orðaforða þinn og málvitund og svo hafa sögurnar auðvitað líka skemmtigildi. Þjóðsögur hafa ákveðin einkenni og stíllinn er stundum kallaður þjóðsagnastíll.

Um þjóðsögur

- Sögurnar eru yfirleitt frekar stuttar.
- Sagt er frá í rétttri tímaröð.
- Málfar er kjarnmikið.
- Yfirleitt eru persónur í sögunum fáar.
- Margar þjóðsögur innihalda vísur eða stef.
- Draumar koma oft við sögu.
- Andstæður eru áberandi í persónusköpun; ríkur – fátækur, vondur – góður, lítill – stór, vitur – heimskur.
- Endurtekningar eru algengar.
- Þrítala er mikið notuð.
- Tölurnar þrír, fimm og sjö og margfeldi þeirra eru mjög mikið notaðar.
- Stuðlar koma oft fyrir: Gamall sem á grönnum má sjá, átján barna faðir í álfheimum
- Galdrar, álög

Um ævintýri

Ævintýri eru frásagnir sem sagðar eru fólki til skemmtunar. Þau flakka milli landa, taka á sig ýmsar myndir og búninga eftir heimkynnum. Í ævintýrum koma gjarnan fyrir kóngur, drottning, prins, prinsessa, bóndi, bóndakona, bóndasonur og bóndadóttir. Í þeim er oft norn eða galdrakarl og einnig eru risar algengir. Þau gerast oft í höll eða kastala, stundum líka á bóndabæ. Ævintýri eru oftast full af furðum, kynjaverum, álögum og töfragripum. Þau fjalla yfirleitt um baráttu góðs og ills og eru full af andstæðum: góður – illur, ríkur – fátækur. Sögurnar enda oftast vel, a.m.k. fyrir aðalpersónurnar sem eru alltaf góðar. Í ævintýrum er gjarnan mikið um

endurtekningar og þau hefjast oft á orðunum: Einu sinni var ... og enda á orðunum: Köttur úti í mýri ...

Ævintýri og þjóðsögur eiga margt sameiginlegt og stundum er erfitt að greina á milli. Ævintýri gerast venjulega í ímynduðum heimi, eru óbundin stað og tíma, geyma oft galdra eða töfra, langar frásagnir sem ekki er ætlast til að menn trúi. Þjóðsögur á hinn bóginn lýsa oft raunverulegri atburðum á stuttan og einfaldan hátt og hafa varðveist í munnmælum. Íslenskar þjóðsögur fjalla gjarnan um samskipti fólks við tröll og forynjur, útilegumenn, álfa og óblíð náttúruöflin.

Ingólfur Steinsson

Gott að hafa í huga við lestur þjóðsagna og ævintýra

1. Lestu vel yfir alla söguna.
2. Skoðaðu vel útskýringar á feitletruðum orðum.
3. Ef þú skilur ekki öll orðin skaltu leita skýringa, t.d. í orðabókum eða á Netinu.
4. Reyndu að draga saman aðalatriði sögunnar. Um hvað fjallar hún, hvert er aðalefni hennar? Þetta getur þú gert í huganum.
5. Prófaðu að segja einhverjum frá sögunni. Endursegðu hana með þínum orðum. Notaðu

Sögugluggann, sem fylgir hverri sögu, til að hjálpa þér að muna efni sögunnar.

6. Skoðaðu spurningarnar í lok hvernar sögu. Skráðu svörin í stílabók og ræddu þau við félagá þína.
7. Reyndu að búa til fleiri spurningar úr efni sögunnar.
8. Kynntu þér fleiri þjóðsögur, t.d. í þjóðsagna-söfnum eða á Netinu.

Galdrar



Galdrar eru ekki ofarlega í huga nútímafólks. Enda gerum við okkur flest grein fyrir því að við höfum litla hæfileika til að galdra eitt eða neitt. Einu galdramennirnir sem við hittum eru í skikkju með pípuhatt og skemmta í veislum. Galdratrú er reyndar víða útbreidd enn þá, t.d. í Afríku. Og hér var hún algeng fyrir á öldum. Sérstaklega er 17. öldin þekkt fyrir galdramál. Þá var fólk brennt á báli á Íslandi fyrir að stunda galdur.

Sögurnar hér á eftir segja ekki frá galdrabrennum eða réttarhöldum yfir galdramönnum. Fyrsta sagan fjallar um það hverju trúin fær áorkað, hvernig trúin flytur fjöll. Hún er um bræður sem eiga eldgamalt blað. Þeir trúa að blaðið búi yfir krafti og hjálpi þeim við fiskveiðar. Næsta saga er af Kálfi presti Árnasyni og Sæmundi fróða. Þeir voru báðir sagðir rammgöldróttir og lýsir sagan ýmsum glettum sem fóru milli þeirra. Einnig er lýst samskiptum Kálfs við kölska sem taldi sig eiga rétt á sálu hans eftir dauðann. Þá kemur sagan af Galdra-Lofti, skólapiltinum sem reyndi að ná valdi yfir sjálfum kölska. Sagan um svarta pilsíð segir frá undarlegu pilsí sem kemur í veg fyrir barneignir og loks er saga af gandreidd kerlingar einnar á nýársnótt. Kerling fær reyndar að gjalda fyrir kuklið en þannig er oft endir galdrasagna. Það fer heldur illa fyrir þeim sem galdurinn stunda.

I. Bræðurnir og blaðið

Sögugluggi

Bóndi nokkur gefur sonum sínum gamalt blað áður en hann deyr. Þeir taka það með sér til fiskjar æ síðan og fiska betur en aðrir þó að þeir skilji ekki hvað stendur á blaðinu. Svo einn góðan veðurdag þýðir presturinn fyrir þá texta blaðsins.

Það var einu sinni að bóndi nokkur bjó við sjávarsíðu, hann átti tvo syni. Engar sögur fara af honum fyrr en **fast undir** andlát hans. Þá fékk hann þeim gamalt blað með einhverju á og sagði að þeir skyldu bera þetta á sér, einkum þegar þeir færu á sjóinn, því þeir mundu þá ekki afla **miður** en aðrir. Bræður þökkuðu honum fyrir blaðið og fóru að bera sig að lesa það sem á því var en af því að þeir skildu ekkert orðið þá meintu þeir það væri galdur og höfðu því miklar **mætur** á þessu blaði og létu öngvan mann vita af því.

Þeir urðu nú þarna búendur eftir föður sinn og gleymdu **trauðlega** að hafa blaðið á sér og settu mikla trú á það og varð líka eftir trú sinni með aflaveiði. Þegar þeir höfðu það á sér þá öfluðu þeir manna best en ef það bar til þeir gleymdu því eftir í landi þá fengu þeir sáralítið eða jafnvel ekkert. Það fór mikið orð af því hvað bræður öfluðu vel hjá því sem allir aðrir þar í sveitinni og þóttu á stundum

undarlega heppnir því þó mörg skip færu samdægurs á sjó, en enginn yrði var, þá öfluðu þeir.

Þess vegna voru menn farnir að **pulta** það að bræður mundu hafa fiskigaldur og fóru að **tala nálegt því** við þá en bræður – þó þeim fyndist mein-ing manna um þetta vera rétt – þá tóku þeir því samt ekki nærri. Presturinn þar í sveitinni fór nú einu sinni að tala um þetta við bræður og bað þá að segja sér í trúnaði hvort þeir hefðu öngva ólukkuhjátrú. Þeir voru fyrst tregir en af því hann var kunningi þeirra þá sögðu þeir honum eins og var hverju þeir þökkuðu aflabrögð sín. Prestur fékk nú hjá þeim að mega lesa blaðið. Svo fékk hann þeim það aftur og segir:

– Þetta er ekki mikill galdur, það er ekki nema faðirvor á latínumáli.

– Aá, er það ekki annað? sögðu þeir.

Eftir þetta misstu þeir **fiskiheillina**.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar





Prestur fékk hjá þeim að mega lesa blaðið.



fast undir: skömmu fyrir

miður: verr, minna

mætur: dálæti, uppáhald

trauðlega: varla

pulta: hvísla, hvískra

tala nálægt því: tala utan að því, ýja að því

fiskiheill: það að vera fiskinn, vera heppinn, veiða vel

Áð lestri loknum

1. Hvaða áhrif hafði blaðið á veiðar bræðranna?
2. Hvaða orð fór af bræðrunum og fiskigengd þeirra?
3. Hvað kom í veg fyrir að bræðurnir skildu það sem stóð á blaðinu?
3. Þegar bræðurnir komust að því hvað stóð á blaðinu misstu þeir fiskiheillina. Veltu fyrir þér ástæðum þess.
4. Endurskrifaðu þessa málsgrein á nútímamáli. „Þess vegna voru menn farnir að pulta það að bræður mundu hafa fiskigaldur og fóru að tala nálægt því við þá en bræður – þó þeim myndist mein-ing manna um þetta vera rétt – þá tóku þeir því samt ekki nærri.“
5. Hvað stóð á blaðinu?

2. Kálfur prestur

Sögugluggi

Kálfur Árnason og Sæmundur fróði voru saman við nám í Svartaskóla. Sagt er frá heimsókn Kálfs til Sæmundar og glettum milli þeirra. Einnig segir frá því þegar kölski fer að leita að presti sem ekki er ágjarn, til að sinna Kálfi í veikindum hans.

Eitt sinn vildi Kálfur Árnason finna Sæmund fróða í Odda og gat þess við heimamenn sína að hann ætlaði að vita hvort hann gæti ekki komið að honum óvörum. Ekki er getið um ferðir Kálfs fyrr en hann kemur að Odda **á náttarþeli** og **drepur högg á dyr**. Sæmundur heyrir að barið er og skipar hann einum heimamanna sinna að fara til dyra og vita hver kominn sé. Maðurinn gengur út og verður einskis manns var, gengur inn aftur og segir að enginn sé úti. Þá er barið aftur og skipar Sæmundur öðrum manni að fara til dyra og gerir hann það. Þegar hann sér engan úti gengur hann kringum allan bæinn en sér **eigi að heldur** nokkurn mann. Fer hann inn við svo búíð og segist ekki hafa séð neinn úti. Síðan er barið í þriðja sinn. Sprettur þá Sæmundur upp sjálfur og segir að sá sem úti sé muni vilja finna sig. Gengur hann og sér að þar er kominn Kálfur Árnason, félagi hans, og heilsast þeir mjög vinsamlega. Kálfur biður hann að lofa sér að vera og er það svo sem velkomið.

Eftir það býður Sæmundur Kálfi inn og þiggur hann það. Sæmundur gengur á undan með ljós í

hendi og bíður eftir honum innarlega í bæjardyrnum. En Kálfi tefst úti. Eftir langan tíma kemur kona Sæmundar fram og spyr hver kominn sé. Sæmundur segir henni það. Hún spyr hann þá hvort hann hafi ekki boðið honum inn. Sæmundur segist vera búinn að því fyrir lifandis löngu. Hún vill þá fara út og bjóða honum innar að nýju. Sæmundur vill það ekki og segir að hann muni koma bráðum. Líður nú enn góður tími þangað til loksins að Kálfur kemur inn, ákaflega móður, og biður konu Sæmundar að færa sér mikið að drekka.

– Þarftu mikið að drekka? segir Sæmundur. Kálfur segir:

– Það er vísast að fleiri þurfi að drekka en ég, áður en kvöldið er úti.

Síðan er Kálfur leiddur inn í stofu og borinn fyrir hann matur og fenginn hnífur að borða með. En þegar hann fer að skera bítur hnífurinn ekki hót. Sæmundur spyr hann hvort hnífurinn bítu ekki. Kálfur segir það ekki vera. Kona Sæmundar segist þó ekki hafa ætlað að velja honum hníf af verri endanum og hann hafi átt að bíta, hnífurinn sá arna.




Sæmundur segir að hann skuli fá sér hnífinn og segist hann skuli reyna að brýna hann. Kálfur gerir svo og brýnir Sæmundur hann, fær Kálfi hann aftur og segir að nú skuli hann vara sig á honum því nú haldi hann að hann bítí. Kálfur kveðst ekki vera svo hræddur við það og þegar hann fer að skera fyrsta bitann, tekur hnífurinn sundur diskinn og bordið og hleypur í lærið á Kálfi. Sæmundur kvaðst hafa varað hann við að hnífurinn mundi bíta. Kálfur sagði að þetta sár væri ekki til dauða og batt um það.

Þá var venja að lesa borðsálm fyrir og eftir máltíð. Meðan Kálfur er að lesa borðsálminn á eftir, líður Sæmundur út af í setinu, rétt eins og hann væri dauður og skipar Kálfur þegar að dreypa á hann vatni. Kona Sæmundar hleypur eftir vatni og dreypir á hann en það dugar ekki. Kálfur stendur þá upp og fer að dreypa á hann. Raknar Sæmundur þá við og skipar Kálfur honum að drekka vatn og gerir Sæmundur það. Kálfur segir þá:

– Vissi ég ekki að fleiri mundu þurfa að drekka í kvöld en ég þegar ég bað um mikið vatn eftir að ég var búinn að leita mig móðan að dyrunum? Síðan hættu þeir þessum glettum og fóru að bera



á náttarþeli: um nótt
drepur högg á dyr: bankar
á dyr
eigi að heldur: ekki heldur



*Hleypur þá hnífurinn
í lærið á Kálfi.*

sig saman hvor meira kynni. En Kálfur **sagði svo síðan** að Sæmundur kynni þeim mun meira en hann sem hann hefði **numið fram yfir sig** í Svarta-skóla.

Einu sinni varð Kálfur veikur. Var hann **þungt haldinn og hætt**. Kölski kemur þá til hans þar sem hann lá og segist ætla að verða við þegar hann deyi. Kálfur segist ekki muni deyja í þetta sinn en biður samt kölska að sækja þann prest til að þjónusta sig sem ekki sé **ágjarn** og segir að hann megi vera nokkuð lengi að leita hann uppi því hann muni liggja lengi. Kölski verður hljóður við þetta og heldur að það muni ekki verða neitt **áhlaupaverk** að finna slíkan mann. Kálfur segir ef hann geti ekki komið með þann prest fái hann sig ekki og þá standi kaup þeirra eigi lengur. Kölski fer við það af stað og er lengi í burtu, leitar vandlega og finnur engan sem ekki er ágjarn. Eftir langa mæðu og leit kemur hann þó með einn prest til Kálfs og segist hafa fundið þennan prest lengst úti í löndum. Segir hann þó að hann sé ekki með öllu laus við **ágirnd**. Einn prestur sé sá úti á Þýskalandi sem ekki sé við ágirnd brugðið en hann hafi ekki komist að honum því tindrandi eldur hafi ávallt logað allt í kringum hann. Kálfur segist ekki vilja þennan prest sem hann kom með fyrst hann sé ekki alveg laus við ágirnd og sé því kölski **af kaupunum** og verður hann því að fara burt við svo búíð.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



sagði svo síðan: sagði svo frá seinna
að nema fram yfir sig (hér): að hafa lært meira

þungt haldinn og hætt: mikið veikur og hætt kominn, í hættu

ágjarn: gráðugur í peninga

áhlaupaverk: fljótunnið (auðvelt) verk

ágirnd: fégræðgi

sé af kaupunum: missi af kaupunum, ekkert verður af þeim (kölski átti að fá sál Kálfs að lokum fyrir þjónustu við hann)

Að lestri loknum

1. Hvers vegna fór Kálfur að heimsækja Sæmund fróða?
2. Hvor þeirra kunni meira, Sæmundur eða Kálfur?
3. Hvað bað Kálfur kölska að gera fyrir sig þegar hann lá veikur?
4. Hvernig gekk kölska að uppfylla bón Kálfs?
5. Nefndu að minnsta kosti tvö einkenni þjóðsagna-stíls sem finna má í þessari sögu.



3. Galdra-Loftur

Sögugluggi

Skólapilturinn Loftur leggur stund á galdur. Hann reynir að öðlast kunnáttu sem fær honum vald yfir kölska sjálfum. En það er hægara sagt en gert. Við spyrjum að leikslokum.

Loftur hét skólapiltur einn á Hólum. Hann lagði alla stund á galdur og kom öðrum til þess með sér þó ekki yrði meira úr því fyrir þeim en **kuklið** eitt. Æsti Loftur skólabræður sína til að gera öðrum ýmsar galdraglettur og sjálfur var hann forsprakkinn. Einu sinni fór Loftur heim til foreldra sinna um jólin. Tók hann þá þjónustustúlku á staðnum og járnaði hana og lagði við hana beisli og reið henni svo í **gandreid** heiman og heim. Lá hún lengi eftir af sárnum og þreytu en gat engum frá sagt meðan Loftur lifði.

Öðru sinni barnaði Loftur vinnukonu á staðnum og drap hann þá barnsmóður sína með **gjörningum**. Henni var ætlað að bera aska inn í eldhús og úr því. Voru þeir til flýtis bornir á nokkurs konar trogmynduðu verkfæri er hét askafloti og tók marga aska í einu. Lét Loftur opnast göng fyrir henni í miðjum vegg svo hún gekk inn í þau. En sökum þess að stúlkan varð þá hrædd og hikaði hreif galdurinn svo að veggurinn luktist aftur. Löngu seinna þegar veggurinn var rifinn fannst í honum beinagrind af kvenmanni uppstandandi með askahrúgu í fanginu og ófullburða barnsbein í holinu.



kukl: gerningar, galdratilraunir
gandreid: reið á reiðskjóta sem magnaður er með göldrum
gjörningar: galdrar, fjölkyngi
skipast: lagast, breyta hegðun sinni
bekkjast til við: stríða, hrekkja
granda: gera skaða, eyðileggja
leysing: vöxtur í á vegna hláku, vatnavextir
staður hestur: bykkja, þrjóskur, kyrrstæður hestur, óviljugur



Gekk stúlkan þá inn í göngin.

honum í miðri ánni; greip hann hempupoka sinn og óð til lands. Sakaði hann ekki og flutti messu um daginn. Þá var þessi vísa kveðin:

*Furðar mig á fréttum þeim,
fótgangandi var hann;
þegar hann kom til Hóla heim,
hempuna sína bar hann.*

Ekki létti Loftur fyrr en hann hafði lært allt sem var á Gráskinnu og vissi það út í hörgul. Leitaði hann þá fyrir sér til ýmsra galdramanna en enginn vissi þá meir en hann. Hann gerðist nú svo **forn** og illur í **skapi** að allir skólapiltar urðu hræddir við hann. Þorðu þeir ekki annað en að láta allt vera sem hann vildi þó þeim **stæði stuggur af**.

Einhvern tíma snemma vetrar kom Loftur að máli við skólapilt einn sem hann vissi að var hugaður og bað hann að hjálpa sér til að vekja upp biskupa þá hina fornu. Hinn **taldist undan** en Loftur kvaðst þá mundu drepa hann. Skólapilturinn spurði hvert gagn hann mætti vinna honum þar sem hann kynni engan galdur. Loftur sagði að hann þyrfti ekki annað en standa í **stöplinum** og halda í klukkestrenginn, hreyfast hvergi, en horfa stöðugt á sig og taka í klukkuna jafnsnart og hann gæfi honum merki með hendinni.

– Vil ég nú, mælti Loftur, segja þér gjörla af áformi mínu. Þeir sem eru búnir að læra galdur **viðlíka** og ég geta ekki haft hann nema til ills og verða þeir allir að **fyrirfarast** hvenær sem þeir deyja. En kunni

maður nógu mikið þá hefur djöfullinn ekki lengur vald yfir mannum heldur verður hann að þjóna honum án þess að fá nokkuð í staðinn eins og hann þjónaði Sæmundi fróða. Hver sem veit svo mikið er sjálfráður að því að nota kunnáttu sína svo vel sem hann vill. Þessari kunnáttu er nú á dögum ekki **auðið** að ná síðan Svartiskóli lagðist af og Gottskálk biskup grimmi lét grafa Rauðskinnu með sér. Vil ég því vekja hann upp og særa hann til að láta af hendi Rauðskinnu við mig en þá munu allir hinir gömlu biskupar rísa á fætur því að þeir munu ekki þola eins miklar særingar yfir sér og Gottskálk og mun ég láta þá segja mér þá **forneskju** sem þeir vissu í lifandi lífi og kostar það mig ekki mikla fyrirhöfn því að það má sjá það á svipnum hvort maðurinn hefur kunnað galdra eða ekki. En hina seinni biskupa get ég ekki vakið upp því að þeir eru allir grafnir með ritninguna á brjóstinu. Dugðu nú vel og gerðu eins og ég legg fyrir þig og hringdu hvorki of fljótt né of seint því að við því liggur **stundleg** og eilíf velferð mín. Skal ég þá launa þér svo vel að enginn annar skal þér fremri.

Særingar

Þeir **bundu** nú þetta **fastmælum** og fóru á fætur skömmu eftir háttatíma og upp í kirkju. Tunglskin var úti svo bjart var í kirkjunni. Nam skólapilturinn staðar í stöplinum en Loftur fór upp í predikunarstól og tók að særa. Kom bráðum maður upp úr gólfinu með alvarlegum og þó mildum svip og



hafði kórónu á höfði. Þóttist skólapilturinn vita að þar mundi kominn hinn elsti biskup. Hann sagði við Loft:

– Hættu, vesall maður, meðan tóm er til því að þungar munu þér bænir Gvendar bróður míns ef þú ónáðar hann.

Loftur sinnti því ekki og hélt áfram að særa. Komu nú allir hinir gömlu biskupar í röð upp úr gröfum sínum í hvítum sloppum með krossmark á brjósti og staf í hendi. Allir skiptu þeir eitthvað lítið orðum við Loft en ekki er getið, hvað það var. Þrír þeirra höfðu kórónur á höfðinu, hinn fyrsti og síðasti og sá sem stóð í miðið (líklega Guðmundur Arason þó það skakki nokkru). Engin forneskja **duldist með** neinum þeirra.



ekki létti Loftur fyrr: hann hætti ekki fyrr
forn í skapi: ekki við allra skap, öðruvísi en aðrir
standa stuggur af: vera hræddur við
taldist undan: færðist undan, vildi ekki
stöpull: turn á (hjá) kirkju
viðlíka: álíka, eins og
að fyrirfarast: glatast
auðið: unnt, hægt
forneskja: forn kunnátta, galdur
stundleg: jarðnesk
bundu fastmælum: ákváðu
duldist með: leyndist með



Komu nú allir hinir gömlu biskupar í röð upp úr gröfum sínum.

Gottskálk þrumdi þetta af sér. Tók þá Loftur að særa fyrst að marki og sneri máli sínu að Gottskálki einum. Sneri hann þá iðrunarsálmum Davíðs upp á djöfulinn og gerði játningu fyrir allt sem hann hefði vel gert. Stóðu þá þeir hinir kórónuðu biskupar lengst frá með upplyftum höndum og sneru andlitum móti Lofti en hinir horfðu undan og á þá. Heyrðust þá dunur miklar og kom upp maður með staf í vinstri hendi og rauðri bók undir hinni hægri, ekki hafði hann krossmark á brjósti. Leit hann óhýru auga til biskupanna en horfði glottandi til Loftis er særði þá sem fastast. Gottskálk færðist hóti nær og sagði háðslega:

– Vel er sungið, sonur, og betur en ég hugði en eigi nærð þú Rauðskinnu minni.

Loftur **umhverfðist** þá og hamaðist og var sem aldrei hefði hann sært fyrir. Sneri hann þá blessunarorðunum og faðirvori upp á djöfulinn svo kirkjan **hrikti** öll og **lék á reiðiskjálfi**. Virtist skólapiltinum sem Gottskálk þokaðist nær Lofti og rétti **með semingi** að honum eitt horn bókarinnar. Hafði hann áður verið smeykur en skalf nú af ótta og **sortnaði fyrir augum**. Virtist honum sem biskup brygði upp bókinni og Loftur rétti fram höndina. Hugði hann þá að hann gæfi sér merki og tók í klukkustrenginn. Hvarf allt þá ofan í gólfið með þys miklum. Loftur stóð stundarkorn **höggdofa** í stólnum og lagði höfuð í **höndur** sér, **stumraði** síðan hægt ofan og fann lagsmann sinn, stundi hann þá við og mælti:

– Nú fór verr en skyldi og get ég þó ekki gefið þér sök á því. Ég mátti vel bíða dögunar, mundi

biskup þá hafa sleppt bókinni og lagt hana sjálfur upp til mín því að ekki hefði hann unnið það til að ná ekki aftur gröf sinni og ekki heldur leyfst það vegna hinna biskupanna. En hann varð **drýgri** en ég í viðskiptum okkar því að þegar ég sá bókina og heyrði **frýjunarorð** hans, gjörðist ég svo óður að ég hugðist að hafa hana strax með særingum. Rankaði ég fyrst við mér þegar svo langt var komið að hefði ég farið einu særingarstefi lengra þá mundi kirkjan hafa sokkið og það var það sem hann ætlaðist til. Ég sá í sama bili í andlit hinna krýndu biskupa og varð felmt við en vissi að þú mundir **falla í ómegin** við klukkustrenginn og hún þá gefa hljóð af sér. En bókin var svo nærri mér að mér virtist ég geta náð henni enda kom ég við horn hennar og mundaði ekki öðru en því að ég hefði náð góðu haldi á henni eins og þurfti til að fella hana ekki niður.



umhverfðist: reiddist mjög, ærðist, trylltist

hrikti: titraði, hristist

lék á reiðiskjálfi: titraði og skalf

með semingi: hikandi, með tregðu, seinlæti

sortna fyrir augum: verða dimmt fyrir augum, sjá svart

höggdofa: agndofa, undrandi, forviða

höndur: hendur

stumraði: haltraði, staulaðist

drýgri, drjúgur: sem endist betur, stendur sig betur

frýjunarorð: ögrunarorð

falla í ómegin: falla í yfirið, missa meðvitund



En svo verður að fara sem auðið er og er útséð um velferð mína en laun þín skulum við samt láta liggja í kyrrþey.

Endalok

Loftur varð nú hljóður mjög og því næst sturlaður svo að hann þoldi ekki að vera einn og kveikja varð ljós fyrir hann þegar rökkva tók. Fór hann að mæla fyrir munni sér:

– Sunnudaginn í **miðföstu** verð ég í helvíti og kvölunum.

Var honum þá ráðið að flýja til prests eins á Staðarstað. Hann var þá aldraður, var trúmaður mikill og klerkur besti. Batnaði öllum sturluðum eða þeim sem höfðu orðið fyrir gjörningum ef hann lagði hendur yfir þá. Loftur leitaði sér hælís hjá honum. Kenndi prestur í brjósti um hann og tók við honum. lét hann aldrei við sig skilja nótt né dag, úti né inni. Hresstist nú Loftur mikið en þó **varð presti aldrei ugglaustr** um hann. **Stóð** honum mesti **stuggur af** því að Loftur vildi aldrei biðjast fyrir með honum. Þó fylgdi Loftur presti þegar hann vitjaði sjúkra og freistaðra og var þá viðstaddur. Bar það þó oft við svo prestur fór aldrei svo að heiman að hann hefði ekki hempu sína, brauð og vín, **kaleik** og **patínu** með sér.

Svona leið nú þangað til laugardaginn fyrir sunnudaginn í miðföstu. Var Loftur þá sjúkur og sat prestur fyrir framan hann og hressti hann með

kristilegum samræðum. En um **dagmálabil** komu honum orð frá vini hans í sókninni að hann væri kominn að andláti og óskaði að prestur vildi þjónusta sig og búa sig undir guðrækilegt andlát. Prestur gat hvorki né vildi neita því. Leitaði hann þá til við Loft hvort hann gæti ekki fylgt sér en hann kvaðst hvergi mega hrærast fyrir verkjum og óstyrkleik. Prestur kvað honum líka duga mundi ef hann kæmi ekki undir bert loft meðan hann væri burtu. Loftur lofaði því. Blessaði prestur síðan yfir hann og **minntist við hann** og fyrir bæjardyrum féll hann á kné og baðst fyrir og gerði krossmark yfir þeim. Heyrðu menn hann þá mæla fyrir munni sér:

– Guð má vita hvort þessum manni verður bjargað og hvort ekki liggja kröftugri bænir móti honum en mínar.

Prestur fann síðan manninn er hann var sóttur til, veitti honum alla þjónustu og var viðstaddur við andlát hans. En síðan flýtti hann sér af stað og reið hart mjög sem þó var ei venja hans.

Þegar prestur var farinn hresstist Loftur brátt. Veður var hið fegursta og vildi hann því fyrir hvern



í miðföstu: fjórði sunnudagur í lönguföstu
langafasta: sjö vikna fasta fyrir páska, hefst á öskudegi
varð presti aldrei ugglaustr: var aldrei óhræddur
stóð stuggur af: óttaðist, fylltist óhug
kaleikur: bikar notaður við altarisgöngu
patína: diskur undir oblátur (líkami Krists, lífsins brauð)
dagmál: um klukkan 9 fyrir hádegi
minntist við hann: kyssti hann



Grá hönd loðin kom upp úr sjónum og tók um skutinn.

Að lestri loknum

1. Finndu Hóla í Hjaltadal á landakortinu. Kynntu þér sögu staðarins. Skráðu helstu niðurstöður í 40–50 orðum.
2. Hvað vildi Loftur láta skólapiltinn gera og hverju hótaði hann honum ef hann brygðist sér?
3. Hvers vegna vildi Loftur ná bókinni Rauðskinnu?
4. Hvers vegna gat Loftur ekki vakið upp hina seinni biskupa?
5. „Þóttist skólapilturinn vita að þar mundi kominn hinn elsti biskup.“ Hvað hét hann?

mun komast út. Karlmenn voru farnir **til vers** og ekki aðrir heima en konur og ungmenni er **ekki tjáði að letja** hann. Loftur gekk nú til annars bæjar. Þar var aldurniginn bóndi, heldur óþokkasæll, er var hættur að róa. Hvatti Loftur hann til **að hvolfa upp litlum bát** er hann átti og róa lítið út fyrir landsteina og renna færi sér til skemmtunar. lét bóndi að orðum hans. Logn hélst allan daginn en til bátsins hefur aldrei spurst síðan og þótti það undarlegt að ekki rak af honum svo mikið sem árarblað. Maður þóttist sjá það af landi að grá hönd loðin hefði komið upp þegar báturinn var kominn út fyrir landsteinana og hefði tekið um skutinn þar sem Loftur sat, og dregið svo allt saman í kaf.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



til vers: til sjóróðra, **ver:** veiðistaður, útgerðarstaður

ekki tjáði að letja: það þýddi ekki að reyna að fá hann ofan af því

að hvolfa upp litlum bát: velta honum við, á réttuna, búa til róðurs

6. Hvers vegna hringdi skólapilturinn klukkunni of snemma?
7. Staðarstaður er frægur kirkjustaður á Vesturlandi. Finndu hann á landakortinu.
8. Hvernig persóna er Loftur? Lýstu honum eins ítarlega og þú getur.
9. Skrifaðu stuttan útdrátt úr sögunni og gættu þess að öll helstu aðalatriði hennar komi fram.



4. Svarta pilsid

Sögugluggi

Kona nokkur vill ekki giftast af ótta við barneignir. Móðir hennar gefur henni þá pils sem á að koma í veg fyrir slíkt. Síðan giftist konan en bónda hennar langar að eignast börn. Vinur kemur í heimsókn og býðst til að hjálpa.

Í fyrndinni voru **roskin** og **ráðsett** efnahjón sem áttu eina dóttur barna. Var hún frið og fönguleg stúlka og urðu margir til að biðja hennar en hún hafnaði þeim öllum. Loks kom sóknarpresturinn, ungur efnismaður, og leitaði ráðahags við hana. **Voru** foreldrar stúlkunnar **ráðsins mjög fýsandi** en hún sjálf alveg ófáanleg til að gefa jáyrði sitt. Þá spurðu gömlu hjónin hana hvernig á því gæti staðið að hún hafnaði svo glæsilegu gjaforði en hún svaraði að það væri sú skelfilega þjáning að ala börn að hún mætti eigi til þess hugsa hvað sem í boði væri.

– Ráð er við því, dóttir góð, mælti gamla konan. Opnaði hún síðan fatakistu sína, dró upp svart pils og fékk það dóttur sinni. Ef þú ferð í pils þetta innst klæða, hélt hún áfram, og ferð aldrei úr því aftur, hvorki á degi né nóttu, þá mun **jóðsótt** aldrei þjá þig.



roskin: komin til ára sinna, farin að eldast

ráðsett: gætin, stillt, hæg

voru ráðsins mjög fýsandi: voru því meðmælt, leist vel á það

jóðsótt: léttasótt, fæðingarhríðir



Gamla konan dró upp svart pils og fékk dóttur sinni.

Stóð þá eigi lengur á samþykki stúlkunnar og giftist hún prestinum. Búnaðist þeim hjónum vel því að prestkonan reyndist dugleg og hagsýn og **virtist** hverjum manni vel.

Liðu svo nokkur ár að hagur prestshjónanna stóð með miklum blóma en engin börn eignuðust þau. Voru þó samfarir þeirra hinar ástúðlegustu. Prestur hafði óljósan grun um að svarta pilsíð konunnar hans væri engin happaflík og það hana bæði með góðu og illu að fara úr því. En þótt konan væri eftirlát og auðsveip manni sínum í öllu öðru var hún ófáanleg **að þægja** honum í þessu og **sat fast við sinn keip**. Tók prestur sér þetta mjög nærri en fékk eigi að gert.

Það var eitt sumar, daginn fyrir **Jónsmessu**, að æskuvinur og skólabróðir prests úr öðrum landsfjórðungi kom í heimsókn til hans. Var hann fróðleiksmaður og kunni ýmislegt fyrir sér. **Tóku** prestshjónin honum **tveim höndum** og höfðu þeir vinirnir margs að minnast og margt hvor öðrum í fréttum að segja. Meðal annars **spurði** gesturinn **að börnum prests** en hann varð daufur við og kvaðst engin eiga. Vinur hans kvað það mikið mein að svo myndarleg hjón ættu engin afkvæmi og spurði hvort hann gæti hugsað sér nokkra sennilega ástæðu til þess. Trúði prestur honum þá fyrir því að kona hans væri í svörtu pilsí næst sér jafnt á degi sem nóttu og fengist ekki með nokkru móti til að fara úr því. Þá varð vinur hans hugsí, þagði um stund og mælti síðan:

– Reynt get ég að kippa þessu í lag svo ykkur

verði báðum til góðs. Nú fer heilög Jónsmessunótt í hönd en um **lágnættið** skalt þú syngja aftansöng í kirkjunni og kona þín og ég ein manna. Skulum við þá sjá hvernig **um kann að skipast**.

Prestur féllst á þetta og um kvöldið stungu þeir upp á því við prestskonuna að hún gengi með þeim út í kirkju til aftansöngs. Hún kvaðst þess albúin og undir lágnættið gengu þau þrjú í kirkju. Fór prestur fyrir altarið en þau prestskonan og gesturinn tóku sér sæti sitt hvorum megin við það. Hófu þau svo sönginn og drógu eigi af.

Að nokkurri stundu liðinni kom lítill drengur inn eftir kirkjugólfinu, gekk að hnjam prestskonunnar, leit á hana sorgmæddum **álösunaraugum** og mælti:



virtist: geðfelld, fólki líkaði vel við hana
að þægja: gera greiða, gera eitthvað fyrir einhvern

sat fast við sinn keip: varð ekki haggað, skipti ekki um skoðun

Jónsmessa: 24. júní

taka tveim höndum: bjóða velkominn

spurði að börnum prests: spurði eftir börnum hans, hvar þau væru

lágnættið: upp úr miðnætti

um kann að skiptast: hvað kemur í ljós
álösunaraugu: ásökunaraugu



– Illa gerðir þú, móðir mín, að varna mér lífs. Ég átti að verða biskup.

Svo hvarf hann aftur fram kirkjugólfið. Prestskonunni varð afar hverft við þetta og fölnaði upp en þó hélt hún söngnum áfram. Stundu síðar kom annar drengur að hnjám hennar og mælti:

– Illa gerðir þú, móðir mín, að varna mér lífs. Ég átti að verða sýslumaður.

Svo hvarf hann aftur fram í kirkjuna. Í þetta skipti varð prestskonunni ennþá meira bilt en áður svo að hún svitnaði og skalf en **með herkjum** gat hún þó haldið söngnum áfram. En þá kom lítil stúlka að hnjám hennar og mælti bljúgri barnsröddu:

– Illa gerðir þú, móðir mín, að varna mér lífs. Ég átti að verða prestskona.

Þá stóðst prestskonan ekki mátið og hné í ómeg-

in niður úr sætinu um leið og stúlkan hvarf frá henni. Í sama bili stukku þeir að, prestur og vinur hans, sviptu af prestskonunni svarta pilsinu í einu vetfangi, báru hana sjálfa inn í bæ til rúms síns en pilsid brenndu þeir til ösku.

Eigi er þess getið að prestskonunni yrði meira um atburð þennan en orðið var en það var eins og **fargi** væri létt af prestinum og var hann vini sínum mjög þakklátur.

Svo var sem lánið léki við prestshjónin upp frá þessu. Þau eignuðust þrjú börn, hvert öðru efni-legra, tvo syni og eina dóttur. Eldri sonur þeirra varð síðar biskup, yngri sonurinn sýslumaður og dóttirin prestskona.

Þjóðsagnasafnið Gríma

Að lestri loknum

1. Hvers vegna vildi stúlkan ekki giftast?
2. Hver var náttúra svarta pilsins?
3. „Um kann að skipast.“ Hvað þýðir þetta?
4. Hvað þýðir að taka tveim höndum?
5. Hvað þýðir að hníga í ómegin?
6. Er hægt að skýra það sem gerðist við aftansönginn?
Er eitthvað sem bendir til þess að vinur prestsins hafi verið göldróttur?
7. Endursegðu með eigin orðum efni sögunnar.



með herkjum: með
erfiðismunum

fargi: þung byrði

5. Gandreið

Sögugluggi

Kerling fer hverja nýársnótt að hitta vinkonu sína. Til ferðarinnar notar hún óvenjulegan reiðskjóta. Henni hefnist að lokum fyrir tiltækið.

Það var einu sinni kerling vestur á landshorni sem hvarf úr rúminu frá bónda sínum á hverri nýársnótt og á nýársmorgun var vinnumaður þeirra alltaf dauður í rúmi sínu. Sú var orsökina að kerling átti vinkonu austur á landshorni og fór að finna hana og reið manninum við **gandreiðarbeisli** og sprengdi hann. Þetta lagðist í vana og fór svo að enginn vildi vera þar vinnumaður. Um síðir fékkst einn til þess sem þótti vera **margkunnugur**. Hann var þar í góðu yfirlæti fram að nýári.

Á nýársnótt vakir hann í rúmi sínu og veit hann ekki fyrir til en kerling kemur og leggur á hann beisli og bregður honum í hestlíki og ríður af stað og var ekki lengi á leiðinni þar til hún kom austur á landshorn að bæ vinkonu sinnar. Þar batt hún hestinn við dyrastaf og fór inn og var lengi inni. Á meðan gat hann nuddað fram af sér beislið og stóð við **kampinn** og hélt á beislinu. Loksins kom kerling út og þegar hún gekk fram göngin heyrði hann hana segja:

– Vertu nú sæl, vina mín, og hún gjörði ráð fyrir að finna hana oftari, en í því hún rak út höfuðið setti

maðurinn beislið upp á hana og varð hún þegar að hrossi. Hann fer á bak og af stað. Segir ekki af ferð hans fyrr en hann kom vestur í Fljótshlíð. Þar kemur hann að bæ og fer af baki, vekur upp bónda og biður hann að gera bón sína.

– Það er svo ástatt, segir hann, að ég er búinn að **ríða undan merinni** minni svo hún er járnalaus á öllum fótum. Verð ég að biðja þig að hjálpa mér um blöð undir hana því ég á langa leið fyrir hendi.



gandreiðarbeisli: beisli til galdrareiðar

margkunnugur: göldróttur

kampur: veggurinn við dyrnar

að ríða undan merinni: missa skeifurnar undan henni





Kerling lá með háhljóðum og voru skeifur negldar í hendur og fætur.

Bóndi fer á fætur og finnur skeifur undir merina og járna þeir hana. Segir komumaður að óhætt sé að láta hafa nóg (negla ekki tæpt í hófinn) því merin sé nógu hófastór. Þegar þetta var búið kvaddi maðurinn bónda og fór heim vestur. Hann sleppti kerlingu í rúm sitt og tók af henni beislið og hafði það síðan. Hann lagðist í rúm sitt og var heill en þó eftir sig. En bóndi vaknaði um morguninn við það að kerling lá með háhljóðum fyrir ofan hann og voru skeifur negldar í hendur hennar og fætur. Varð að skera út úr öllum þeim götum og varð kerling aldrei jafngóð eftir og aldrei fékk hún beislið aftur svo hún gat ekki fundið vinu sína framar.


Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Að lestri loknum

1. Hvaða erindi átti kerling austur á land á nýársnótt?
2. Hvar er Fljótshlíð? Finndu hana á landakortinu.
3. Hvað var gandreid og gandreidarbeisli? Leitaðu upplýsinga og skráðu helstu niðurstöður.
4. Finndu fleiri þjóðsögur þar sem gandreid kemur við sögu.
5. Hvernig járna menn hesta? Kynntu þér það og skráðu nákvæma lýsingu á því.
6. Lýstu eins nákvæmlega og þú getur vinnumanninum sem fann lausn á vandamálinu.
7. Hver urðu örlög konunnar?



Tröll



Í ljósaskiptunum taka íslensku fjöllin á sig ýmsar myndir og þegar dimmir geta þau stundum farið að líkjast risavöxnum tröllum. Á fyrri öldum, þegar menn höfðu lítið ljós annað en dagsbirtu og tungl, fóru oft ýmsar kynjamyndir á kreik í rökkrinu. Trúin á tröll er ævafor og lýsa sögurnar því hvernig tröllin reyndu að seiða menn til sín eða brugðu sér í mannlíki og réðu sig í vinnu á bæjunum.

Stundum launuðu tröllin fyrir sig þegar þeim var gert gott. Þannig er einmitt fyrsta sagan í tröllaflokknum hér á eftir. Það eru ekki til margar sögur um ófrískar skessur en skessan í sögunni er einmitt þannig á sig komin. Hún binst ævilangri tryggð við skólapilt sem hjálpar henni í veikindum sínum. Sagan um Jón og tröllskessuna fjallar líka um tryggð þótt ólík sé. Skessa tekur ástfóstri við ungling sem gerir börnum hennar gott. Sá vinskapur endist meðan bæði lifa. Sagan um Þorstein tól er reyndar líka um óléttu skessu. Þar segir hins vegar frá því sem getur gerst ef menn hæðast að veikum tröllum. Gissur á Botnum er svo um mann sem á fótum fjör að launa undan skessu einni sem ætlar að sjóða hann í potti sínum.

6. Átján skólabræður

Sögugluggi

Skólapiltur hjálpar ófrískri skessu á Skeiðarársandi.
Hún launar honum greiðann síðar.

Eitt sinn voru átján skólapiltar á ferð yfir Skeiðarársand. Bar svo til að einn þeirra varð eftir af hinum að gera við hjá sér á hestinum en hinir **lagsmenn** hans riðu á undan. Þeir sjá þar þá einhverja mannslíkan skríða um sandinn á fjórum fótum. Sjá þeir að þetta er skessa. Hún skríður nú til þeirra og biður þá að hjálpa sér suður yfir ána. En þeir hlæja að henni og yfirgáfu hana þar og fóru leið sína.

Nú kemur sá sem eftir varð af hinum. Hann hét Þórarinn og biður hún hann að hjálpa sér yfir ána. Hann kvað það velkomið ef hún treysti sér að komast á bak hestinum og ef hann gæti borið þau. Hún kvað hestinn bera þau og líka sagðist hún mundi komast á bak hestinum fyrir aftan Þórarin og flytjast þau þannig yfir ána. Og sem þau komu á land spyr hann hvert hún vilji halda. Hún segist ætla að halda inn með ánni:

– Og mun ég nú komast héðan til byggða minna og vildi ég einhvern tíma geta launað þér þessa greiðvikni sem þú hefur auðsýnt mér. En það kann ég þér að segja að vetur þessi verður hinn harðasti. Og **nær** sem þú kemur í Skálholt skaltu teyma hesta þína í brekkuna fyrir ofan staðinn. Skal ég þá hirða

þá, það eftir er til vordaga og máttu, þegar þú ferð af stað úr skóla, vitja þeirra á sama stað sem þú skildir við þá. Hann þakkar henni fyrir þetta og síðan skilja þau með kærleikum.

Ríður hann nú lengi eftir félögum sínum uns hann nær þeim. Hlæja þeir mjög að honum og segja hann hafi lengi dvalið hjá fallegu stúlkunni á Skeiðarársandi en Þórarinn lét sem hann heyrði það ekki. En sem þeir komu í Skálholt fer hann með hesta sína eins og fyrir hann var lagt.

Leið svo fram að þorra um veturinn. Voru þá hestar allra skólapilta **gerfallnir** því að vetur var mjög harður. En um vorið þá er skólapiltar voru ferðbúnir gengur Þórarinn þangað sem hann skildi við hesta sína og standa þeir þar bundnir á streng og eru þeir feitari en um haustið. Verða nú lagsmenn hans forviða og spyrja hver hafi fóðrað hesta hans en hann gefur þeim ekkert svar upp á það. En svo fór að þeir máttu allir kaupa sér hesta til ferðarinnar nema Þórarinn.

Mörgum árum seinna þegar Þórarinn var orðinn prestur var hann eitt sinn í kynnisferð og reið yfir Kjalveg snemma vors með einum unglingsdrengr.





lagsmenn: kunningjar, félagar

nær: þegar

gerfallnir: fallnir úr hor

Hún skreið til þeirra og bað um hjálþ.

Gerði þá að þeim ófæra hrið svo þeir fóru afvega og **bárust** loks **fyrir** undir stórum steini og hugðu að þeir mundu láta þar lífið.

Heyra þeir þá að þrammað er að steininum og sjá þeir þar koma ófrýnilega skessu. Hún biður þá með sér koma en prestur þorði það varla og fór þó af stað með henni. En þar kom að drenginn þraut að ganga. Stakk hún honum þá í **stytta** sína að aftanverðu. Og sem þau höfðu farið um stund þraut prest líka göngu. Tók þá skessan hann og lét hann koma í styttuna að framanverðu. Þrammar hún svo lengi uns hún sprettir þeim úr styttunni í einum hellisdýrum. Er þar fyrir ung stúlka og veita þær þeim góða sæng og **beina** um nóttina.

En um morguninn spyr skessa prest hvort hann þekki sig ekki. Hann kvað nei við. Segir hún honum þá að þetta sé dóttir sín og hún hafi þá verið ólétt með **léttasóttinni** að henni þegar þau fundust á sandinum. Situr prestur nú þarna hjá henni í hálfan mánuð og fylgir hún honum síðan aftur á rétta leið. Prestur spyr hvað hún vilji að launum hjá sér fyrir alla hjálpina. Hún bað hann að gefa sér einu sinni að éta. Skilja þau síðan með kærleik miklum. En um haustið lét prestur drenginn reka tuttugu sauði gamla og uxa átta vetra gamlan til skessunnar. Er mælt hún hafi sent presti aftur ýmsa góðgripi og hélst vinfengi þeirra alla ævi síðan.

Þjóðsögur og munnmæli Jóns Þorkelssonar



bárust fyrir: létu fyrir berast, áðu, dvöldu um stundarsakir

stytta: sítt pils sem bundið hefur verið upp og utan um mitti með snæri

beini: gestrisni, veitingar

léttasótt: byrjun fæðingarhriða, jóðsótt

Að lestri loknum

1. Finndu Skeiðarársand á landakortinu. Skráðu staðsetningu hans.
2. Finndu Skálholt á kortinu. Leitaðu upplýsinga um sögu staðarins og skráðu helstu niðurstöður.
3. Rifjaðu upp gömlu mánaðaheitin. Skráðu þau í réttri röð. Hvaða mánuðir tilheyrðu hverri árstíð? Hvenær hófst þorrinn á vetri?
4. Milli hvaða jökla liggur Kjalvegur?
5. Drenginn þraut að ganga. Hvað merkja þessi orð?
6. Hvernig launaði skessan skólapiltinum hjálpina?
7. Seinna þegar skólapiltur var orðinn prestur launaði hann henni aftur. Hvernig?
8. Gerðu nákvæma grein fyrir þeim tíma sem þessi saga gerist á.



7. Jón og tröllskessan

Sögugluggi

Piltur að norðan fer suður til sjós. Á leiðinni kynnist hann skessu og hjálpar börnum hennar. Skessan launar honum ríkulega og verða þau samskipti báðum til góðs.

Einu sinni var bóndi fyrir norðan sem hafði þann sið að róa á haustin og veturna suður í Vestmannaeyjum. Bóndi átti son uppkominn þegar hér var komið sögunni. Pilturinn hét Jón og var hinn efnilegasti maður. Einu sinni lét bóndi Jón fara með sér til að róa í Eyjunum. Fóru þeir sem leiðir lágu og segir ekki af ferðum þeirra né útróðri. En haustið eftir lætur bóndi Jón einsamlan fara suður í verið því sjálfur var hann þá aldraður orðinn og treysti sér ekki til að róa frammar. En áður Jón lagði af stað heiman að biður faðir hans hann að muna sig um að á ekki undir hömrum nokkrum sem séu í hlíð þeirri hinni löngu sem vegurinn liggir undir. Lagði hann mjög ríkt á um þetta við hann svo Jón lofaði að **æja** þar ekki hvað sem á gengi eða hvernig sem veður yrði. Síðan fer Jón. Hann hafði tvo hesta undir **reiðingi** og hinn þriðja til reiðar. Átti hann að koma þeim fyrir um veturinn í Landeyjunum eins og faðir hans hafði verið vanur að gjöra.

Segir nú ekki af ferðum Jóns nema honum gengur vel. Kemur hann undir fjallshlíðina sem til stóð og fer með henni lengi. Þá var á liðið dag. Ætlaði Jón að keppast við að komast fram hjá hlíðinni eins

og faðir hans hafði beðið hann um. En í því hann kemur í nánd við klettana sem faðir hans hafði talað um gerir á hann fjarskalegt óveður með stormi og regni. Er hann þá kominn að háum klettum. Sér hann þar hinn allra fallegasta áfangastað í brekku undir klettunum. Er þar nóg um gras og skjól. Jón fer þá að hugsa sig um hvað gera skuli. Líst honum hér vel á og skilur ekki í hvað að því geti verið að æja þar. Og svo fer að hann **ræður það af**. Sprettir hann af hestunum og heftir þá. Sér hann nú hellisop uppi í klettunum skammt frá sér. Ber hann þangað dót sitt allt og lætur það öðrum megin út undir í hellinn skammt innar frá dyrunum; býr síðan um sig í farangrinum og fer að borða. Dimmt var í hellinum. En þegar Jón var farinn að borða heyrir hann eitthvert ýlfur innar langt í hellinum. Honum varð hálfhverft við það en herðir þó upp hugann. Tekur hann stóreflis fisk af nesti sínu, rífur af honum allt



á, æja: nema staðar, hvíla hesta
reiðingur: dýnur eða torfur undir klyfbera á áburðarhesti
ræður það af: ákveður



Skessa kom í hellismunnann.

roðið í einu lagi, **drepur** síðan smjöri vel þykkt á allan fiskinn og leggur roðið ofan yfir það. Að því búnu kastar hann fiskinum svo langt sem hann gat innar eftir hellinum og segir að þeir skuli vara sig sem fyrir séu á því sem hann sendi en þeir megi hirða það og eiga ef þeir vilji. Heyrir nú Jón bráðum að ýlfrið þagnar en einhver fer að rífa fiskinn.

Skessan kemur heim

Þegar Jón hafði matast leggst hann fyrir og ætlar nú að fara að sofa. Heyrir hann þá úti fyrir hellinum að skráfar í grjótinu og að einhver kemur heldur en ekki þungstígur að hellismunnanum. Sér hann brátt að það er skessa ein stór og mikil og er sem hún glói

öll utan í myrkrinu. Þótti Jóni nóg um sjón þessa. En í því skessan kemur inn í hellisdýrnar segir hún:

– Mannabefur í helli mínum. Síðan skálmur hún innar eftir hellinum og fleygir niður byrði sinni á gólfið. Varð þá dynkur mikill svo hellirinn nötraði við. Þá heyrir Jón að kerling fer að tala við einhvern innar. Heyrir hann þá að hún segir:

– Betur gjört en ekki og er illt ef það skal ólaunað. Sér hann þá hvar skessan kemur fram með ljós í hendi. Hún heilsar Jóni með nafni, þakkar honum fyrir börnin sín og biður hann að koma með sér inn í hellinn. Það þiggur hann en kerling krækti litlu fingrunum undir **silana** á böggum hans og heldur svo á þeim með sér. Þegar inn eftir kemur sér Jón þar tvö rúm og eru tvö börn í öðru. Voru það börn skessunnar sem hann hafði heyrt til og sem höfðu étið fiskinn. En á gólfinu lá silungshrúga sem kerling hafði veitt um kvöldið og borið heim á bakinu og af því sýndist hún öll glóandi utan í myrkrinu. Kerling spyr nú Jón hvort hann vilji heldur sofa í sínu rúmi eða í rúmi barna sinna. Hann vildi heldur sofa í rúmi barnanna. Tekur þá skessan börnin sín og býr um þau á gólfinu en lætur öll ný föt í rúmið og býr um hann vel. Fer þá Jón að sofa og vaknar við það að kerling kemur með heitan silung handa honum að borða.

Hann þiggur silunginn en á meðan hann er að borða var kerling alltaf að tala við hann og var hin glaðasta. Hún spyr hann hvar hann ætli að róa. Hann segir henni það. Hún spyr hvort hann sé ráðinn hjá nokkrum. Jón segir það ekki vera. Segir





Jón þáði silunginn.

Þá kerling honum að nú séu allir búnir að fullráða hjá sér í Eyjunum svo enginn geti þar bætt á sig manni og hann muni hvergi fá inni nema hjá einum uppgefnum karli sem nú fái aldrei orðið bein úr sjó og ekki hafi nema hálfónýtan bát og ónýta stráka á, því hann fái engan almennilegan mann orðið.

– Ræð ég þér til, segir hún, **að fala skiprúm** hjá karli þessum og mun hann teljast undan að taka þig, en þú skalt ekki hætta fyrr en hann gerir það. Ég get nú ekki borgað þér fyrir börnin mín sem skyldi, sagði skessan, en þó eru hér tveir önglar sem ég ætla að gefa þér. Skaltu sjálfur hafa annan en karlinn skal hafa hinn. Þið skulið ævinlega renna tveir einir: því ég vona að önglarnir reynist heldur fisknir. Þið skulið **alténd** róa seinastir af öllum og sjá um að koma ævinlega fyrstir að á kvöldin. Aldrei skuluð þið róa lengra en að kletti þeim sem er rétt fyrir utan **vörina**. Og skessan hélt áfram:

– Þegar þú kemur nú í Landeyjasand



drepur, drepa (hér): smyrja

sili: lykkja milli hagldanna á reipi sem baggin var hengdur á

að fala skiprúm: að sækja um vinnu á bátnum

alténd: hvað sem öðru líður, að minnsta kosti

vörin: lendingarstaðurinn

þá verða seinustu Eyjaskipin ferðbúin. Þú skalt fá þér far með þeim út í Eyjarnar og binda hesta þína á streng í fjörunni og biðja engan fyrir þá né skipta þér af þeim framar. Ég skal reyna að sjá eitthvað fyrir þeim í vetur. En ef svo ólíklega fer að þú fískar bærilega í vetur þá þætti mér vænt um að ég mætti láta hest frá mér fylgja hestunum þínum undir fisk því mér þykir svo gott að smakka **harðæti**. Jón leyfði henni þetta og lofaði að fara í öllu að ráðum kerlingar.

Jón fer á sjóinn

Um morguninn í bítíð leggur Jón á stað úr hellinum og skilja þau kerling með blíðu. Segir ekki af ferðum Jóns fyrr en hann kemur í Landeyjasand. Liggja þar þá seinustu Eyjaskipin ferðbúin til útferðar. Sprettir þá Jón af hestum sínum í snatri og bindur þá á streng í sandinum án þess að biðja nokkurn mann fyrir þá. Gerðu hinir mesta grín að Jóni fyrir þetta og sögðu að þeir yrðu líklega í bærilegu standi í vertíðarlokin, klárarnir þeir arna. Jón skipti sér ekkert af gamni þeirra heldur lét eins og hann heyrði það ekki. Fór hann svo með þeim út í Eyjarnar. Þegar þangað kom fór hann að fala sér skiprúm en fékk hvergi því alls staðar var **fullásett**.

Loksins kemur hann til karlsins sem kerlingin hafði vísað honum á. Hann biður hann að taka sig. Karl tekur því seinlega og segist ekki vilja gjöra svo efnilegum manni slíkan skaða.

– Ég fæ aldrei bein úr sjó orðið, segir karlinn, og hef ekki nema ónýta stráka á ónýtu bátkrói. Ég

get ekki róíð nema í besta og blíðasta veðri og er það ekki líflegt fyrir efnilegan mann að binda sig við ónytjungsskapinn í mér. Jón segir að það verði að vera sinn skaði og **sarga** við karlinn þangað til hann tekur hann. Flytur Jón sig nú til hans og þótti mönnum ekki hafa vel tekist að ráða sig og gjörðu mjög **gys** að honum.

Nú kom vertíðin. Einn morguninn vakna þeir Jón við að allir eru rónir í Eyjunum og er þá blíðasta og besta veður og blæjalogn um allt. Þá segir karlinn:

– Ekki veit ég hvort ég á að fara að reyna að fara á flot eins og aðrir. Ég held það komi ekki mikið út úr því. Jón segir að óhætt sé að reyna það. Síðan skinnklæðast þeir og fara frá landi. En þegar þeir eru aðeins komnir út úr vörinni þykist Jón þekkja klettinn sem skessan hafði talað um. Hann spyr þá karlinn hvort það sé ekki ráð að leita hér. Karlinn varð hissa og sagði að það næði engri átt. Jón biður hann að leyfa sér að renna hér einu sinni til gamans. Karl lætur það þá svo vera. En óðar en Jón hafði rennt færinu dró hann fisk. Fékk hann þá karlinum hinn öngulinn, tröllkonunaut.



harðæti: hörð fæða (harðfiskur, brauðskorpur o.s.frv.)

fullásett: fullráðið, búið að ráða þá menn sem þurfti

sarga: nudda, nöldra

gys: grín





Aldrei skyldu þeir róa lengra en að kletti rétt fyrir utan vörina.

Er þar nú fljótt að segja að þeir þríhlóðu þarna um daginn af allra vænsta fiski. Reru síðan í land löngu á undan öllum og voru langt komnir að gera að þegar hinir komu. Urðu nú allir hissa á þessum mikla afla. Spurðu þeir karlinn hvar hann hefði fiskað svona og sagði hann þeim eins og var. Daginn eftir reru Eyjamenn snemma og leituðu við klettinn en urðu þar ekki lífs varir. Fóru þeir þá sína leið. Þá reru þeir Jón og fór allt á sömu leið fyrir þeim og daginn áður. Þarf ekki að orðlengja það að þeir Jón reru alltaf að klettinum um veturinn. Voru þeir langhæstir allra í Eyjunum. Daginn fyrir lokadaginn reru þeir Jón

seinast. En þá bar svo við að einu sinni þegar þeir drógu upp færin voru báðir önglarnir horfnir og sáu þeir ekki betur en að þeir hefðu verið leystir af. Fengust þeir ekki um það og héldu að landi.

Nú er að segja frá því að Jón fer með skreið sína í land og fær flutning á sama skipi og hann fór á út um haustið. Voru þá skipverjar að hæðast að því á leiðinni hvað hestarnir hans mundu verða vel aldir. Þeir yrðu ekki í vandræðum með að halda á skreiðinni hans norður. Þegar að landi kom sáu þeir hesta Jóns. Stóðu þeir í sandinum, bundnir á streng, öldungis eins og þegar Jón skildi við þá. Var nú flestum forvitni á að skoða klárana.

En þeim brá heldur en ekki í brún því hestarnir voru sílspikaðir eins og þeir hefðu verið aldir á heyi allan veturinn. Auk hesta Jóns var þar einn hestur með reiðingi, brúnn á lit, allra mesti stólpagripur. Lagsmenn Jóns urðu nú hálfhræddir við hann. Þeir töldu víst að hann væri allra mesti galdramaður þar sem hann hafði fiskað svo vel og hestarnir hans voru svona vel aldir en enginn vissi til að neinn hefði hirt þá. Jón bindur nú skreið á hestana og lagði eins mikið á þann brúna einan og báða sína. Að því búnu fer hann leið sína einsamall norður. Segir ekki af ferðum hans fyrr en hann kemur í hellinn til skessunnar. Fagnaði hún honum

vel og dvaldi hann þar hjá henni nokkrar nætur. Gaf hann henni bagga sína af brúna klárnum.

Bón skessunnar

Spjölluðu þau nú margt saman, Jón og tröllskessan. Sagði hún honum að um veturinn hefðu börnin sín dáið og hefði hún **dysjað** þau undir hamrinum hjá karlinum sínum sem hún hafði áður misst og dysjað þar í urðinni. Hún sagðist hafa leyst af hjá þeim önglana í seinasta róðrinum um leið og hún hefði komið með hestana. Spurði kerling hvort Jón hefði frétt nokkuð heiman frá sér en hann sagði það ekki vera. Hún sagðist þá geta frætt hann um það að faðir hans hefði dáið um veturinn og þar eð hann væri einbirni ætti hann nú að taka við búinu eftir hann. Mundi hann setjast í búíð og eignast konu um sumarið og verða hinn mesti gæfumaður. Sagðist hún nú að lokum ætla að biðja hann einnar bónar. Jón spurði hvað það væri. Þá segir kerling:

– Ég á nú ekki langt eftir og ætla ég að biðja þig að koma hingað eins fljótt og þú getur ef þig dreymir mig. Því ég ætla að biðja þig að dysja mig hjá karlinum mínum og börnum okkar. Síðan sýndi hún honum hvar þau væru dysjuð. Þar á eftir lauk hún upp afhelli einum og voru þar inni tvær kistur stórar, fullar með alls konar gull og gersemar. Sagði hún að kistur þessar ætti hann að eiga eftir sig og brúna klárinn með.

– Ég verð búin að leggja á þann brúna og hlaða undir svo þú þurfir ekki annað en teyma hann á



Beið hann þar á meðan hún gaf upp öndina.

milli þeirra og krækja silunum upp á **klakkana**. Síðan skildu þau Jón og skessan með kærleikum. Segir ekki af ferð Jóns en vel gekk honum norður. Var þar eins ástatt og kerling hafði sagt og allt fór á



þá leið sem hún hafði talað. Settist Jón í búið eftir föður sinn og tók þar við öllum arfi. Snemma um sumarið kvæntist hann bóndadóttur þar í sveitinni.

Leið svo fram á engjaslátt að ekki bar neitt til tíðinda. Eina nótt dreymir Jón þá skessuna. Minntist hann þá bónar hennar og rís upp þegar í stað. Var þá myrkt af nótt og allra mesta stórvíðri og rigning úti. Jón biður vinnumann sinn að bregðast fljótt við og ná í reiðhesta sína tvo. Vinnumaðurinn gerir það. Býst Jón í snatri. Kona hans spurði hvert hann ætlaði að fara svona svíplega burtu um nótt og í slíku illviðri. Hann vildi ekkert um það segja en bað hana að undrast ekki um sig þó hann yrði nokkra daga í burtu.

Síðan fer Jón og ríður sem hann má. Gekk honum vel og kemur að hellinum. Er þá skessan úti og getur aðeins talað nokkur orð við Jón. Beið hann þar á meðan hún gaf upp öndina og dysjaði hana síðan þar sem hún hafði til tekið. Síðan tók hann brúna klárinn og var hann með reiðingi. Kisturnar stóðu úti og voru lyklarnir í. Teymdi Jón þá hestinn milli þeirra og smeygði silunum á klakkana. Síðan fór hann á stað með allt saman. Gekk honum vel

norður. Settist Jón nú að búi sínu og var þá stórríkur orðinn. Þjó hann lengi og vel á föðurleifð sinni. Varð hann hinn mesti lánsmaður og vel metinn af öllum. Og ekki kann ég þessa sögu lengri.

Þjóðsögur Jóns Arnasonar

Að lestri loknum

1. Eyjarnar í sögunni eru Vestmannaeyjar. Finndu þær á kortinu. Finndu líka Landeyjasand.
2. Af hverju ákvað Jón að gista undir hömrinum sem pabbi hans hafði varað hann við?
3. Hvers vegna var skessan svona góð við Jón?
4. Hvað var sérstakt við önglana sem skessan gaf Jóni?
5. Hvað varð um önglana í lok vertíðarinnar?
6. Hvers vegna urðu vertíðarmenn hræddir við Jón?
7. Hver var síðasta bón skessunnar?
8. Hvernig maður var Jón? Lýstu honum og nefndu dæmi úr sögunni til að styðja mál þitt.
9. Hvað gerist sagan á löngum tíma?
10. Finndu nokkur einkenni þjóðsagna í þessari sögu og gerðu grein fyrir þeim.



dysja: grafa án viðhafnar, utan garðs,
(**dys:** gröf hulin grjóthrúgu)

klakkur: standur á **klyfbera** sem
bagginn var hengdur á

klyfberi: grind úr tré til að hengja
bagga á áburðarhest

8. Þorsteinn tól

Sögugluggi

Maður gerir grín að veikindum skessu einnar og hefnist grimmilega fyrir.

Fyrir fáum árum hefur maður lifað í Örafum og þeim sveitum Þorsteinn að nafni, almennt kallaður Þorsteinn tól. Hann kvað hafa verið smiður, gáfumaður og skáldmæltur en fótur hans annar mjög krepptur svo hann var sem krypplingur að því leyti.

Á fyrri árum Þorsteins er mælt að hann hafi farið um hausttíma í sauðaleit með öðrum mönnum úr Suðursveitinni. Gengu þeir inn með Jökulsá á Breiðamerkursandi og þar um jökulinn og er þeir hafa litla stund gengið sjá þeir mannsspor afar stór sem þar liggja fram undan þeim með **blóðdrefjum** í.

Þorsteinn sem var gleðimaður og frískur vel fer að hlæja að sporum þessum og reyna til að glenna sig í þau hvað honum veitti mjög erfitt. Gengur hann svo með þessari aðferð tímakorn eftir förunum og **gerir** mikið **narr** að þeim en félögum hans þykir þessi aðferð óþarfleg. Svo leið dagur að kvöldi og þeir félagar allir héldu heim aftur. En um nóttina þá Þorsteinn er sofnaður þykir honum stórvaxin kona koma til sín og mæla á þessa leið:

– Illa gjörðir þú Þorsteinn í gær að glenna þig í spor **jóðsjúkrar** skessu og mikið kapp lagðir þú á **að flimta** sem mest um það allt er þér bar

fyrir augu í gær ásamt félögum þínum en þess **læt ég um mælt** fyrir þér að áður næsti dagur er að kvöldi munu önnur eins **lýti** á þig komin sem á spor mín í gærðag.

Síðan hvarf hún en um morguninn er hann vaknaði hafði hann lítið viðþol í fótunum, lá svo lengi og kreppti síðan eins og fyrr er frá sagt og bar **kröm** sína hraustlega til dauðadags.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



blóðdrefjar: blóðblettir, blóðslóð

gera narr: gera grín

jóðsjúk: sjúk vegna barnsburðar, með létta-sótt

að flimta: grínast, hafa í flimtingum

læt ég um mælt: legg ég á þig

lýti: galli, ljótleiki

kröm: langvinnur, þjakandi sjúkdómur, eymd



Áð lestri loknum

1. Finndu Örafi og Suðursveit á landakortinu.
2. Finndu Jökulsá á Breiðamerkursandi og Jökulsárlón. Hvað er sérstakt við lónið? Hvers vegna ætli það sé einn vinsælasti ferðamannastaður landsins?
3. Lýstu Þorsteini og nefndu dæmi úr sögunni til að styðja mál þitt.
4. Hvers vegna reiddist skessan Þorsteini svo mjög? Endursegðu það sem hún sagði við hann í draumnum.

Þorsteinn reyndi til að glenna sig í sporin en reyndist það mjög erfitt.



9. Gissur á Botnum

Sögugluggi

Maður nokkur fer á fjöll til veiða og er eltur af tröllkonu sem ætlar að stinga honum í pott sinn. Eltingaleikurinn verður langur og strangur fyrir manninn en einnig skessuna.

Í fyrndinni bjuggu tröllkonur tvær, önnur í Bjólfelli en hin í Búrfelli. Þær voru systur og **féll vel á með þeim**. Fór því tröllkonan úr Búrfelli oft að hitta systur sína austur yfir Þjórsá og Rangá, austur í Bjólfell og eins má ætla að systir hennar úr Bjólfelli hafi gert þótt þess sé ekki getið.

Í Landsveit er bær einn heldur framarlega er Botnar heita eða þó heldur almennt nefndur Lækjarbotnar. Þar bjó í þann tíma er þessi saga gerðist bóndi sá er Gissur hét. Einhvern tíma hafði hann farið um sumar inn á **afrétti** til veiða og hafði hest í togi. Þegar hann þóttist hafa aflað nóg upp á hestinn tekur hann sig upp að innan og heldur heimleiðis. Ekki segir neitt af ferðum hans fyrr en hann kemur fram á Kjallakatungur gegnt Tröllkonuhlaupi. Heyrir hann þá kallað var í Búrfelli með ógurlegri rödd:

– Systir, ljáðu mér pott.

Er þá gegnt aftur jafnógurlega austur í Bjólfelli og sagt:

– Það er ekki gott.

Hvað vilt þú með hann?

Þá segir tröllkonan í Búrfelli:

– Sjóða í honum mann.

Þá spyr hin í Bjólfelli:

– Hver er hann?

Hin svarar:

– Gissur á Botnum,

Gissur á Lækjarbotnum.

Í því verður Gissuri bónda litið upp í Búrfell og sér hann þá að tröllkonan ryðst ofan eftir hliðinni og stefnir beint ofan að Tröllkonuhlaupi. Þykist hann þá sjá að hún muni ætla að gjöra alvöru úr hjali sínu og ekki muni seinna vænna **fjöri** að forða. Sleppir þá Gissur taumnum á klyfjahestinum en **slær upp á** þann er hann reið er var afbragðs léttleikaskepna. Gissur gjörir hvorki að líta aftur né lina á hestinum og reið allt hvað hann mátti komast. En það þykist hann þó skilja að saman muni draga með sér og tröllkonunni því æ heyrði hann betur og betur andköf hennar á hlaupinu. Hann heldur beinustu leið





fram þvert Land og tröllkonan á eftir.

En það vildi Gissuri til að Klofa-
menn sáu heiman að frá sér ferð
hans og tröllkonunnar er þau komu
á Merkurheiði. Brugðu þeir þá skjótt
við því þau bar brátt að og hringdu
öllum kirkjuklukkunum í Klofa er
Gissur slapp inn fyrir túngarðinn.
Þegar tröllkonan missti af Gissuri
kastaði hún exi sinni eftir honum svo
að þegar hann kom heim á hlað féll
hesturinn dauður niður undir hon-
um en öxin var sokkin upp að **auga** í
lend hestsins.



féll vel á með þeim: fór vel á
með þeim, kom vel saman

afréttur: sameiginlegt
heiðaland til sumarhaga
handa búfé

fjör: líf

slær upp á: slær í

auga (á exi): gat fyrir skaftið

*Æ heyrði hann betur andköf hennar
á hlaupinu.*

Þakkaði þá Gissur guði fagurlega lausn sína. En það er frá tröllkonunni að segja að henni varð svo bilt við er hún heyrði klukknahljóðið að hún ærðist og tók aftur á rás af öllum mætti. Sáu menn til ferða hennar af ýmsum bæjum á Landinu og stefndi hún miklu austar en til áttaha sinna því hún hélt skáhallt austur og upp, að sjá á Tröllkonugil, og þar fannst hún sprungin fáum dögum síðar. Dregur gilið af því nafn og heitir síðan Tröllkonugil.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar, nokkuð stytta

Að lestri loknum

1. Finndu Bjölfell og Búrfell á landakortinu. Einnig Þjórsá og Rangá. Leitaðu á Suðurlandi. Finndu líka Landsveit eða Land.
2. Endursegðu með þínum orðum það sem fór á milli skessanna í Búrfelli og Bjölfelli.
3. Hvað varð Gissuri til bjargar?
4. Tröllkonan fannst sprungin. Hvað er átt við?



Kímní- og ýkjúsögur



Í þessum flokki eru hreinar skemmtisögur. Í þeim er gert botnlaust grín að heimsku manna. Þó má finna nokkurn boðskap í sumum ýkjúsögum eins og oft er um þjóðsögur og ævintýri. Reyndar eru Bakkabræður svo heimskir að þeim er varla við bjargandi. Í sögunum af þeim rekur hvert axarskaftið annað og stundum er eins og þeir viti hvorki í þennan heim né annan.

Fyrst er sagan þar sem faðir Bakkabræðra kallar kútinn. Einnig er sagt frá því þegar ókunnugur maður eltir þá bræður í tunglsljósi, ekkjan gefur þeim í guðsfriði, þeir fara í viðarmó og loks er sagt frá endalokum Bakkabræðra. Skyldu bátar mínir róa í dag er saga af fátækum karli sem fer milli landshluta þangað sem enginn þekkir hann. Þar villir hann óvart á sér heimildir, er tekinn fyrir ríkan mann og það hefur óvæntar afleiðingar. Í sögunni Hver rífur svo langan fisk úr roði má sjá að níska borgar sig ekki alltaf og getur jafnvel verið hættuleg. Þegiðu, hún móðir mín gaf mér hann er fyndin lítil saga af manni sem fer að biðja sér konu og hefur með sér aukabita að narta í. Loks er svo sagan um Gípu sem er hrein ýkjúsaga, full af fáránleika og endurtekningum. Hún er sömu ættar og sagan um Fóu feykirófu.

10. Bakkabráður

Sögugluggi

Hér segir af þeim bræðrum Gísla, Eiríki og Helga. Þeir eru í róðri með föður sínum, einnig lenda þeir í vandræðum með mann sem eltir þá á röndum; þá fara þeir að greiða landskuldir og loks í viðarmó. Allar eru sögurnar með miklum ólíkindum.

Á bæ þeim sem á Bakka heitir í Svarfaðardal bjó bóndi einn fyrir löngu. Hann átti þrjá sonu: Gísla, Eirík og Helga; voru þeir orðlagðir fyrir heimsku og heimskupör þeirra mjög í frásögun færð þó fæst þeirra verði hér talin.

Einu sinni þegar þeir bræður voru vel **á legg komnir** reru þeir á sjó með föður sínum til fiski-dráttar. Varð þá karli svo snögglega illt að hann lagðist fyrir. Þeir höfðu haft með sér **blöndukút** á sjóinn og kallaði karl til sona sinna þegar stund var liðin og það þá um kútinn.

Þá segir einn þeirra:

– Gísli-Eiríkur-Helgi (því svo voru þeir allajafna vanir að segja þegar einhver þeirra talaði til annars af því þeir vissu aðeins að þessi voru nöfn þeirra allra), faðir vor kallar kútinn.

Þá segir annar:

– Gísli-Eiríkur-Helgi, faðir vor kallar kútinn, allt eins sagði hinn þriðji, og á þessu voru þeir að stagaast þangað til karlinn var dauður því enginn þeirra skildi hvað karlinn vildi kútnum. Síðan er það haft fyrir máltæki að sá „kalli kútinn“ sem er að deyja.

Eftir þetta héldu þeir bræður til lands, bjuggu um lík karls og bundu það upp á brúna meri sem hann átti, ráku hana síðan af stað og létu hana ráða hvert hún færi; því þeir sögðu hún gamla Brúnka mundi rata.

Seinna fundu þeir Brúnku berbakaða og bandlausa í högum sínum og vissu þá að hún hefði ratað en ekki skyggndust þeir neitt eftir því hvað hún hefði gert af karlinum.

Þeir bræður bjuggu eftir föður sinn á Bakka og voru kenndir við bæinn og kallaðir ýmist Bakkabráður eða Bakkaflón. Þeir erfðu Brúnku eftir karlinn og létu sér mjög annt um hana.

Einu sinni kom hvassviðri mikið og urðu þeir þá hræddir um að Brúnka mundi fjúka, báru því á hana og hlóðu upp með henni svo miklu grjóti sem á henni tollði; eftir það fuk hún hvorki né stóð upp framar.



á legg komnir: komnir af barnsaldri

blöndukútur: kútur undir drykkjarvökva





Hlóðu þeir upp með henni svo miklu grjóti að hvorki fauk hún né stóð upp framar.

Gefið í guðsfríði

Meðan þeir Bakkabræður áttu Brúnku sína voru þeir allir einu sinni á ferð í tungsljósi um vetur á ísum og reið einn þeirra merinni en hinir gengu með hesti hans. Þeir tóku eftir því að maður reið alltaf á hlið til við reiðmanninn en það þótti þeim þó undarlegast að honum fór ekki orð frá munnni nema þeim heyrðist hann segja við hvert fót mál sem

merin tók: „Kári, Kári“. Þetta þótti þeim því kynlegra sem þeir vissu að enginn þeirra hét því nafni. Hugsaði þá reiðmaðurinn með sér að ríða þenna pilt af sér. En því harðara sem hann reið því tíðar heyrðist honum sagt: „Kári, Kári,“ og hinir bræðurnir sáu að fylgdarmaðurinn reið alltaf á hlið við bróður sinn, hvort hann fór hægt eða hart. Loksins komust þeir heim og sáu að þegar sá þeirra fór af baki sem reið fór fylgdarmaður hans eins af baki og lét inn hestinn sinn um leið og þeir bræður en hann hvarf þeim með öllu þegar þeir fóru inn úr tungsljósinu.

Ef einn þeirra bræðra þurfti að fara eitthvað fóru þeir ævinlega allir. Einu sinni fóru þeir í langferð hér um bil þrjár **þingmannaleiðir**. Þegar þeir voru komnir tvo þriðjunga vegarins mundu þeir eftir því að þeir höfðu ætlað að fá **léðan** hest til ferðarinnar. Sneru þeir svo heim aftur, fengu hestinn og fóru svo ferðar sinnar.

Einu sinni sem oftast fóru þeir bræður að færa landsdrottni sínum landskuldir af Bakka. En það var ekkja sem jörðina átti; þeir greiddu henni skuldirnar og voru svo hjá henni um nóttina. Morguninn eftir héldu þeir heimleiðis og áttu langa leið að fara.

Þegar þeir voru komnir meir en á miðja leið tekur einn þeirra til orða og segir:



þingmannaleið: dagleið ferðamanna að gömlu mati, um 37,5 km

léðan: lánaðan

– Já, Gísli-Eiríkur-Helgi, þá man ég það að við báðum ekki konuna að gefa okkur í guðsfriði.

Hina rankaði og við að hann segði satt; sneru þeir því aftur til ekkjunnar, gerðu boð fyrir hana og sögðu:

– Gefðu okkur í guðsfriði.

Héldu þeir svo heimleiðis en þegar þeir voru komnir víst á miðja leið mundu þeir enn eftir því að þeir höfðu ekki þakkað ekkjunnar fyrir sig og svo að enginn skyldi hlæja að þeim fyrir það að þeir kynnu ekki mannasiði sneru þeir enn aftur, hittu ekkjuna, þökkðu henni með mestu virktum fyrir sig og fóru svo heim.

Gísli-Eiríkur-Helgi

Eitt sinn fóru Bakkabræður í **viðarmó**; var það hátt uppi í brattri fjallshlíð. Nú rifu þeir viðinn og bundu byrðar til að velta ofan brekkuna. Þá hugsaðist þeim að hvorki gætu þeir séð hvað byrðunum liði á leiðinni né heldur vitað hvað af þeim yrði þegar ofan kæmi. Kom þeim þá það ráð í hug að binda einn þeirra bræðra innan í eina byrðina og skyldi hann hafa auga á byrðunum. Tóku þeir svo Gísla, bundu hann í eina byrðina og létu höfuðið standa út úr. Síðan veltu þeir byrðunum á stað og ultu þær ofan á jafnsléttu. En þegar þeir Eiríkur og Helgi komu ofan fóru þeir að hyggja að bróður sínum og vantaði þá á hann höfuðið svo hann gat ekkert sagt þeim hvernig byrðunum hafði liðið né hvar þær höfðu



Lét einn binda sig inn í eina byrðina og skyldi hann hafa auga með hvað um þær yrði.

lent.



í viðarmó: að safna viði til kolagerðar



Þó þeir Eiríkur og Helgi væru ekki orðnir nema tveir eftir sögðu þeir ávallt eins og áður þegar annar talaði til hins:

– Gísli-Eiríkur-Helgi.

Það hef ég seinast frétt af þeim bræðrum Eiríki og Helga að þeir sáu tungl í fyllingu koma upp úr hafi og gátu síst skilið í, hvað það væri. Fóru þeir þá til næsta bæjar og spurðu bóndann þar hvað þessi hræðilega skepna væri. Maðurinn sagði þeim að það væri herskip. Við það urðu þeir svo hræddir að þeir hlupu inn í fjós og byrgðu bæði dyr og glugga svo engin skíma næði inn til þeirra, og þar er sagt þeir hafi svelt sig í hel af ótta fyrir herskipinu.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Að lestri loknum

1. Finndu Svarfaðardal á kortinu. Hvaða kaupstaður er þar nærri?
2. Hvaða merkingu hefur máltækið að kalla kútin og hvaðan er það komið?
3. Hvað gerðu þeir bræður til að koma í veg fyrir að Brúnka fyki í storminum?
4. Hver skyldi þessi Kári hafa verið sem reið samhliða merinni?
5. Hvað var að fara í viðarmó? Kynntu þér og skráðu niðurstöður.
6. Hver urðu örlög Bakkabræðra samkvæmt frásögn þessari? Skráðu sérstaklega örlög Gísla og einnig hinna tveggja, Eiríks og Helga.
7. Veldu eina af þeim sögum sem hér hafa verið sagðar og endursegðu með eigin orðum.
8. Skrifaðu í skýrslufomi lýsingu á þeim bræðrum, Gísla, Eiríki og Helga.

11. Skyldu bátar mínir róa í dag?

Sögugluggi

Fátækur karl fer í ferðalag í annan landshluta. Þar er hann í misskilningi tekinn fyrir stórhöfðingja og biður sér prestsdóttur fyrir konu. Hann fær konuna en heldur verður heimferðin erfið.

Argasta kot í Helgafellssveit heitir í Botni, þar sér hvorki sól né sumar. Þar var einhverju sinni maður, allra sveita kvikindi, og hét Árni og var kallaður Árni í Botni. Einhverju sinni bjó hann sig út með nesti og nýja skó, lagði á **drógar** sínar og hélt suður á land svo langt að enginn þekkti Árna í Botni. Hann kom loksins að stóru og reisulegu prestsetri og var þar um nótt. Presturinn átti unga og fríða dóttur. En þegar Árni vaknaði og skyggndist til veðurs sagði hann við sjálfan sig:

– Og skyldu þá bátar mínir róa í dag?

Þetta sagði hann eður annað því líkt þrjá morgna í **rennu**. Presturinn og dóttir hans tóku eftir þessu og grunaði að hér mundi kominn stórhöfðingji af Vesturlandi. Það er ekki að orðlengja að Árni bað prestsdóttur og fékk og voru nú settir undir þau gæðingar og þau héldu vestur um land. En við hvern stórbæ sem fyrir þeim varð á leiðinni sagði hún við bónda sinn:

– Og er þetta bærinn þinn, elskan?

– Og ekki enn, sagði hann jafnan.

Ríða þau nú lengi, lengi, þangað til eitt kveld í

niðamyrkri að þau koma að koti einu, allt grafið í jörð niður. Hér fer Árni af baki og tekur af baki konu sína.

– Er það bærinn þinn að tarna, elskan? segir hún.

– Já, segir Árni.

Nú ber Árni að dyrum og kemur kerlingarskrukka móðir Árna til dyranna og spyr hver kominn sé og segir Árni til sín og kallar inn því ekki sá handaskil í niðamyrkrinu:

– Kveiktu á gullstjakanum.

– Og ekki get ég það, sagði kerling.

– Kveiktu þá á silfurhjalminum, sagði Árni.

– Og ekki get ég það, sagði kerling.

– Og kveiktu þá á helvískri **kolskörinni**, sagði hann.



argasta: versta, ljótasta

dróg: bykkja, trunta

í rennu: í röð

kolskör: kola, grútar- eða tólgarlampi





*Kom kerlingarskrukkan
móðir Árna til dyranna.*

– Og það skal ég gera, sagði kerling og
hljóp til og kveikti.

Um sambúð þeirra Árna og prests-
dóttur er ekki getið.

Um Árna í Botni er þetta kveðið:

*Árni í Botni allur rotni,
ekki er dyggðin fín;
þjófabæli, það er hans hæli,
þar sem aldrei sólin skín.*

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Að lestri loknum

1. Finndu Helgafellssveit á kortinu. Í hvaða landsfjórðungi er hún?
2. Sagt er að Árni hafi verið „allra sveita kvikindi“. Hvað er átt við? Kannastu við þetta orðatiltæki í aðeins annarri mynd?
3. Skrifaðu upp vísuna. Merktu við ljóðstafi og rímorð, einnig innrím.
4. Hvers vegna héldu presturinn og dóttir hans að Árni væri stórhöfðingi?
5. Um sambúð Árna og prestsdóttur er ekki getið. Gerðu stutta grein fyrir hvernig hún kynni að hafa gengið fyrir sig.
6. Í sögunni má finna boðskap. Gerðu grein fyrir honum.

12. Hver rífur svo langan fisk úr roði?

Sögugluggi

Karl og kerling eru svo nísk að þau tíma ekki að gefa vinnufólki sínu að borða. Karli dettur í hug ráð til að skammta minna en til stóð. En honum hefnist fyrir tiltækið.

Einu sinni voru hjón á bæ mjög **aðsjál** og urðu þó að halda vinnufólk nokkurt. Þeim **blæddi í augum** hversu mikið fólkíð borðaði og þó helst bóndanum, einkum um miðjan daginn, enda var hann vanur að taka til fisk handa því til miðdegisverðar. En **málamatinn** skammtaði konan og fékkst minna um hann en bóndi um fiskætið, enda var það sumra manna sögn að hún væri vinnufólkinu hliðhollari en bóndi hennar. Til þess að losa sig við þá hörmung að þurfa að taka fiskinn til handa fólkinu daglega eða fyrir vikuna tók bóndi upp á því að **vega** því **út** í einu fisk fyrir allt árið. En með því honum ofbauð hvað til þess þurfti lét hann vanta til fyrir einn dag. Nú afhendir hann hverjum fiskætið og segir konu sinni frá að hann hafi látið vanta upp á fiskinn fyrir einn dag og segist hann þá ætla að látast deyja um þær mundir og liggja á börunum þenna seinasta dag af útvigtartímanum og muni þá fólkíð fyrir hryggðar sakir gleyma að borða þann daginn.

Nú líða tímar fram og þegar hinn ákveðni tími kemur læst bóndi deyja og er hann lagður til á fjöl, sumir segja inni í baðstofu en aðrir úti í skemmu.

Ekki er þess getið hvað hið annað vinnufólkið hafi til bragðs tekið um át þann daginn en þegar smalinn kemur heim og ætlar að fara að **snarka** fiskbitann sinn sér hann að útvigtin er þrotin. Hleypur hann þá út úr baðstofunni fram í bæ til konunnar og segist vera búinn með útvigtina sína. Konan kvaðst nú hafa annað að hugsa en **standa** honum **fyrir beina** þar sem maðurinn sinn lægi á börunum. Smalinn sagði:

– Ég vil allt að einu hafa mat minn en **engar refjar**.

Konan segir hann skuli þá fara út í skemmu og fá sér fisksnarl. Smali gerir svo, tekur þar löngu eða **reginþorsk**, sest með fiskinn inn á rúm andspænis líkinu og rífur þar úr allan hnakkann eftir endilöngum fiskinum í einni rifu. Bóndi heyrir þetta, **rís upp** undir blæjunni **við dogg** og segir:

– Hver rífur svo langan fisk úr roði?

Smali hélt að bóndi væri afturgenginn og rekur því sjálfskeiðinginn á hol í hann. Eftir það blæddu bónda aldrei í augum löngu fiskrifurnar.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar





aðsjál: fastheldin á fé
blæddi í augum: þótti sárt, illt
málamat: morgun- og kvöldverður
vega út: vigta
snarka: rífa í sig, japla á
standa fyrir beina: matbúa, sjá fyrir mat
engar refjar: engin undanbrögð
reginþorskur: mjög stór þorskur
rísa upp við dogg: rísa upp á olnboga

Að lestri loknum

1. Af hverju tók bóndinn upp á því að veга fiskinn út í einu lagi fyrir allt árið?
2. Hvað ætlaði bóndi að græða á því að látast vera dauður?
3. Hvernig fór fyrir bóndanum og hvers vegna?
4. Nefndu fjögur lýsingarorð sem lýsa bónda best að þínu mati.
5. Endursegðu þessa sögu með þínum eigin orðum eins ítarlega og þú best getur.



Bóndi reis þá upp við dogg undir blæjunni.

13. Þegiðu, hún móðir mín gaf mér hann

Sögugluggi

Mathákur fer að biðja sér konu en tekur með sér aukabita til að hafa ef á þyrfti að halda. Þetta veldur misskilningi milli hans og tilvonandi kvonfangs og dregur dilk á eftir sér.

Einu sinni var öldruð kona; hún átti son einn sem var mathákur mikill. Þegar hann var vel upp kominn og orðinn fulltíða maður fór kerlingin að fara þess á leit við hann að hann skyldi **staðfesta ráð sitt**. Sonur hennar tók því ekki fjarri og spurði hvar hún hygði sér helst reynandi að biðja sér konu. Hún vísaði honum þar á sem henni þótti líklegast en segir við hann að hann skuli nú **bera sig að sitja á sér** að borða mikið því hún ætlaði honum að vera hjá brúðarefninu um nóttina en til vonar og vara fær hún honum hálfan ost að grípa til **í muddum** þegar enginn sæi ef hann þættist ekki hafa borðað nóg.

Nú fer maðurinn á bæinn sem móðir hans hafði til tekið, ber upp bónorð sitt og er honum heitið stúlkunni. Síðan er hann þar um nóttina og er hann látinn sofa einn í herbergi. Um nóttina rís hann upp og hleypur í ostinn því hann hafði borðað lítið um kvöldið og var því orðinn glorhundraður. Síðan leggst hann út af aftur en stingur því sem hann átti eftir af ostinum undir koddabrunina sína.

Þegar hann vaknar um morguninn verður hann þess var að kafaldsbylur er úti. Hugsar hann þá með sér að hann skuli borða við ókomnu hungri því þarna muni hann mega hírast í dag. Fer hann þá til og nagar ostinn slíkt sem af tekur. En á meðan hann er að því kemur heitmey hans inn til hans og býður honum góðan daginn; hún hafði verið snemma á fótum um morguninn við **útigegningar** og segir því við hann:

– Hart bítur hann núna, hann hvítur.

Maðurinn hélt að hún hefði séð ostinn er hann stakk niður undir hjá sér þegar hún kom inn og hefði verið **að skensa** sig fyrir það og segir því:

– Þegiðu, hún móðir mín gaf mér hann, og sýnir henni ostbitann um leið sem eftir var svo hún skyldi ekki halda að hann væri að fela hann eins og hann væri sér ófrjáls. En stúlkan **fyrstist** svo við þessar aðfarir hans allar að hún bað hann að **hugsa ekki til ráðahags** við sig.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



*Fékk móðir hans honum hálfan
ost að grípa til í muddum.*



staðfesta ráð sitt: gifta sig
bera sig að sitja á sér: reyna
að halda aftur af sér
í muddum: í laumi, með
leynd
útigegningar: að hirða
skepnur og fóðra úti að
vetrarlagi
að skensa: hæðast að, gera
lítið úr
fyrtaf: móðgast, styggjast
hugsa ekki til ráðahags:
láta sér ekki detta hjóna-
band í hug



Að lestri loknum

1. Hvers vegna lét gamla konan son sinn fá ostinn?
2. Borða við ókomnu hungri. Hvað er átt við?
3. „Hart bítur hann núna, hann hvítur.“ Hvað á stúlkan við?
4. Í hverju var misskilningur mannsins fólgin?
5. Hvað skyldi konan hafa hugsað þegar maðurinn svaraði svo ein-
kennilega?
6. Hvaða skoðun hefur þú á viðbrögðum stúlkunnar? Hver hefðu þér
þótt vera eðlileg viðbrögð?
7. Hvernig virðist samband mannsins við móður sína hafa verið?
Lýstu því í fáeinum setningum.

14. Sagan af Gípu

Sögugluggi

Gípa fer að sækja eld fyrir foreldra sína. En hún er voðalega svöng og étur allt sem að kjafti kemur. Og það fer heldur illa fyrir henni.

Einu sinni voru karl og kerling í koti sínu, þau áttu eina dóttur sem hét Gípa. Það voru nú engar eldspýtur til í þá daga og þurfti alltaf að fela eldinn undir hlóðarsteinunum. En einu sinni dó eldurinn hjá kerlingu svo að hún segir við Gípu sína:

– Æ, Gípa mín, skrepptu nú til næsta bæjar fyrir mig og sæktu mér eld.

– Hvernig heldurðu að ég geti farið, ég sem er svo voðalega svöng. En kerling var að **strokka** og hún gaf Gípu **áfasopa** og lambabita, það var smjörbiti af strokknum. Svo Gípa fer nú af stað og gengur lengi, lengi.

Þá koma tveir hrafnar á móti henni krunkandi og segja:

– Ertu ekki voðalega svöng, Gípa mín?

– Ja, hvað haldið þið að ég sé ekki svöng, ég fékk ekkert nema áfasopa og lambabita; ég get svo vel gleypt ykkur. Og svo gleypti hún báða hrafnana.

Svo hélt hún áfram og gekk lengi, lengi.

Þá koma tvær litlar mýs trítlandi á móti henni og segja:

– Ertu ekki voðalega svöng, Gípa mín?

– Ja, hvað haldið þið að ég sé ekki svöng, ég

fékk ekkert nema áfasopa og lambabita og gleypti tvo hrafna. Ég get svo vel gleypt ykkur líka. Og svo gleypti hún báðar mýsnar.

Svo hélt hún áfram og gekk lengi, lengi þangað til að koma tólf **trippi** á móti henni. Þá hneggja þau og segja:

– Ertu ekki voðalega svöng, Gípa mín?

– Hvað haldið þið að ég sé ekki svöng, ég fékk ekkert nema áfasopa og lambabita, gleypti tvo hrafna og tvær mýs. Ég get svo vel gleypt ykkur. Og svo gleypti hún öll trippin.

Svo hélt hún áfram og gekk lengi, lengi.



strokka: skaka strokk, þannig að smjör myndist úr rjómanum.

áfasopi, áfir: lögur sem verður eftir þegar rjómi er strokkaður, var áður nýttur til drykkjar og í mjólkurmat.

trippi: ungt hross (einkum á aldrinum eins til þriggja vetra).



Þá koma þrettán kálfar á móti henni og segja:

– Ert þú ekki voðalega svöng, Gípa mín?

– Hvað haldið þið að ég sé ekki svöng, ég fékk ekkert nema áfasopa og lambabita, gleypti tvo hrafna, tvær mýs, tólf trippi. Og ég get svo vel gleypt ykkur líka. Svo gleypti hún alla kálfana.

Svo hélt hún áfram og gekk lengi, lengi. Þá mætti hún manni sem var með hundrað fjár og hann var með hund og broddstaf. Hann segir við hana:

– Ert þú ekki voðalega svöng, Gípa mín?

– Hvað haldið þið að ég sé ekki svöng, ég fékk ekkert nema áfasopa og lambabita, gleypti tvo hrafna, tvær mýs, tólf trippi, þrettán kálfa. Ég get svo vel gleypt ykkur líka. Svo gleypti hún manninn, hundinn, broddstafinn og hundrað kindurnar. En ekki var hún enn orðin södd, hélt hún áfram og gekk lengi, lengi. Þá var hún komin niður að sjó. Þá voru þar átta menn, róandi á báti úti á sjónum og þeir kalla í land til hennar og segja:

– Ert þú ekki voðalega svöng, Gípa mín?

– Hvað haldið þið að ég sé ekki svöng, ég fékk ekkert nema áfasopa og lambabita, gleypti tvo hrafna, tvær mýs, tólf trippi, þrettán kálfa, mann, hund, broddstaf og hundrað kindur. En ég get svo vel gleypt ykkur líka. Svo lagðist hún í flæðarmálið og drakk og drakk af sjónum þangað til báturinn strandaði og þá gleypti hún bátinn,

Gípa át allt sem fyrir henni varð.



mennina og allt saman. En þá var hún loksins orðin södd svo hún lagðist þar niður á milli þúfna og sofnaði. En þegar hún er sofnuð þá kemur svolítill þúfutittlingur og hann kroppar gat á magann á henni og þá kemur nú hvusssss:

*Sjórinn kemur þarna rennandi
og mennirnir allir róandi og talandi*

og sögðu: – allabaddarí, fransí, því þeir töluðu allir golfrönsku.

*Svo komu þarna maðurinn hóandi
og kindurnar jarmandi,
kálfnir baulandi,
trippin hneggjandi,
mýsnar tístandi,
hrafnarnir krunkandi,*

En karlinn og kerlingin biðu og biðu og aldrei kom Gípa með eldinn og síðast króknuðu þau í kotinu.

Heimildarkona: Sigrún Dagbjartsdóttir

Að lestri loknum

1. Í hvaða erindagjörðum var Gípa á ferð?
2. Hvað gleypți Gípa margar skepnur og hluti?
3. Hvað varð henni að falli?
4. Skrifðu persónulýsingu á Gípu og reyndu að gera grein fyrir sem flestu því sem einkennir hana sem manneskju.
5. Hvaða einkenni þjóðsagna hefur sagan um Gípu? Skoðu það sem sagt er um þjóðsögur fremst í bókinni.



Helgisögur



Helgisögur þjóðsagnanna eru yfirleitt ekkert mjög heilagar. Þær fjalla oft um baráttu góðs og ills og tengjast gjarnan guði, Jesú eða englum en einnig þúkum og illum vættum og er kölski sjaldan langt undan. Kannski tengjast þær oftar kölska og þúkum hans en himnafeðgunum. Sumum þykir skrítið að kalla sögur af kölska helgisögur. Hafa ber í huga að kölski, satan, djöfullinn, freistarinn, Lúsífer eða hvað sem hann er nú kallaður, var einmitt upphaflega engill sjálfur. Hann er nefnilega fallinn engill sem var ýtt út í ystu myrkur.

Hér á eftir fara þrjár helgisögur og kölski er nálægur í tveimur þeirra. Fyrst segir af Kolbeini jöklaskáldi sem kvaðst á við kölska á Þúfubjargi. Gerðist kveðskapur þeirra svo tyrfinn að kölski átti fullt í fangi með að botna fyrriparta Kolbeins. Seint fyllist sálin prestanna er saga af ungum manni sem þiggur hjálp ókunnugs manns við að ná ástum konu einnar. Þegar kemur að skuldadögunum verður ungi maðurinn hræddur og leitar hjálpar prestsins. Loks er sagan um syndapokana. Þar segir kerling ein presti sínum frá því þegar hana dreymdi að hún væri komin til himnaríkis og fékk að skoða þar syndapoka mannanna sem voru mjög misstórir, þar á meðal var syndapoki prestsins.

15. Kolbeinn jöklaskáld

Sögugluggi

Maður nokkur sem Kolbeinn heitir kveðst á við kölska sjálfan og segir sagan frá þeirri glímu.

Einu sinni er sagt að kölski hafi veðjað við mann þann er Kolbeinn hét og nokkrir ætla að hafi verið Kolbeinn jöklaskáld. Skyldu þeir báðir sitja hvor hjá öðrum á Þúfubjargi undir Jökli þegar brim gengi þar hæst og kveðast á þannig að kölski gerði fyrri hluta næturinnar fyrri helming vísunnanna en Kolbeinn skyldi **botna** hjá honum. En seinni hluta nætur skyldi kölski botna hjá Kolbeini en hann kveða fyrri hluta vísunnanna og **var það skilið undir samningi þessum** að hvor þeirra sem ekki gæti botnað vísu hins skyldi steypast ofan af bjarginu og vera þaðan í frá í valdi hins.

Þeir tóku sig svo til og settust út á bjarg eina nótt er tungl óð í skýjum. Kveðast nú á, sem ætlað var, fyrri hluta nætur og verður enginn stans á Kolbeini að botna vísur kölska. Svo tekur Kolbeinn við og kveður upphöfin seinni hluta næturinnar og gengur kölska allvel að slá botninn í hjá honum uns Kolbeinn tekur hníf upp úr vasa sínum og heldur honum fyrir framan glyrnurnar á kölska svo egginn bar við tunglið og segir um leið:

*Horfðu í þessa egg, egg,
undir þetta tungl, tungl.*

Þá varð kölska **orðfall** því hann fann ekkert orð íslenskt sem yrði rímað í móti tungl og segir því í vandræðum sínum:

– Það er ekki skáldskapur að tarna, Kolbeinn. En Kolbeinn botnar þegar vísuna og segir:

*Ég steypi þér þá með legg, legg,
lið sem hrærir úln-, úln-.*

En þegar kölski heyrði þetta beið hann ekki boðanna og steypist ofan fyrir bjargið í eina brimölduna þar sem hún brotnaði og bauð ekki Kolbeini til kappkvæða eftir þetta.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar




botna: botna vísu, þ.e. yrkja síðari helming vísunnar

var það skilið undir samningi þessum: það kom fram í samningnum

orðfall: að vera orðlaus, geta ekkert sagt





Kolbeinn og kölski sátu á Þúfubjargi og kváðust á.

Áð lestri loknum

1. Kolbeinn og kölski sátu á Þúfubjargi undir Jökli. Hvaða jökull skyldi það vera? Finndu hann á landakortinu.
2. Um hvað snerist veðmálið?
3. Hvað varð til þess að kölski tapaði? Segðu frá í stuttu máli.

16. Seint fyllist sálin prestanna

Sögugluggi

Ungur maður verður ástfanginn af stúlku sem vill ekki þýðast hann. Maður nokkur býðst til að hjálpa honum að ná ástum konunnar en ekki kemur hjálpin ókeypis og maðurinn er ekki allur þar sem hann er séður.

Einu sinni var ungur maður og efnilegur. Hann lagði ástarhug á stúlku eina og það hennar en hún aftók um ráðahag við hann. Af því varð maðurinn mjög angraður og fór oft einförum.

Einu sinni var hann einn úti á víðavangi að röltu eitthvað. Veit hann þá ekki af því fyrir en maður kemur til hans og heilsar honum. Biðillinn tekur kveðju hans dauflaga enda þykist hann ekki þekkja manninn. Komumaðurinn er **altillegur** við hann og segist vita að það liggi illa á honum og út af hverju það sé. Segist hann skuli sjá svo um að stúlkan sem ekki hafi viljað taka honum sæki ekki minna eftir honum en hann eftir henni, ef hann vilji heita sér því að verða vinnumaður sinn að ári liðnu. Maðurinn tekur þessu boði þakksamlega og ráða þeir nú þetta með sér. Eftir það skilja þeir og fer biðillinn heim.

Litlu seinna finnur hann stúlkuna við kirkju og er hún þá orðin öll önnur við hann en áður og sækir mjög eftir honum. Maðurinn fer þá heldur undan og hugsar að þetta sé hrekkur af henni. En bráðum kemst hann að því að henni er full alvara. Verður

það nú úr að hann fær stúlkunnar og á hana og voru samfarir þeirra góðar.

Nú fer að líða á árið frá því hann hitti þann sem hafði stutt hann til konumálanna og fer nú bóndi að fá hugsýki af því hver þetta hafi verið. Þegar mánudur var eftir til **krossmessu** fer hann á fund prestsins síns og segir honum upp alla sögu og biður hann ráða. Prestur segir að hann hafi of seint sagt sér þetta, því þar hafi hann átt kaup við kölska sjálfan, er hann átti við þenna ókunnuga mann. Fer þá algjörlega að fara um bónda og **biður prest** því ákafar **ásjár**. Prestur varð vel við því og safnar þegar að sér múg og margmenni, lætur þá alla taka til starfa og grafa innan stóran hól og bera alla moldina burtu. Síðast lætur hann gera kringlótt gat lítið upp úr



altillegur: alúðlegur, blátt áfram

krossmessa: (á vori) 3. maí; (á hausti) 14. september, hér er átt við haust

biður prest ásjár: biður um hjálp, liðveislu





*Kom maður til hans og heilsaði
honum altillega.*

miðjunni á hólnum. Þegar því var lokið er komið að krossmessu. Tekur prestur þá **sál** og úr henni báða botna en setur krossmark í annan endann og festir sálina í gatinu á hólinn svo hún stendur þar upp sem strompur en krossmarkið er í neðri enda sálarinnar. Síðan segir hann við bónda að hann skuli bíða **kaupnauts** síns uppi á hólnum og setja honum þá kosti að hann fylli sálina með peninga, öllum að **meinfangalaus**, áður en hann fari að þjóna honum, ella

sé hann af **kaupinu**. Síðan skilur prestur við bónda og fer hann að öllu sem prestur hafði fyrir mælt.

Nokkru síðar kemur kaupnautur hans og er hann nokkru úfnari en í fyrra skiptið. Bóndi segir við hann að sér hafi láðst eftir seinast að biðja hann bóonar sem sé lítilsverð fyrir hann en sér ríði á svo miklu að hann geti ekki farið til hans ellegar. Kölski spyr hvað það sé og segir hann að það sé að fylla sálina þá arna með silfurpeninga, öllum að mein-



sál: skinnpoki, skinnbelgur

kaupnautur: sá sem viðskipti eru átt við, viðskiptamaður

meinfangalaus: skaðlaus, meinlaus

verða af kaupinu: samningurinn falli úr gildi

fangalausú. Kölski lítur til hennar og segir að það sé ekki meira en mannsverk, fer burtu og kemur aftur eftir litla stund með mikla **drögu** og lekur úr sjávarselta. Síðan lætur hann úr dröggunni í sálina en hún er jafntóm eftir sem áður. Fer hann þá í annað sinn og kemur aftur með aðra drögu miklu stærri og steypir í sálina en hún fyllist ekki að heldur. Svo fer hann í þriðja sinn og kemur upp með drögu og er hún mest þeirra. Þeim peningum hellir hann í sálina og fer það allt á sömu leið. Þá fer hann hið fjórða skipti og sækir enn drögu. Sú var meiri en allar hinar. Steypir hann þeim peningum einnig í sálina en ekkert hækkar í henni. **Verður** kölski þá **hvumsa við** og segir, í því hann yfirgefur manninn:

– Seint fyllist sálin prestanna.

Maðurinn varð, sem von var, alls hugar feginn lausn sinni frá vistráðunum hjá kölska og af því hann þóttist **eiga** þar presti **best upp að unna**, skipti hann jafnt á milli þeirra peningunum og vitjaði kölski hvorki þeirra né mannsins eftir það en maðurinn varð auðmaður alla ævi og skorti aldrei fé, né heldur prestinn.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Að lestri loknum

1. Hvað var það sem komumaður bauðst til að hálpa unga manningum með?
2. Ungu manningum fór að líða illa er leið á árið. Hvers vegna?
3. Lýstu ráðagerð prestsins í stuttu máli.
4. Hvaða merkingu hefur orðið sál í sögunni?
5. Gerðu grein fyrir persónum í sögunni, bæði aðalpersónu og aukapersónum. Lýstu þeim öllum í stuttu máli.
6. Seint fyllist sálin prestanna. Hver er merking þessa orðatiltækis nú á tímum?



draga: fábrotinn búnaður til að draga á hey

verða hvumsa við: bregða, verða hissa

eiga best upp að unna: gott að gjalda



17. Syndapokarnir

Sögugluggi

Prestur situr hjá konu nokkurri sem er þungt haldin og dauðvona. Er hún ekki kirkjurækin og hefur prestur oft gagnrýnt hana fyrir það. Kerling segir sig hafa dreymt að hún væri komin til himnaríkis og hafi verið að skoða þar syndapoka manna. Hafði poki prestsins vakið sérstaka athygli hennar.

Einu sinni var prestur mjög **vandlætingasamur**. Hann kenndi mönnum hart og sagði tilheyrendum sínum hræsnislaust til syndanna. Í sókninni bjó kona ein gömul. Hún kom sjaldan sem aldrei til kirkju og **átaldi** prestur hana oft fyrir það og kvað hún mundi naumast fá inngöngu í himnaríki ef hún vanrækti svo mjög kirkjuna. Kerling hirti ei um það. Leið svo nokkur tími.

Einu sinni sýktist kerling. Lætur hún þá sækja prest og biður hann að þjónusta sig því hún segist vera mjög **angruð** orðin af illgjörðum manna.

Prestur bregður við skjótt og finnur sjúklinginn. Ætlar hann nú að fara að telja um fyrir kerlingu því hann sá að hún var mjög angruð. Kerling segir að hann skuli fyrst heyra hvað sig angri mest. Prestur játti því og hlustar nú vandlega á sögu syndarans. Kerling segir þá:

– Mig dreymdi fyrir skömmu að ég þóttist koma til himnaríkis. Þar barði ég að dyrum því mér var kalt og vildi ég komast í húsaskjólið. Þar kom maður til dyra og hafði stóra lyklakippu í hendinni. Ég spurði hann að heiti. Hann sagðist heita Pétur.

Kannaðist ég þá við manninn og bað hann að lofa mér inn.

– Nei, hér áttu ekki að vera, segir Pétur.

– Æ, lof mér inn, sagði ég, mér er svo ógnarlega kalt; lof mér rétt inn fyrir hurðina.

– Nei, það er af og frá, segir Pétur.

– Ég sá að þar var ógnarstór skemma á hlaðinu og bað ég þá Pétur að lofa mér þar inn. Það sagði hann ég skyldi fá og lauk nú upp skemmuni. Þá varð ég fegin og hljóp inn en Pétur stóð í dyrunum. En þegar ég kom inn sá ég þar ógnarlega stóra hlaða af pokum, stórum og smáum. Þeir voru allir fullir af einhverju og bundið fyrir opin. Þar voru líka sjóvettlingar og þeir voru líka fullir sumir en ekki nema í þumlunum á sumum. Ég spurði Pétur hvað í þessum pokum væri. Hann segir það sé syndir manna. Má ég ekki fá að sjá pokann prestsins míns, segi ég, hann er víst ekki stór.



vandlætingasamur: aðfinnslusamur, umvöndunarsamur

átaldi: setti ofan í við, skammaði

angruð: hrygg



Kerling bað um að fá að sjá syndapoka prestsins.

Að lestri loknum

1. Hvað sagði prestur við gömlu konuna í upphafi sögunnar?
2. Hvers vegna lét konan senda eftir prestinum?
3. Endursegðu draum konunnar.
4. Hvers vegna hafði presturinn sig á burt eftir að hafa heyrt drauminn?
5. Hvað merkir að telja um fyrir einhverjum?



– Nokkuð svona, segir Pétur, skoðaðu, hann er þarna.

Og um leið benti hann mér á ógnarlega stóran sekk. Þá **gekk öldungis yfir mig** því það var langstærsti sekkurinn.

– Hvaða ósköp, segi ég, en hvar er pokinn minn þá? Hann held ég sé ekkert smásmíði.

– Ég læt það vera, segir Pétur og bendir mér á einn sjóvettlinginn sem ofurlítið var í þumlinum.

Nú gekk hreint yfir mig og fór út. Skellti þá Pétur aftur skemmuhurðinni og hrökk ég upp við það.

– Þetta er nú það sem angrar mig, segir kerling, og því lét ég sækja yður að ég vildi segja yður frá þessu.

Prestur **fór nú ekki að finnast til** og hafði sig á burt hið skjótasta.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



gekk yfir mig: ég varð furðu lostin

fór nú ekki að finnast til: hætti
nú að lítast á blikuna

Álfar og huldufólk



Trúin á álfa og huldufólk hefur lengi lifað með þjóðinni. Af því eru til ótal sögur, jafn fjölbreyttar og þær eru margar. Álfarnir eru ýmist ljósir eða dökkir, hjálpsamir eða hrekkjóttir, góðir eða vondir. Huldufólkið býr í steinum, hólum og klettum og hefur útlit manna en er ósýnilegt. Betra er að hafa það með sér en móti og menn skyldu varast að styggja þessar verur. Hins vegar eiga þær til að launa mönnum góðverk ríkulega.

Fyrsta sagan í þessum flokki segir frá ungri stúlku sem hjálpar við barnsfæðingu hjá álfum. Hún verður gæfukona. Í næstu sögu er hins vegar annað uppi á teningnum. Piltur nokkur móðgar álfkonu óvart og hefur það alvarlegar afleiðingar fyrir hann. Þá er sagt frá ungum dreng sem numinn er brott af álfum en vill ekki dvelja hjá þeim því hann getur ekki borðað matinn þeirra. Honum er því skilað en ekki án refsingar. Sagan af Úlfhildi álfkonu er um álfadrottningu sem ræður sig í vist sem vinnukona í mannheimum. Hún er í álögum sem göldrótt og illgjörn kerling hefur lagt á hana. En til þess að komast úr álögunum þarf hún hjálp frá mennskum manni. Loks er svo sagan um selmatseljuna sem kynnist álfasveini meðan hún dvelur í selinu.

18. Álfkona í barnsnaud

Sögugluggi

Stúlka nokkur hjálpar álfkonu í gegnum erfiða fæðingu. Verður það henni til gæfu.

Fyrir austan, – sagt er að það hafi verið í Odda, – sótti stúlka þvotta á kirkjugarð um kvöld. En þá hún var að taka þvottana kom til hennar maður er hún eigi þekkti. Hann tekur í hönd hennar og biður hana að koma með sér og segir hann að hana skuli ekkert saka.

– En viljirðu það eigi gjöra, segir hann, þá muntu fá að **reyna umbreytingu á gæfu þinni**.

Stúlkan þorði ekki annað en gera eftir beiðni hans og gengur með honum þar til þau koma að húsbæ að henni sýndist þó það reyndar væri hóll. Síðan ganga þau að dyrum bæjarins, hann leiðir hana inn og eftir löngum göngum, þangað til þau komu í baðstofu. Dimmt var að sjá fyrir hennar augum í öðrum enda baðstofunnar en ljós brann í hinum. Þar sá hún að kona lá á gólfi og hafði hljóð nokkur og gat ei fætt barnið. Konu gamla sá hún hjá henni mjög **angurbitna**. Maðurinn er leiddi hana þangað mælti til hennar:

– Gakktu upp og hjálpaðu konu minni svo hún fæði barnið.

Stúlkan gekk upp og þar að er konan lá en gamla konan fór á burt. Hin aðkomna stúlka fór höndum um konuna er á gólfi lá eftir því er við átti og hún

vissi að við þurfti. Greiddist þá fljótt um fyrir konunni svo að barnið fæddist. En þegar barnið var fætt kom faðir barnsins með glas og sagði henni að bera úr því í augu barnsins en varast að láta það koma í sín augu. Hún gerði svo að hún bar úr glasinu í augu barnsins. En þá það var búið strauk hún fingrinum um annað auga sitt. Sá hún þá með því auganu að margt fólk var í hinum enda baðstofunnar. Maðurinn tók af henni glasið og gekk með það á burt, kom síðan aftur og þakkaði henni fyrir hjálpina og hið sama gerði konan. Sögðu þau henni að hún mundi verða gæfukona. Hann gefur henni þá klæði í svuntu er hún þóttist aldrei slíkt séð hafa. Síðan tekur hann í hönd hennar og leiðir hana á burt þangað til hann kom með hana að kirkjugarðinum þaðan sem hann leiddi hana og gengur síðan á braut en hún fer heim til sín.

Á þessum komandi vetri andaðist kona prestsins en stúlka þessi varð kona hans. Oft sagðist hún sjá huldufólk: **Það var og að þá hún sá** það taka saman heyflekki sína lét hún taka saman hey hjá sér, enda var þá skammt til vætu þótt bjart loft væri.

Það var einu sinni að hún fór í kaupstað með prestinum manni sínum. Þá hún var í búðinni sá





Maðurinn tók í hönd hennar og sagði hún skyldi koma með sér eða hafa verra af.

Áð lestri loknum

1. Finndu Odda á Rangárvöllum á landakortinu. Kynntu þér sögu staðarins. Skráðu nokkrar helstu niðurstöður.
2. „Þá muntu fá að reyna umbreytingu á gæfu þinni.“ Hvernig má skilja orð mannsins?
3. Hvaða laun átti stúlkan að fá fyrir hjálpsemina?
4. Af hverju ætli huldumaðurinn hafi hagað sér svona í lok sögunnar?
5. Gerðu góða grein fyrir umhverfi sögunnar. Dragðu saman aðalatriði hennar og skráðu hjá þér.

hún þar hinn fyrrnefnda álfamann að hann bar varning út frá huldukaupmanni er þar var. Þá varð henni það á að hún heilsaði honum og sagði:

– Sæll vertu, kunningi, ég þakka þér fyrir síðast. En hann gekk þá að henni, brá fingri í munn sér og dró um auga hennar. En við það brá henni svo að hún sá eigi þaðan í frá huldufólk eða athafnir þess.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



reyna umbreytingu á gæfu þinni:
gæfa þín mun breytast, þú munt verða ógæfukona

angurbitin: sorgbitin

það var og að þá hún sá: einnig var það svo að þegar hún sá

19. Ertu þyrstur, viltu drekka?

Sögugluggi

Piltur nokkur sér álfkonu í kletti og bregður svo að hann missir málið og svarar ekki kveðju hennar. Það reynist honum dýrkeypt.

Unglingspiltur var einu sinni að smala fé langt frá bæjum upp á fjalli. Veður var heitt og hann bæði göngumóður og þyrstur en hann kom hvergi auga á vatn til að svala sér á. Hann gengur nú hjá stórum hamri og heyrir honum þar eitthvað inni; hann ímyndar sér að einhvers staðar kunni vatn að renna ofan af klettinum og fer að skyggna um. Þá heyrir hann glöggt strokkhljóð og í sama vetfangi þykir honum hamarinn vera opinn og sér hann þar unglegan kvenmann **snöggklæddan** sem stendur upp við háan rúmgafl og **skekur strokk**. Við þessa sýn verður honum nokkuð bilt en horfir þó um stund á stúlkuna og virðir hana fyrir sér. Hún horfir líka á hann og hættir á meðan verki sínu og segir loksins:

– Ertu þyrstur, viltu drekka?

Við þetta ávarp varð hann dauðhræddur og hljóp í burtu. Þegar hann kom heim sagði hann greindum manni á heimilinu þessa sýn. Þá sagði hinn:

– Ekki skyldi mér hafa farið eins og þér; ég hefði þegið það sem mér var boðið.

En næstu nótt dreymdi piltinn sömu stúlkuna og segir hún við hann:

– Því vildir þú ekki þiggja af mér svaladrykk? Ég bauð þér hann í einlægni.

Pilturinn þóttist svara:

– Ég gat það ekki fyrir hræðslu. Þá segir hún:

– Hefðir þú þegið af mér að drekka skyldir þú hafa orðið mesti **auðnumaður** en nú legg ég það á þig að þú getir aldrei orðið annað en fjársmala-maður. Að svo mæltu hvarf hún. En pilturinn fór á næsta vori úr þessu byggðarlagi af ótta við stúlkuna; hann sá hana ekki oftar hvorki í vöku né svefni. En ámæli hennar urðu að **áhrínsorðum**.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



snöggklæddur: yfirhafnarlaus

skekur strokk: strokkar, gerir smjör

auðnumaður: hamingjumaður

áhrínsorð: spádómsorð sem ræstast



Áð lestri loknum

1. Hvers vegna þáði pilturinn ekki drykkinn úr því hann var bæði þyrstur og móður?
2. Hvers vegna ætli kvenmaðurinn hafi lagt þessi álög á piltinn?
3. Hvað segir þessi saga um skapgerð álfa og huldufólks?
4. Dragðu saman aðalatriði sögunnar og skráðu hjá þér.



*Sá hann unglegan kvenmann
sem stóð við háan rúmgasfl
og strokkaði.*

20. Sveinninn sem undi ekki með álfum

Sögugluggi

Ungur drengur hverfur en finnst aftur að viku liðinni. Segist hann hafa gist í álfaklettum. Ekki hafði hann þó viljað dvelja þar lengur því að honum líkaði ekki maturinn. En hann bar alla ævi merki um heimsóknina.



Sveinninn bar alla ævi merki um heimsókn sína til álfanna.

Norður í Þingeyjarsýslu hvarf eitt sinn drengur á fjórða árinu. Að viku liðinni fannst hann undir háum klettum er voru í nánd við bæinn. Voru þá þrjú fingraför á kinn hans. Er hann var spurður hvar hann hefði dvalið sagðist hann hafa verið á bænum þarna og benti þeim þar á er þeim virtust vera klettur einir.

Sagði hann að þar byggði álfafólk og hefði það viljað heilla sig en hann sagðist ekki hafa getað borðað hjá því því allur matur hefði sér sýnst maðkaður. Hefði það þá séð að **ekki hefði orðið um sig tætt** og hefði því gömul kona leitt sig brott og sagt að hann skyldi þó bera þess menjar að hann hefði dvalið

hjá álfafólki, slegið sig kinnhest og gengið síðan burt.

Eftir þetta ólst drengurinn upp, mannaðist vel og varð merkisbóndi. Eitt sinn reið hann, er hann var orðinn gamall maður, fram hjá klettum þeim er hann fannst undir og kvað hann þá vísu þessa:

*Þessar klappir þekkti ég fyrr,
þegar ég var ungur.
Átti ég víða á þeim dyr
eru þar skápar fallegir.*

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



ekki hefði orðið um sig tætt: ekki verið hægt að hemja sig, koma tauti við

Að lestri loknum

1. Finndu Þingeyjarsýslu á landakortinu.
2. Hvers vegna sló gamla konan drenginn?
3. Endursegðu söguna með þínum orðum.



21. Úlffildur álfkona

Sögugluggi

Kona kemur að bæ og beiðist gistingar. Er hún ráðin þar vinnukona. Hún er orðlögð fyrir dugnað en ekki fer hún til kirkju. Vinnumaður tekur eftir því að konan fer af bæ á jólanótt. Hann fer í humátt á eftir henni og hefur það afdrifaríkar afleiðingar fyrir þau bæði.

Einu sinni var bóndi á bæ; hann bjó norður við Mývatn. Það vatn er svo stórt að ekki er minni vegur utan um það en **þingmannaleið**.

Það bar til einu sinni í byrjun túnasláttar þegar fólk var allt að heyvinnu úti á túninu að kona kemur frá vatninu og stefnir að bænum. Hún gengur til bónda og biður hann að lofa sér að vera í nótt. Bóndi lofar henni það. Hann spyr hana að nafni en hún kvaðst heita Úlffildur. Bóndi spyr hana hvaðan hún sé en hún eyddi því. Um kvöldið er tekið saman hey hjá bónda og biður Úlffildur þá um hrífu. Rakar hún þá ei minna en á við tvo meðalkvenmenn og þó í gildara lagi væru. Næsta morgun vill Úlffildur raka með hinum vinnukonunum en bóndi kveðst ekki þurfa þess með og lætur á sér heyra að hann helst vilji að hún fari burt. Þá fer Úlffildur að gráta. Lofar þá bóndi henni að vera þennan dag.

Næsta morgun segir bóndi að nú verði hún að fara en þá fer hún að gráta. Kennir þá bóndi í brjósti um hana og leyfir henni að vera viku. Þegar vikan er liðin kveðst bóndi nú ekki lengur geta haldið hana en það fer eins og fyrr að þá fer Úlffildur að gráta. Verður það þá úr að hann lofar henni að vera sum-

arið út og verður hún því mjög fegin. Öllum á heimilinu líkaði vel við Úlffildi því enginn þóttist hafa þekkt duglegri, þrifnari eða siðferðisbetri kvenmann. Þegar líður undir haustið er það ráðgjört að Úlffildur skuli vera árið út og litlu seinna **er hún föluð** til að vera næsta ár.



þingmannaleið: dagleið ferðamanna að gömlu mati, um 37,5 km

er hún föluð: er hún beðin, fengin til að vera, ráðin

Það varð úr að bóndi lofaði henni að vera út árið.



Þegar líður að jólum fram þann næsta vetur fær húsfreyja henni **skæði** til að gera úr skó til jólanna handa sér og vinnumönnum þeim tveimur sem hún þjónaði. Hún gerir skæðin handa vinnumönnum en sín skæði lætur hún vera ógerð. Á jóladaginn fara allir til kirkju nema Úlfhildur er ein heima.

Önnur jólanótt

Er nú ekkert til frásagnar þangað til að líður fram að næstu jólum. Húsfreyja fær Úlfhildi skæði eins og fyrra árið til jólanna en hún gerir skæði vinnumannanna en ekki sín skæði.

Á jóladaginn fara allir til kirkju nema Úlfhildur er ein heima. En á jólanóttina þóttist annar vinnumaðurinn hafa orðið þess var að Úlfhildur hefði eitthvað á burt farið og hugsaði sér ef hann yrði henni samtíða næstu jólanótt að gæta betur að hvað henni liði.

Líða nú jólin og veturinn og kemur Úlfhildur sér einkar vel og þóttust menn ekki vita hennar jafningja fyrir margra hluta sakir. Er ekkert til frásagnar þar til líður að þriðju jólunum. Húsfreyja fær Úlfhildi skæði í jólaskó að vanda og gerir hún skóna handa vinnumönnum eins og fyrr en ekki sína. Húsfreyja mælti við Úlfhildi að nú yrði hún að fara til kirkju á jóladaginn því hún kvaðst **hafa mætt álassi** af presti fyrir það að hún færi aldrei til kirkju. Úlfhildur talaði fátt um og eyddi því.

Þegar allir eru háttaðir á jólanóttina en vinnumaður sá vakandi sem áður er um getið fer Úlfhildur á fætur hægt svo enginn heyrir og laumast út úr

bænum en vinnumaður fer á eftir. Hún gengur að vatninu og þegar hún kemur þar tekur hún upp glófa og gnýr þá og verður þegar brú yfir vatnið. Gengur hún brúna og vinnumaður á eftir. Þegar hún er komin yfir vatnið **gnýr hún glófana** aftur svo brúin



skæði: tilskorið skinn í skó

hafa mætt álassi: hafa fengið ávítur, ámæli

gnýr hún glófana: nuddar hanskana



Var þá allt í einu komin brú yfir vatnið.



hverfur. Úlfhildur heldur áfram ferðinni og sýnist vinnumanni sem hún nú haldi niður í jörðina og verður dimmt mjög þar sem hún fer. Getur þó vinnumaður séð til hennar og heldur alltaf á eftir.

Þau halda nú lengi áfram ferðinni þangað til smátt og smátt fer leiðin að verða bjartari. Loksins koma þau á slétta og fagra völlu og voru þeir svo fagrir og blómlegir að vinnumaður hafði aldrei séð svo fallegan stað. Beggja megin vegarins var allþakið af fögrum blómum og voru grundirnar ljósbleikar á að líta þegar sólin skein á fíflana og aldinin. Sauðahjörð reikaði um flatlendið en stundum reif hún í sig blómin með áfergju. Náttúran var yfirhöfuð íklædd hinum fegursta búningi.

Á þessu graslendi miðju stóð fögur höll og virtist vinnumanni það vera konungshöll svo var hún skrautleg til að sjá. Þangað gekk Úlfhildur og inn í höllina. En vinnumaður stóð í **afkima** fyrir utan. Hjá höllinni stóð kirkja og var það fögur bygging. Þegar lítil stund er liðin kemur Úlfhildur út úr höllinni íklædd drottningarskrúða og hefur gullhring á hverjum fingri. Hún ber barn á handlegg sér en við hina hlið hennar gengur maður með kórónu á höfði og klæddur konungsskrúða. Ímyndar vinnumaður sér að þetta sé kóngur og drottning. Þau gengu í kirkjuna og fylgdi þeim mikill fjöldi fólks sem allt var einkar vel búíð og var gleðisvipur á öllum.

Vinnumaður gekk nú að kirkjudyrunum og sá hann enginn og Úlfhildur vissi heldur ekkert af honum. Í þessu bili var tekið til messu og mátti heyra fallegar hörpur og fallegan söng. Barnið sem Úlfhildur hélt á varð **óspakt** um messuna og hljóð-

aði. Léði hún því þó einn gullhring af hendi sinni en barnið fleygði honum fram eftir kirkjugólfinu svo vinnumaður gat náð hringnum.

Þegar messan var úti gengu allir úr kirkju og Úlfhildur með hinum velklædda manni inn í höllina og sýnist þá vinnumanni vera sorgarsvipur á öllum. Að stundarkorni liðnu kemur Úlfhildur í sínum fyrra búningi, gengur frá höllinni og flýtir sér. Hún fer veginn sama sem hún kom og vinnumaður á eftir. Er ekkert frá sagt fyrr en þau koma að vatninu og leit vegurinn eins út að vatninu eins og fyrr er frá sagt. Við vatnið gnýr hún glófana og þá kemur brúin og ganga þau hana yfir vatnið. Þá gnýr hún glófana aftur og brúin hverfur. Í þessum svifum flýtir vinnumaður sér á undan Úlfhildi heim og háttar en hún kemur á eftir og háttar líka og er þá rétt komið undir dag.

Úlfhildur leysir frá skjóðunni

Nú dagar og fer fólk á fætur. Þá mælti húsfreyja við Úlfhildi að nú yrði hún að fara til kirkju í dag. Þá gegnir vinnumaður og segir að hún þurfi víst ekki að fara til kirkju í dag því hún hafi verið við kirkju í nótt.

– Mæltu manna heppnastur ef þú getur sannað, mælti Úlfhildur.

Segir þá vinnumaður alla sögu hvernig til hafi gengið um nóttina og sýnir gullhringinn til merkis. Nú verður Úlfhildur glöð mjög og segir frá hvernig á standi fyrir sér. Hún kveðst vera drottning úr álfheimum, segist hún **hafa yrst** við kerlingu en hún



í afkima: í skoti eða horni afsíðis

óspakt: óþægt, lét illa

hafa yrst: orðið sundurorða.



Í gröf við vatnið var mikill fjársjóður.

hafi lagt það á sig að hún skyldi alltaf mega vera í mannheimum þaðan í frá nema því aðeins að mennskur maður kæmist með henni til álfheima á jólanótt, þeirri fyrstu, annarri eða þriðju eftir það á hana var lagt. Það eina leyfði kerlingin að hún skyldi mega finna mann sinn í þrjár jólanætur. En Úlfhildur kvaðst aftur hafa lagt það á kerlingu að hún skyldi deyja ef hún kæmist úr álögnum. Úlfhildur mælti við vinnumanninn:

– Það mæli ég um að þú verðir hinn mesti gæfumaður héðan í frá og á morgun skaltu ganga ofan að vatninu. Muntu þá finna sjóði tvo; skaltu eiga þann minni en húsbændur þínir þann stærri.

Síðan bjóst Úlfhildur til ferðar og kvaddi alla með vinsamlegum orðum. Hún flýtti sér og hélt ofan að vatninu og hvarf svo enginn hefur séð hana síðan en allt heimilisfólkið saknaði hennar.

Daginn eftir gekk vinnumaður ofan að vatninu og fann þar tvo sjóði og voru báðir stórir. Í minni sjóðnum voru gullpeningar en silfurpeningar í hinum stærri. Er sagt að vinnumaður yrði frá þessum tíma gæfumaður alla ævi og endar svo saga þessi.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Að lestri loknum

1. Finndu Mývatn á landakortinu. Í hvaða sýslu er það?
2. Um hvaða leyti hófst túnasláttur yfirleitt í gamla daga? Einn mánuður bar nafn er tengdist slætti. Hvað hét hann og hvenær í árinu var hann?
3. Úlfhildur skyldi gera sér skó til jólanna og einnig vinnumönnum þeim tveimur sem hún þjónaði. Kynntu þér þjónustu vinnukvenna við vinnumenn áður fyrr. Leitaðu á bókasafni eða Netinu. Skráðu helstu niðurstöður.
4. Hvar fór Úlfhildur til messu um jólin?
5. Vinnumaður gat sannað sögu sína með því að sýna einn hlut. Hvað var það og hvernig fékk hann hlutinn í hendur?
6. Segðu með eigin orðum söguna sem Úlfhildur sagði fólkinu.
7. Finndu sex lýsingarorð sem eiga við um Úlfhildi.
8. Hvaða einkenni þjóðsagna eða ævintýra hefur þessi saga?



22. Selmatseljan

Sögugluggi

*Prestur nokkur gerir fósturdóttur sína að ráðskonu í seli.
Hún verður ófrísk í selinu en ekki er vitað hver er faðirinn.
Það kemur þó í ljós undir lok sögunnar.*

Prestur var eitt sinn fyrir norðan sem hafði upp alið stúlkubarn. Frá prestssetrinu var **selstaða** langt á fjöllum uppi og hafði prestur þar jafnan fé og kýr á sumrum, ráðskonu og smala.

Þegar fósturdóttir hans varð eldri varð hún sel-ráðskona og fór henni það sem annað vel úr hendi því hún var **ráðdeild**arkvenmaður, fríð sýnum og vel að sér um marga hluti. Urðu því margir efnismenn til að biðja hennar, því hún þótti hinn besti kvenkostur norður þar. En hún hafnaði öllum.

Einu sinni kom prestur að máli við uppeldisdóttur sína og hvatti hana mikillega að giftast og taldi það til að ekki yrði hann ætíð til að sjá henni farborða þar sem hann væri maður gamall. Hún tók því allfjarri og kvaðst engan hug leggja á slíkt og sér þætti vel sem væri og **ekki sæktu allir gæfu með gjaforðinu**. Skildu þau að svo mæltu um hríð.

Þegar leið á veturinn þótti mönnum selráðskonan þykkna undir belti og fór þykktinni því meir fram sem lengur leið á. Um vorið kom fóstri hennar aftur að máli við hana og bað hana segja sér frá högum sínum og sagði hún mundi víst vera



selstaða: að vera með fé í seli

ráðdeild: hagsýni

ekki sæktu allir gæfu með gjaforðinu: hjónaband yrði ekki öllum til gæfu



Prestur hvatti hana til að giftast.

barnshafandi og að hún mundi ekki í selið fara það sumar. Hún neitaði þverlega að hún væri eigi ein-sömul og kvað sér ekki til meina og selstörf skyldi hún annast eins það sumar og áður.

Þegar klerkur sá að hann kom engu áleiðis við hana lét hann hana ráða en það menn þá er voru í selinu að ganga eigi nokkru sinni frá henni einni og hétu þeir honum góðu um það. Síðan var flutt í selið og var ráðskonan hin kátasta. Leið svo fram um hríð að ekki bar til tíðinda. Selmenn höfðu sterkar gætur á ráðskonunni og létu hana aldrei eina.

Eitt kvöld bar svo við að smalamanni var vant alls fjárins og kúnna. Fór þá hvert mansbarn úr selinu nema selráðskonan var ein eftir. Sóttist leitar-mönnum seint leitin og fundu eigi féð fyrr en undir morgun **með því** niðþoka var á. Þegar leitarmenn komu heim var **matseljan** á fótum og venju fremur fljót á fæti og létt á sér. Það sást og þegar frá leið að þykkt hennar hafði minnkað en ekki vissu menn með hverju móti og þótti mönnum að þykktin hefði verið annars kyns þykkt en barnsþykkt.

Var svo allt flutt úr selinu um haustið heim, menn, fénaður og söfnuður. Sá prestur það að matseljan var mjóslegnari um mittið en hún hafði verið veturinn áður.

Gekk hann þá á hina selmennina og spurði þá hvort þeir hefðu **brugðið af boði sínu** og gengið allir frá selmatseljuni. En þeir sögðu honum svo sem var að þeir hefðu alls einu sinni frá henni farið að leita því alla **málnytuna** hefði vantað. Klerkur reiddist og **bað þá aldrei þrífast** sem breytt hefðu

boði sínu og kvað sig hafa grunað þetta þegar selmatseljan fór í selið um vorið.

Gifting

Veturinn eftir kom maður að biðja fósturdóttur prestsins og tók hún því allfjarri. En prestur sagði hún skyldi ekki undan komast að eiga hann því hann hafði almenningslof á sér og var góðra manna. Hann hafði tekið við búi eftir föður sinn um vorið og var móðir hans fyrir framan hjá honum. **Varð svo þessum ráðahag framgengt** hvort konunni var það ljúft eða leitt. Um vorið var brullaup þeirra hjá prest. En áður konan klæddist brúðarfötum sínum sagði hún við mannsefnið:



með því: af því að, þar sem

matselja: eldabuska, kona sem eldar mat

brugðið af boði sínu: óhlýðnast sér
málnytta: kýr og ær sem gefa mjólk, sú mjólk sem fæst í eitt mál á bæ

bað þá aldrei þrífast: að þeir döfnuðu ekki vel, hefðust illa við

varð þessum ráðahag framgengt: var ákveðið að þau yrðu gefin saman



– Það **skil ég til við þig** fyrst þú átt að ná ráðahag við mig að mér nauðugri að þú takir aldrei vetursetumann svo að þú látir mig ekki vita áður því ella mun þér ekki hlýða og hét bóndi henni því. Leið svo af veislan og fór hún heim með bónda sínum og tók til búsforraða en þó með hangandi hendi því aldrei var hún glöð eða **með hýrri há** þótt bóndi hennar léki við hana á alla vegu og vildi ekki láta hana taka hendi í kalt vatn. Hvert sumar sat hún inni þegar aðrir voru að heyvinnu og tengdamóðir hennar hjá henni til að skemmta henni og annast um matseld með henni. Þess á millum sátu þær og þrjúnuðu eða spunnu og sagði eldri konan tengdadóttur sinni sögur henni til skemmtunar.

Eitt sinn þegar gamla konan hafði lokið sögum sínum sagði hún við tengdadóttur sína að nú skyldi hún segja sér sögu. En hún kvaðst engar kunna. Hin gekk því fastar að henni svo hin hét þá að segja henni þá einu sögu sem hún kynni og hóf þannig frásögn sína:



skil ég til við þig: set ég sem skilyrði

með hýrri há: glaðleg, eins og henni liði vel



*Astmaðurinn kom til hennar,
laugaði barnið og reifaði.*

– Einu sinni var stúlka á bæ. Hún var selmatselja. Skammt frá selinu voru hamrar stórir og gekk hún oft hjá hömrunum. Huldumaður var í hömrunum, fríður og fallegur, og kynntust þau brátt og varð þeim allkært saman. Hann var svo góður og eftirlátur við stúlkuna að hann **synjaði henni einskis hlutar** og var henni til vilja **í hvívetna**. Fóru þá svo leikar þegar fram liðu stundir að selmatseljan **var eigi einsöm** og gekk húsbóndi hennar á hana með það þegar hún átti að fara í selið sumarið eftir en stúlkan neitaði áburði þessum og fór í selið sem hún var vön. En húsbóndinn bað þá er í selinu voru að fara aldrei svo frá henni að hún væri ein eftir og hétu þeir honum góðu um það. Eigi að síður fóru allir frá henni að leita fjárens og þá tók hún léttasóttina. Kom þá maður sá til hennar er hún hafði haft samræði við og sat yfir henni og skildi á milli, laugaði barnið og reifaði. En áður hann fór burtu með sveininn gaf hann henni að drekka af glasi og það var sá sætasti drykkur sem ég hef ..., í því datt hnoðað úr hendinni á henni, sem hún var að þrjóna af, svo hún laut eftir hnoðanu og leiðrétti, – sem hún hafði smakkað, vildi ég sagt hafa, svo hún varð á samri stundu alheil allra meina. Upp frá þeirri stundu sáust þau ekki, stúlkan og huldumaðurinn, en hún giftist öðrum manni sárnauðug því hún þráði svo mjög hinn fyrri ástmann sinn og sá aldrei upp frá því glaðan dag. Og lýkur hér þessari sögu.

Vetursetumennirnir

Tengdamóðirin þakkaði fyrir söguna og setti hana vel á sig. Fór svo fram um hríð að ekki bar til tíðinda og konan hélt teknum hætti um ógleði sína en var þó góð við mann sinn.

Eitt sumar þegar mjög var liðið á slátt komu tveir menn, annar stærri en annar, í teiginn til bónda. Báðir höfðu þeir síða hetti á höfði svo óglögg sást í andlit þeim. Hinn meiri hattmaður tók til orða og bað bónda veturvistar. Bóndi kvaðst ekki taka nokkurn mann á laun við konu sína og kvaðst hann mundi hitta hana að máli áður en hann héti þeim vistinni. Hinn meiri maður bað hann ekki mæla svo óvirðulega að slíkur höfðingi ætti það konuríki að hann væri ekki einráður í slíkum smámunum sem að gefa tveimur mönnum mat einn vetrartíma. Svo það verður að ráði með þeim að bóndi hét mönnum þessum veturvist **að konu sinni fornspurðri**.



synjaði henni einskis hlutar:
neitaði henni ekki um neitt
í hvívetna: að öllu leyti
var eigi einsöm: hún var
barnshafandi, ólétt
að konu sinni fornspurðri: án
þess að spyrja hana



Um kvöldið fara komumenn heim til bónda og lét hann þá fara í hús nokkurt frammi í bænum og bað þá þar vera. Bóndi gengur til húsfreyju og segir henni hversu nú var komið. Húsfreyja snerist illa við og sagði þetta hina fyrstu bæn sína og að líkindum þá seinustu. En fyrir því að hann hefði einn við mönnunum tekið þá skyldi hann og einn fyrir sjá hvað hlytist af veturvist þeirra og skildu svo talið.

Var nú allt kyrrt þangað til húsfreyja og húsbóndi ætluðu til altaris um haustið. Það var venja þá, sem enn er sums staðar á Íslandi, að þeir sem ætla sér að vera til altaris ganga fyrir hvern mann á bænum, kyssa þá og biðja þá fyrirgefningar á því **sem þeir hafi þá styggð**a. Húsfreyja hafði allt til þessa forðast vetursetumennina og aldrei látið þá sjá sig og svo var og að þessu sinni að hún kvaddi þá ekki. Svo fóru hjónin af stað. En þegar þau voru komin út fyrir túngarðinn sagði bóndi við húsfreyju:

– Þú hefur sjálf sagt kvatt vetursetumennina. Hún kvað nei við. Hann bað hana ekki gjöra þá óhæfu að fara svo hún kveddi þá ekki.

– Í flestu sýnir þú að þú metur mig lítils, fyrst í því að þú tókst við mönnum þessum að mér fornspurðri og nú aftur þar sem þú vilt þröngva mér til **að minnast við** þá. En ekki fyrir það, ég skal hlýða, en þú skalt fyrir sjá því **þar á ríður líf mitt** og þitt með að líkindum.

Hún snýr nú heim og seinkar henni mjög heima. Bóndi fer þá heim og kemur þangað sem hann átti von á vetursetumönnum og finnur þá í herbergi þeirra. Hann sér hvar veturvistarmaður hinn

meiri og húsfreyja liggja bæði dauð í faðmlögum á gólfinu og **höfðu þau sprungið af harmi**. En hinn veturvistarmaðurinn stóð grátandi yfir þeim þegar bóndi kom inn en hvarf í burt litlu síðar svo enginn vissi hvert hann fór.

Þóttust nú allir vita af sögu þeirri er húsfreyja hafði sagt tengdamóður sinni að hinn meiri komu- maður hefði verið huldumaður sá sem húsfreyja hafði kynnst við í selinu og hinn minni sonur þeirra sem á burt hvarf.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



sem þeir hafi þá styggða: hafi gert á hlut þeirra, styggt þá

að minnast við: að kyssa

þar á ríður líf mitt: líf mitt er undir því komið

höfðu þau sprungið af harmi: þau dóu úr sorg

Áð lestri loknum

1. Kynntu þér störf í seli áður fyrr. Skráðu helstu upplýsingar.
2. Hvernig komst gamla konan að því að konan var að segja sína eigin sögu?
3. Hvað finnst þér sorglegast við söguna sem konan sagði gömlu konunni?
4. Hvaða mistök gerði eiginmaður konunnar og hvaða afleiðingar höfðu þau?
5. Í þjóðsögunum er oft talað um að einhver springi af harmi. Hvað ætli sé átt við?
6. Útskýrðu merkingu eftirfarandi:
 - a) fór þykktinni því meir fram sem lengur leið á
 - b) hún neitaði að hún væri eigi einsömum og kvað sér ekki til meina
 - c) smalamanni var vant alls fjárins
 - d) var móðir hans fyrir framan hjá honum
 - e) hinn meiri maður bað hann ekki mæla svo óvirðulega að slíkur höfðingi ætti það konuríki að hann væri ekki einráður í slíkum smámunum



Draugar



Ekki er undarlegt að fólk hafi óttast drauga í gamla daga. Það bjó í illa upplýstum húsum, úti voru engin götuljós, ekkert rafmagn og oft var tunglið eina lýsingin sem menn höfðu á ferðum sínum. Enda töldu þeir sig stundum mæta ýmsu misjöfnu. Af þessu eru til margar sögur.

Hér er fyrst saga af sjómanni sem kemur í höfn og leitar gistingar. Hann hittir einkennilega stúlku og eltir hana. Ekki reynist það honum að öllu leyti hættulaust. Næst er sagan af Miklabæjar-Solveigu. Hún leggur ofurást á prest nokkurn sem hafnar henni og þá tekur hún líf sitt í ástarsorginni. En Solveig er jarðsett utangarðs og gengur aftur. Ofsækir hún nú prestinn af miklum móði og er ekki útséð um hvort hann muni halda lífi fyrir henni. Tískildingurinn er lítil saga um mann sem grefur pening í jörð og ætlar að vitja hans þegar hann deyr. Loks er sagan af Jóni óhrædda. Hún fjallar um mann sem ekki kann að hræðast. Leitar hann víða eftir aðstoð því hann langar til að kynna hræðslunni en ekkert virðist geta vakið honum hræðslu. Þangað til að lokum að lausnin kemur úr óvæntri átt.

23. Hverf er haustgríma

Sögugluggi

Sjómaður kemur til Reykjavíkur um haust og ætlar að gista nokkrar nætur. Gististaðurinn verður þó annar en hann ætlaði og hann lendir í miklum hremmingum.

Einhverju sinni síðla hausts bar svo til að sjómaður nokkur kom með skipi til Reykjavíkur og ætlaði hann að dveljast þar um sinn. Eigi er þess getið hvað hann hét. Skipið sem hann kom með varð seint fyrir svo að langt var liðið á kvöld er það lagðist við hafnarbakkann. Steig maðurinn nú á land með föggur sínar sem hann hafði í poka eins og sjómönnum er títt.

Ókunnugur var hann í bænum og átti þar ekki vissan næturstað en einhver hafði ráðlagt honum að leita sér gistingar í **Herkastalanum**. Spurði hann til vegar og segir ekki af ferðum hans fyrir en þangað var komið. Voru þá flestir gengnir til náða enda komið fram á rauðanótt. Tókst honum þó að koma boðum til húsráðanda og beiðast gistingar en fékk það svar að slíks væri enginn kostur því að hvert rúm væri skipað.



hverf: breytileg, hverful

haustgríma: haustnótt

Herkastalinn: húsnæði hjálpræðishersins

gaf gaum að: tók eftir, veitti athygli

þreyttu þessa för: héldu áfram ferðinni

Heldur hann við svo búið út á strætið og hugsar ráð sitt. Fátt manna var á ferli enda veður dimmt og drungalegt. Hittir hann þó einhverja að máli þar á götunni og spyrst fyrir um gististaði í bænum en enginn gat leyst vandræði hans. Reikar hann nú eftir götunni uns hann nemur staðar við búðarglugga einn.

Eigi hefur hann staðið þar lengi er hann sér dökkklædda stúlku við næsta glugga. Hugsar hann þá með sér að engu sé spillt þótt hann hafi tal af stúlkunni ef svo ólíklega mætti verða að hún gæti vísað honum á gististað. Heldur hann nú í áttina til stúlkunnar en jafnskjótt leggur hún af stað og fer undan. Greikkar hann þá sporið en eigi dregur saman með þeim heldur. Þykir honum þetta kynlegt og hugsar með sér að stúlkan þurfi ekki að vera hrædd við sig enda skuli þau ekki skilin að skiptum við svo búið og hraðar nú göngunni sem mest hann má uns hann hleypur við fót en það kemur fyrir ekki. Stúlkan er jafnlangt á undan honum sem fyrr. Einhver umferð var á götunni og þó lítil en ekki **gaf** maðurinn neinn **gaum að** vegfarendum heldur herti gönguna sem mest hann mátti á eftir stúlkunni.

Þannig **þreyttu** þau lengi **þessa för** um dimmar





*Hann sá dökkklædda stúlku
við næsta búðarglugga.*

götur og þóttist maðurinn skynja að þau færu langa hríð eftir breiðu stræti uns þau væru komin utarlega í bæinn. Allt í einu vókur stúlkan til vinstri handar og snýr inn á hliðargötu er lá ofan í móti og þóttist maðurinn finna þar fjöruþef nokkurn. Eigi hafa þau lengi farið götu þessa áður en stúlkan nemur staðar við hús eitt lítið og hverfur þar inn. Hvergi var ljós í glugga og dimmt allt umhverfis. Hurð féll ekki fast að stöfum á eftir stúlkunni og fer maðurinn inn í húsið.

Niðamyrkur var þar inni og þóttist maðurinn skynja að hann væri staddur í allstóru herbergi. Eldfæri hafði hann engin og þreifar nú fyrir sér uns hann finnur bekk einn allháan. En með því að maðurinn var bæði þreyttur og móður af göngunni sest hann á bekkinn og bíður átekt. Steinhljóð var í húsinu. Ræður maðurinn því af að láta fyrir berast þar sem komið var, leggst fyrir á bekknum og sofnar skjótt.

Draumurinn

Dreymir hann þá að stúlkan, förunautur hans, kemur þar til hans og er



Hafði hún hann undir og náði á honum kverkataki.

ærið **gustmikil**. Skiptir það engum togum að hún ræðst á hann þegar og takast með þeim harðar sviptingar. Það þykist maðurinn finna að stúlkan reyni jafnan að taka fyrir kverkar honum og er hún svo áköf

að hann má hafa sig allan við að verjast. Kemur þar að lokum að hún hefur hann undir og nær á honum kverkataki. Þykist hann aldrei fyrr í slíka raun komist hafa og neytir ýtrustu orku til þess að verjast **meinvætt** þessari. Tekst honum þá með einhverjum hætti að brjótast á fætur og losa sig.

En í því vaknar hann og liggur þá á gólfinu ofan á einhverju **hrúgaldi**, þreifar fyrir sér og þykist finna að það sé lík. Varð hann þá gripinn ofsalegri hræðslu, spratt á fætur og var það eitt í hug að komast sem fyrst á brott. Litla skímu lagði inn um rifu á hurðinni en ekki aðgætti hann þó frekar hversu umhorfs var í húsinu heldur þaut á dyr og var þá tekið að birta af degi.

Hleypur hann nú upp götuna uns hann hittir fyrir sér verkamenn nokkra sem voru á leið til vinnu sinnar. Sáu þeir þegar hve mjög mannum var brugðið og spurðu hvernig háttað væri um ferðir hans. Gat hann lítið sagt þeim í samhengi enda virtist hann blanda saman draumi og veruleika. Þó gat hann bent þeim á húsið þar sem hann hafði gist. Litu þeir þá hver á annan og þótti sýnt að maðurinn væri eigi með sjálfum sér.



gustmikil: áköf, ofsafull

meinvættur: óvættur, skaðleg skepna

hrúgald: ólögleg hrúga



Varð það því að ráði þeirra að fara með hann ofan á lögreglustöð. Þegar þangað kom endurtók maðurinn sögu sína fyrir lögreglumönnum þeim sem á verði voru og þó í nokkru meira samhengi en fyrr. Lögregluþjónarnir spurðu hann hvort hann mundi geta rakið leiðina sem hann hefði haldið á eftir stúlkunni eða fundið húsið þar sem hann hefði átt náttstað. Hann kvaðst vel mega freista þess og húsið mundi hann að vísu finna.

Fór nú lögregluþjónn með honum og héldu þeir fyrst að Hótel Íslandi. Skammt þaðan þóttist hann þekkja búðargluggann sem hann hefði staðið við þá er hann sá stúlkuna. Síðan rakti hann leið þeirra um Austurstræti og Lækjartorg, inn Hverfisgötu allt að Frakkastíg. Þar sveigði hann niður stíginn og létti eigi fyrr en hann kom að líkhúsi Franska spítalans. Þar kvaðst hann hafa dvalist um nóttina. En er hann ætlaði að fara inn í húsið var hurðin harðlæst og þótti honum það næsta kynlegt.

Lögregluþjónninn hafði lykil sem gekk að skránni eða fékk hann á sjúkrahúsinu. Síðan opnaði hann húsið. En þegar inn var komið sáu þeir að konulík lá á gólfinu við hliðina á líkbörunum en við endann á þeim lá poki sjómannsins með föggum hans í.

*Pálmi Hannesson: Mannraunir.
Eftir sögn Brynjólfs Bjarnasonar*

Að lestri loknum

1. Hvar er Herkatalinn? Við hvaða her er hann kenndur?
2. Af hverju fór maðurinn að elta stúlkuna?
3. Hvernig stóð á því að maðurinn sofnaði inni í ókunnu, niðdimmu húsi?
4. Lýstu átökunum við stúlkuna. Voru þau draumur eða veruleiki?
5. Hvaða hús var það sem maðurinn gisti í?
6. Finndu upplýsingar á Netinu um Franska spítalann og skráðu helstu niðurstöður um tilurð hans og sögu.
7. Gerðu grein fyrir tíma og umhverfi sögunnar.

24. Miklabæjar-Solveig

Sögugluggi

Ung stúlka tekur líf sitt vegna ástarsorgar, gengur síðan aftur og ofsækir prest þann sem hún hafði lagt ást á. Hún er dysjuð utan kirkjugarðs og hótar honum í draumi að hann skuli ekki heldur hvíla í vígðri mold. Síðan gerist það eitt kvöld að prestur hverfur.



Skar hún sig á háls í tóftinni.

Stúlka ein er Solveig hét var hjá síra Oddi Gíslasyni á Miklabæ. Hvort sem prestur hefur þá verið milli kvenna eða verið búinn að missa konu sína er óvíst en hitt er víst að stúlka þessi **lagðist á hugi** við prest og vildi umfram allt að hann ætti sig en prestur vildi ekki. Af þessu varð stúlkan sturluð og sat um **að sálga** sér er henni gafst færi á. Kona ein svaf hjá henni á næturnar, sem Guðlaug hét Björnsdóttir, systir síra Snorra á Húsafelli, til að verja henni að fara ofan en á daginn höfðu allir heimamenn gát á henni. Eitt kvöld í ljósaskiptunum komst Solveig þó ofan og stökk þegar út í **tóftarbrot** er var á túninu. Vinnumaður var hjá presti er Þorsteinn hét. Hann var **ötull** og **ófyrrleitinn**. Hann varð var við Solveigu er hún hljóp úr bænum og veitti henni



lagðist á hugi: lagði hug á, felldi hug til, varð ástfangin

að sálga: að drepa

tóftarbrot: brot úr húsarústum

ötull: duglegur, harðfyllginn, vaskur

ófyrrleitinn: ósvífinn, frekur



þegar eftirför. En svo var hún handfljót að hún var búin að skera sig á háls í tóftinni er hann kom að. Þá er sagt að Þorsteini hafi orðið að orði er hann sá hvernig blóðið fossaði óstöðvandi úr hálsinum á henni:

– Þar tók andskotinn við henni. Solveig svaraði því engu en svo mikið skildi hann af því sem hún sagði að hún bað hann að skila til prests að grafa sig í kirkjugarði. Eftir það blæddi henni út svo hún dó. Þorsteinn sagði tíðindin heim og bar presti kveðju hennar og bæn um legstað í kirkjugarði.

Prestur leitaði til þess leyfis hjá yfirboðurum sínum en fékk **afsvar** þar eð hún **hefði farið sér sjálf**.

Á meðan þessu fór fram **stóð lík Solveigar uppi**. En nóttina eftir að prestur hafði fengið afsvarið dreymdi hann að Solveig kæmi til sín og segði:

– Fyrst þú vilt ekki unna mér legs í vígðri mold skaltu ekki njóta þar legs heldur. Var hún þá með reiðisvip miklum þegar hún **vasaði** burtu.

Eftir þetta var lík Solveigar dysjað utan kirkjugarðs og án yfirsöngs. En skömmu síðar fór að bera á því að hún ásótti síra Odd þegar hann var einn á ferð hvort sem hann reið á **annexíuna** að Silfrúnarstöðum eða annað. Þetta varð mjög héraðsfleygt svo hver maður gerði sér að skyldu að fylgja honum heim einkum ef hann var seint á ferð eða einn.

Einu sinni reið síra Oddur á annexíu sína en aðrir segja að Víðivöllum og leið svo dagurinn að hann kom ekki. Heimamenn voru óhræddir um hann af því þeir vissu að prestur var ávallt fylgt ef hann var seint á ferð. Það var og í þetta skipti að prestur var

fylgt heim að túninu á Miklabæ. Annars var vant að skilja ekki við hann fyrr en hann var kominn á fund heimamanna. Þá sagði hann við fylgdarmanninn að hann þyrfti nú ekki að fara lengra því nú mundi hann komast klakklaust heim og þar skildi fylgdarmaðurinn við prest eftir því sem hann sagði síðan sjálfur frá.

Að guða á glugga

Um kvöldið á vökunni heyrðu heimamenn á Miklabæ að komið var við bæjarhurðina en af því þeim þótti nokkuð undarlega barið fóru þeir ekki til dyra. Síðan heyrðu þeir að komið var upp á baðstofuna í mesta snatri en áður en sá fékk ráðrúm til **að guða** sem upp kom var hann dreginn ofan aftur eins og tekið hefði verið aftan í hann eða í fæturna á honum. Jafnframt þóttust menn þá heyra hljóð nokkurt.



afsvar: neitun

hefði farið sér sjálf: tekið líf sitt, fyrirfarið sér

líkið stóð uppi: lá á líkbörum

vasaði: strunsaði, skundaði, rigsaði

annexía: útkirkja, kirkjustaður þar sem ekki er prestsetur

að guða: heilsa með því að segja: „Hér sé guð“.



Síðast er komið var út um kvöldið sáu menn að hestur prestsins stóð á hlaðinu og var keyrið hans og vettlingarnir undir sessunni í hnakknum. Varð mönnum nú mjög órótt af þessu öllu því menn sáu að prestur hafði komið heim en var nú allur horf-inn. Var þá farið að leita að honum og spurt eftir honum á öllum bæjum sem líkindi þóttu að hann hefði að komið og fékkst þá sú fregn að honum hefði verið fylgt heim að túngarðinum um kvöldið en hann ekki viljað fylgdina lengur.

Eftir það var gjörður mannsöfnuður og hans leitað í marga daga samfleytt. En allt kom það fyrir ekki. Síðan var leitinni hætt og töldu flestir það víst að Solveig mundi hafa efnt orð sín og séð svo fyrir að hann fengi ekki leg í kirkjugarði og að hún mundi hafa haft hann með sér í dys sína en þó var þar aldrei leitað.

Þegar allri leit var hætt ásetti Þorsteinn, vinnu-maður prests, sér að hætta ekki fyrr en hann yrði þess vísari hvað orðið hefði um húsbónda sinn. Þorsteinn þessi svaf í rúmi rétt á móti konu þeirri er sofið hafði hjá Solveigu og var hún bæði skýr og skyggn. Þorsteinn tekur sig til eitt kvöld, safnar saman fötum og ýmsu sem var af prestinum, leggur það undir höfuðið á sér og ætlar að vita hvort sig dreymi hann ekki en biður Guðlaugu að liggja vak-andi í rúmi sínu um nóttina og vekja sig ekki þó

Sér hún Solveigu ganga að rúmi Þorsteins.



hann láti illa í svefni en taka eftir því sem fyrir hana beri. Þar með lét hann loga ljós hjá sér. Leggjast þau svo bæði fyrir.

Reimleikar

Guðlaug verður þess vör að Þorsteinn getur með engu móti sofnað framan af nóttinni en þó fer svo um síðir að svefninn sigrar hann. Hún sér þá að litlu seinna kemur Solveig og heldur á einhverju í hendinni sem hún sá ekki glögggt hvað var. Gengur hún inn á gólfíð og að skör fyrir framan rúm Þorsteins, því **götupallur** var í baðstofunni, og **grúfir yfir** hann og sér að hún myndar til á hálsinum á Þorsteini eins og hún vildi bregða á barkann á honum. Í því fer Þorsteinn að láta illa í svefninum og brýst um á hæl og hnakka í rúminu. Þykir henni þá að svo búið megi ekki lengur standa, fer því ofan og vekur Þorstein en voða Solveigar hopar fyrir henni og fékk ekki staðist augnaráð hennar. En það sér Guðlaug að rauð rák var á hálsinum á Þorsteini þar sem Solveig hafði myndað til skurðarins. Síðan spyr hún Þorstein hvað hann hafi dreymt.

Hann sagði að sér hefði þótt Solveig koma til sín og segja að ekki skyldi sér þetta duga og aldrei skyldi hann vísari verða hvað orðið hefði um síra Odd. Þar með hefði hún lagt á sig hendur og ætlað að skera sig á háls með stórri sveðju og kenndi hann enn sársaukans er hann vaknaði. Eftir það hætti Þorsteinn þeim ásetningi sínum að grafast eftir hvar prestur væri niður kominn.

Lítið hefur borið á Solveigu síðan. Þó hafði síra Gísli sem síðast var prestur að Reynistaðarklaustri (1829–1851), sonur síra Odds, sagt frá því að fyrstu nóttina sem hann svaf hjá konu sinni hefði Solveig ásótt sig ákaflega svo hann hefði þurft að hafa sig allan við að verjast henni en hann var heljarmenni til burða sem faðir hans. Aðrar sögur hafa ekki farið af Solveigu.

Þjóðsögur Jóns Arnasonar



götupallur: baðstofugólf með mold í miðju en þiljuðum skákum með fram rúmunum beggja vegna

grúfir yfir: beygir sig yfir

Að lestri loknum

1. Miklibær er í Skagafirði. Finndu Skagafjörð á landakortinu. Finndu svo Miklabæ í Skagafirði. Einnig Reynistað.
2. Hvers vegna vildi Solveig taka líf sitt?
3. Hvers vegna fékk Solveig ekki þá hinstu bón sína uppfyllta að fá að hvíla í vígðri mold?
4. Hvað var það sem Solveig lagði á Odd prest í draumnum?
5. Á hvern hátt kemur umhyggja fólks til samferðamanna sinna fram í þessari sögu?
6. Hvað heldur þú að hafi orðið um séra Odd miðað við þær upplýsingar sem gefnar eru í sögunni?

Hvarf síra Odds frá Miklabæ (brot)

Hleypir skeiði hörðu
halur yfir ísa,
glymja járn við jörðu,
jakar í spori rísa.
Hátt slær nösum hvæstum
hestur í veðri **geystu**.
Gjósta af hjalla hæstum
hvín í faxi reistu.

Hart er í hófi frostið,
hélar andi á vör.
Eins og auga brostið
yfir mannsins för
stjarna, stök í skýi,
starir fram úr **rofi**.
vakir vök á dýi
vel, þótt aðrir sofi.

„Vötn“ í klaka kropin
kveða á aðra hlið,
gil og gljúfur opin
gapa himni við.
Bergmál brýzt og líður
bröttum eftir fellum.
Dunar dátt í svellum:
Dæmdur maður ríður!

Einar Benediktsson

Að lestri loknum

1. Lestu þessar vísur vel, merkingu þeirra, hrynjandi, ljóðstafi, rím, innrím. Af hverju er séra Oddur dæmdur maður? Skoðaðu nýja bragfræði Ragnars Inga Aðalsteinssonar til að rifja upp reglur og annað slíkt.



halur: maður

geystur: ofsafenginn

að gjósta: að næða

rof: rauf, op í ský



25. Tískildingurinn

Sögugluggi

*Maður nokkur grefur pening í jörð og hugsar ekki meira um það
fyrir en hann liggur fyrir dauðanum.*

Það er mál manna að hvor sem grefur silfur í jörðu geti ekki annað en gengið aftur til að skemmta sér við það. Einu sinni voru tveir menn á ferð að sunnan norður og töluðu um þetta sín á milli. Sagði annar að það mundi ekki vera satt. Hinn sagði það mundi þó vera eitthvað til í því. Þeir þrættu um þetta stundarkorn þangað til sá sem ekki trúði tók úr vasa sínum tískilding og gróf hann í þúfu á auðkenndum stað og sagði:

– Trautt mun ég ganga aftur til tískildingins þess arna.

Hinn sagði hann skyldi varlega **hæla því** og svo slepptu þeir því tali og héldu áfram ferð sinni. Segir ekki af þeim meir fyrir en eftir mörg ár þegar þeir báðir bjuggu búi sínu skammt hvor frá öðrum. Þá höfðu þeir fyrir löngu gleymt tískildingnum að öllu leyti. Þá tók sá sótt sem hafði grafið tískildinginn og þegar **að honum leið** kom honum tískildingurinn í hug og **því meir sem honum þyngdi** því hugfastari varð hann honum og þegar hann fann að hann mundi deyja þá sendi hann til félaga síns gamla og bað hann bregða við sem skjótast og sækja tískildinginn sem hann hefði grafið í þúfuna.

Það var eins og hinn vaknaði af svefni. Hann sagði sér kæmi þetta ekki óvart og bjó sig sem bráðast og hafði tvo hesta til reiðar og létti ekki fyrir en hann kom að þúfunni. Hann sá bláan reyk leika um þúfuna. Sumir segja honum hafi sýnst manns hjarta sprikla á þúfunni. Hann tók upp úr þúfunni skildinginn og þá hvarf þetta. Þegar hann kom heim frétti hann lát mannsins. Hann hafði dáíð um það bil sem hinn kom að þúfunni eða litlu fyrir.


Þjóðsögur Jóns Árnasonar



hæla því: hæla sér af afrekum sínum,
hreykja sér

að honum leið: mátt dró úr honum,
hann var að dauða kominn

því meir sem honum þyngdi: því veikari
sem hann varð



Sýndist honum mannshjarta
sprikla á þúfunni og bláan
reyk leggja upp.

Áð lestri loknum

1. Hvað er sagt að sá sem grefur fé í jörð geri eftir dauða sinn?
2. Hvers vegna skyldi sá er lá banaleguna hafa beðið vin sinn að sækja peninginn?
3. Skrifðu 70–80 orða útdrátt úr sögunni.



26. Sagan af Jóni óhrædda

Sögugluggi

Maður nokkur sem kann ekki að hræðast leggur land undir fót. Hann vill kynnst hræðslunni og leitar hennar árangurslaust þangað til hann finnur hana óvænt.

Maður er nefndur Þórólfur. Hann bjó á bæ þeim í Hrútafirði er heitir að Borðeyri. Hann átti son einn barna, sá hét Jón. Ólst hann upp með föður sínum. Þegar í æsku sinni var hann fremur undarlegur og **ekki við alþýðuskap**. Hann hafði þann eiginleika að hann hræddist aldrei svo að menn yrðu varir við og þegar heimilisfólkið sagðist hafa orðið hrætt við eitthvað hló hann að því og sagðist ekki vita hvað það væri að verða hræddur. Sagðist hann aldrei verða hræddur.

Mjög var hlegið að honum fyrir þetta og sárnaði honum það fremur svo að hann á endanum sté á stökk og strengdi þess heit að hætta ekki fyrri en hann vissi hvað hræðsla væri. Þegar faðir hans varð var við þessa fyrirætlun hans ávítaði hann hann harðlega fyrir heimsku þessa. Jón mælti:

– Nær væri þér að leggja mér einhver góð ráð en **atyrða** mig fyrir orðinn hlut. Þórólfur mælti:

– Prestur einn býr í Árnesei á Ströndum norður. Vil ég ráða þér að fara til hans og biðja hann að leggja þér ráð en geti hann það ekki þá eru mín ráð þrotin.

Jón fer að Árnesei

Jón þakkaði honum þessi ráð. Bjó hann sig síðan á stað. Segir ekki frá ferð hans fyrri en hann kom að Árnesei, var það síðla dags. Hann ber að dyrum, stúlka kom til dyra og spyr hann að nafni en hann sagði svo sem var. Hann spyr hvort prestur sé heima. Hún segir hann heima vera. Hann gjörir boð fyrir prestinn en hún fer inn aftur og skilar því sem fyrir hana var lagt.

Litlu síðar kemur prestur út. Jón heilsar honum. Prestur tekur kveðju hans og spyr hann að erindum. Jón sagði slíkt sem var og segir sér hafi verið vísað til hans og biður hann leggja sér ráð. Prestur býður honum gistingu og það **þekktist** Jón. Fór hann þá með presti inn í bæinn. Þegar hann var búinn að snæða og var kominn úr **vosklæðum** vekur hann



ekki við alþýðuskap: ólíkur almenningi, sérlundaður
atyrða: ávíta, skamma
þekktist: þáði
vosklæði: blaut föt

aftur máls á erindi sínu við prestinn en hann tók því mjög þunglega. Jón herðir þá að honum að leggja sér ráð. Lætur þá loks til leiðast og mælti:

– Prestur var hér á staðnum fyrir þremur mannsöldrum. Hann var peningamaður mikill. Áður en hann dó lét hann búa lykil til að kirkjunni og sagði svo fyrir að hann væri lagður í kistu sína þegar hann dæi. Ekki vissu menn til hvers hann gjörði þetta. Nú dó presturinn og þóttust menn þá vita að hann mundi hafa grafið peninga sína í kirkjunni því að **engir peningar komu fyrir eftir hann**. Hafa margir reynt að vaka hér á nóttu og komast að þessum peningum en þeir hafa fundist **vitstola** í kringum bæinn. Vil ég ráða þér að reyna ekki til þess því að illt muntu af því hafa. Jón sagði að gaman væri að freista þess. Sá þá prestur að ekki tjáði að **letja** hann og var hann lokaður úti um kvöldið þegar fólkið fór að háttá.

Jón reikaði þá út að kirkjugarðinum og beið þar lengi þangað til hann sá að opnaðist eitt leiði og reis þar upp maður hjúpaður. Sá gekk að kirkjudyrum, lauk upp og fór inn. Jón veitti honum eftirför. Hann gekk inn í kirkjuna og settist í krókbekkinn að hurðarbaki. Hinn dauði gekk innar á kórgólfið, tók þar upp tvær fjalir úr gólfinu og dró þar upp úr skrín eitt mikið, fullt af peningum. Hann hvolfdi úr því á gólfið og kastaði svo peningunum út um allt og lét þá velta og skoppa um alla kirkjuna. Þetta lét hann ganga lengi nætur en þegar fór að líða undir daginn fór hann að tína saman aftur. Þá stóð Jón upp og kastaði út um allt aftur jafnóðum og hinn

tíndi saman. Hinum dauða tók að leiðast þetta og bað Jón hætta en Jón gaf sig ekki að því. létu þeir þetta ganga þangað til dagur ljómaði. Ætlaði hinn dauði þá að hlaupa frá hrúgunni og komast í gröfina. Það sá Jón og hljóp út og var fyrri að gröfinni. Tók hann tvær spýtur er voru þar í garðinum og lagði þær í kross yfir gröfina. Komst hinn dauði þá ekki í hana en kom inn aftur. Var hann þá ófrýnilegur og spurði Jón því hann verði sér gröfina. Jón sagði að hann fengi ekki að komast í gröfina nema hann gæfi sér peninga sína alla og lofaði að vitja þeirra aldrei oftar. Hinn var tregur til að lofa því en þó fór svo um síðir að hann hét því ef hann lofaði sér í gröfina því að dagur var runninn. Jón fór þá og tók krossinn af gröfinni og lét hinn dauða fara ofan í hana. Mokaði hann síðan að honum moldu, lagði kross í miðja mold og bjó um sem best. Síðan fór hann inn í kirkjuna og hirti peninga sína og bar skrínið heim að bæjardyrum og beið þar þangað til á fætur væri komið.

Honum þótti fólk seint á fætur. Loksins kemur prestur út við annan mann því að hann hélt að Jón mundi vera vitlaus. Þegar hann sá Jón þar brá honum mjög í brún. Jón bauð góðan daginn. Prestur gegndi eigi en mælti:



engir peningar komu fyrir eftir hann:
hann skildi ekki eftir sig neina peninga þegar hann dó

vitstola: vitfirrtur, óður

letja: telja úr, ráða e-m frá e-u



– Geturðu nefnt guð? Jón svaraði:

– Hafi ég getað það áður þá get ég það eins enn.

Prestur spurði hann þá að hvort hann hefði ekki orðið hræddur. En Jón sagðist ekki hafa haft neitt hræðslufni. Prestur spurði hann að hvort hann hefði ekki orðið var við neinn. Jón sagðist hafa fundið mann. Hefði hann verið vænn við sig og gefið sér þetta sem hann sæi hér og sýndi honum peningana. Sagðist hann vilja gefa honum þá ef hann greiddi fyrir erindi sínu. Prestur var tregur til þess en þó kom svo um síðir að hann sagði:

– Prófastur einn býr í Vatnsfirði vestur. Vil ég ráða þér að fara til hans og bera honum kveðju mína því ef hann getur ekki greitt fyrir erindi þínu þá get ég ekki séð neitt ráð fyrir þér. En peninga þessa vil ég ekki þiggja því lítil blessun mun þeim fylgja en fús er ég að geyma þá þangað til þú ráðstafar þeim frekar. Vil ég helst að þú farir ekki lengra. Sýnist mér það þarflaus keppni.

Jón fer í Vatnsfjörð

Jón þakkaði honum góð ráð en sagðist vilja halda áfram. Kvaddi hann síðan prestinn og hélt af stað. Segir ekki frá ferð hans fyrri en hann kom í Vatnsfjörð, var það seint um kvöld, og barði að dyrum. Hann gjörði boð fyrir prófastinn og kom hann vonum bráðar. Jón heilsaði honum kurteislega, bar honum kveðju prestsins í Árnesi og bar upp fyrir honum erindi sín. Prófastur tók því þunglega en bauð honum að vera þar um nóttina og það þáði

Jón. Um kveldið innti hann að erindi sínu aftur við prófastinn en hann tók því enn þunglegar en fyrri og sagðist hvorki vilja né geta lagt honum ráð en Jón skoraði fastlega á hann. Prófastur segir þá loksins:

– Þar eð þú sjálfur vilt ógæfu þína þá skal ég segja þér frá sögu einni. Hef ég von um að þú munir verða búinn að fá nóg þegar þú hefur heyrt hana.

Byrjaði hann sögu sína þannig:

– Stofa er hér niðri í bænum. Hún er opin og getur hver gengið um hana sem vill. Eikarborð eitt mikið gengur um hana þvera og fyrir innan það stendur skatthol og tveir skápar standa uppi á því. Lyklarnir standa í skránum en enginn getur lokið upp en ellefu hafa reynt að vaka þar um nóttu og hafa þeir fundist höfuðlausir hérna í bæjardyrum. Hafa menn það álit að stofuna muni eiga prófastur einn er hér var fyrir hundrað árum og muni hann vitja þangað á hverri nóttu. Vil ég ráða þér fastlega til að leggja þig ekki í þessa hættu.

Jón sagði að gaman væri að reyna að vaka þar í nótt en prófastur réð honum mjög frá því en það tjáði ekki að letja hann. Lét þá prófastur loks til leiðast, fékk honum **álnarlangt** vaxkerti og fylgdi honum niður í stofuna, bauð honum síðan góðar nætur og fór að háttu.



álnar ef. af alin: mælieining
u.p.b. 60 cm



Í skápnnum voru ellefu mannhöfuð.

Atburðarík nótt

Nú er að segja frá Jóni að hann fer inn fyrir eikarborðið og sest á bekk er var fyrir innan borðið. Lætur hann ljósið standa á borðinu og bíður svo búinn. Þegar lítil stund var liðin sá hann sex menn molduga koma inn í stofuna og báru þeir líkkistu á

milli sín. Þeir settu kistuna á borðið og fóru út aftur. Litlu síðar laukst upp kistan og reis upp úr henni digur dólgur. Hann varð mjög illilegur er hann sá manninn og ljósið og vildi slökkva. Jón reis þá upp og dró til sín ljósið og beiddi hann að lofa því að lifa. Sagði hann að sér þætti þar ekki of skemmtilegt þótt ljósið fengi að lifa hjá sér.



Stóðu þeir þannig lengi og **gjörðu ekki að**. Loksin sá Jón að hinn dauði ætlaði að fara í kistuna. Reis Jón þá upp og lagðist ofan á kistuna svo að hann komst ekki ofan í hana. Hinn dauði spurði hann hví hann bannaði sér kistuna en Jón sagðist ekki sleppa honum ofan í hana nema hann sýndi sér í skattholið. Hinn var tregur til þess en þó kom svo að hann sneri lyklinum og lauk upp. Sá Jón þar í alls konar silfur, borðbúnað og fleira. Skellti hinn dauði síðan aftur. Vildi hann þá komast í kistuna en Jón sagði að hann fengi það ekki fyrri en hann sýndi sér í annan skápinn. Hann var tregur til þess en gjörði það þó á endanum. Þar voru í peningapokar og sumum peningunum var lauslega hlaðið upp. Lét hinn dauði því næst aftur skápinn og sagðist nú vilja komast ofan í kistuna því að hann sýndi honum ekki meira og lægi þar við líf Jóns ef hann neyddi sig til þess. En Jón sagði að hann fengi ekki að fara ofan í kistuna nema hann sýndi sér í hinn skápinn. Hinn dauði tók því mjög fjarri og sagði að þeir yrðu að glíma um það. Jón var tilleiðanlegur til þess. Hinn dauði sagði að þeir skyldu fara fram í bæjardyr, en þeim kom ekki saman því að hinn dauði vildi að Jón færi á undan en Jón vildi ekki fara á undan því að hann sá glögglega að hinn mundi ætla að drepa sig með því að hlaupa á herðar sér.

Um þetta þráttuðu þeir lengi þangað til draugnum fór að leiðast. Lauk hann þá upp skápnum í reiði sinni og sýndi Jóni í hann. Þar sá Jón ellefu mannshöfuð. Draugurinn sagði að hann skyldi verða sá tólfti og bauð honum til glímu út í bæjardyr en að hinu sama rak og fyrri að Jón vildi ekki fara á

undan. Þegar draugurinn sá að þetta dugði ekki varð hann reiður og bauð Jóni með harðri hendi að hleypa sér ofan í kistuna en hann sagðist ekki gjöra það nema með því móti að hann gæfi sér það sem þar væri inni. Draugurinn var mjög tregur til þess en þá sá hann að dagur var runninn. Lofaði hann honum því þá öllu ef hann vildi lofa sér niður í kistuna. Jón sleppti honum þá ofan í og negldi aftur kistuna. Þegar lítil stund var liðin komu hinir sex er höfðu borið kistuna inn og báru hana út aftur. Jón veitti þeim eftirför, mokaði mold í grafir þeirra og bjó um sem best hann kunni. Þegar hann hafði lokið þessu starfi fór hann inn aftur og settist í sæti sitt. Var þá ljósið því nær útbrunnið. Þar beið hann þangað til prófastur kom ofan.

Jón verður hræddur

Prófasturinn varð mjög glaður er hann sá Jón heilan. Spurði hann þá hvort hann hefði ekki orðið var við neitt eða orðið hræddur. Jón kvað nei við og sagði honum hvað fyrir sig hefði borið og að sér hefði verið gefið það sem hér væri inni. Bauð Jón þá að gefa prófastinum það allt ef hann legði sér ráð svo hann gæti orðið hræddur. Prófastur sagðist engin ráð kunna en bauð honum dóttur sína og mikinn **mund** með henni ef hann vildi hætta við áform sitt og ílengjast þar. Jón þakkaði honum fyrir gott boð



gjörðu ekki að: aðhöfðust ekkert
mundur: heimanfylgja, fé með dóttur

en sagðist vilja halda áfram og beiddi hann enn á ný að leggja sér ráð. Prófaturinn sagðist engin ráð kunna en gjörði honum aftur sama boð og áður. Jón vildi með engu móti þiggja það. Hann beiddi þó prófastinn að geyma fjármuni sína þangað til hann vitjaði þeirra en eiga þá að öðrum kosti. Kvaddi hann síðan og hélt af stað.

Prófastsdóttur hafði litist vel á manninn og horfði á eftir honum. En þegar Jón var kominn út fyrir túnið sá hún að hann fleygði sér niður og sofnaði því að hann var bæði þreyttur og syfjaður. En þegar hún sá að hann mundi vera sofnaður hljóp hún til hans og gól í eyra honum. Honum varð bilt við, hrökk upp og sagði:

– Æ, hvað er þetta? Hún svaraði:

– Þetta er að verða hræddur. Kom nú heim með mér og þigg boð föður míns.

Hann trúði þessu, fór með henni heim og ílengdist þar. Nokkru síðar átti hann prófastsdóttur og reisti bú þar í grennd við tengdaföður sinn. Seinna sótti hann peninga sína til prestsins í Árnosi og varð auðmaður mikill. Mælt er að hann hafi aldrei orðið eins óhræddur eftir og áður. Lýkur hér sögunni af Jóni hinum óhrædda.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Að lestri loknum

1. Af hverju ákvað Jón að komast að því hvað hræðsla væri?
2. Hvers vegna fór hann að Árnosi á Ströndum? Finndu það á landakortinu.
3. Hvers vegna höfðu menn orðið vitstola sem fundust við bæinn?
4. Hvað vildi Jón fá fyrir að hleypa hinum dauða aftur í gróf sína?
5. Hvað var í skápnum sem dauði maðurinn í Vatnsfirði sýndi Jóni? Finndu Vatnsfjörð á landakortinu.
6. Hvernig kynntist Jón loks hræðslunni?
7. Hvaða afleiðingar getur það haft að þekkja ekki hræðslu?
8. Hvað gerist þessi saga á löngum tíma?
9. Finndu að minnsta kosti þrjú einkenni þjóðsagna-stíls í þessari sögu.



Ævintýri



„Einu sinni var karl og kerling í koti sínu og kóngur og drottning í ríki sínu.“ Á þennan veg hefjast mörg ævintýri. Þótt ævintýri séu fjölbreyttur flokkur hafa þau ýmis sameiginleg sérkenni. Þau eru skemmtisögur sem oft hafa flakkað milli landa. Við þau hafa þau skipt eitthvað um svip eða búning. Oft eru nornir eða galdrakarlar í ævintýrum. Þar geta líka verið tröll, álög, töfragripir og kynjaverur ýmiss konar.

Fyrsta sagan í þessum flokki segir frá færilúsarrassinum, kostulegt ævintýri sem lýsir því hvernig menn keppast við að segja kóngi nokkrum lygasögur. Þá er sagan um Báráð sem á líf sitt að launa rauðskeggjuðum karli sem móðir hans hittir einn dag úti í skógi. Rauðskeggur vill fá Báráð til sín og fjallar sagan um það hvernig Báráði tekst með brögðum að losna hvað eftir annað við karlinn. Þá tekur við ævintýrið um Grámann í garðshorni. Það er skemmtileg saga um ungan mann sem tekur að sér að hjálpa karli og kerlingu í koti sínu í vandræðum þeirra. Hjálp hans er að mestu fólgin í því að stela sauðum og uxum frá kónginum. Þetta dregur eðlilega dilk á eftir sér. En Grámann er brögðóttur og á í fullu tré við kónginn og menn hans.

Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn er ævintýri sem lýsir viðskiptum karls og kerlingar við huldumanninn Kiðhús er býr í hól nálægt kotinu. Þeim tekst að hafa ýmislegt út úr Kiðhúsi en ætla sér kannski aðeins um of. Sagan af Kolrössu krókríðandi er ævintýri um þrjár karlsdætur sem lenda í klónum á risa nokkrum. Það er yngsta dóttirin, Helga, sem sér við risanum, sú sem höfð er útundan í öskustónni. Hún vefur íburðarmikinn lygavef sem risinn flækist að lokum í með hyskinu félögum sínum. Neyttu meðan á nefinu stendur er fyndið lítið ævintýri um kerlingu sem fer á bak við karl sinn til að geta étið úr smjörtunnu þeirra hjóna. Loks er svo sagan um Finnu forvitru þar sem segir af konu sem er gift gegn vilja sínum og eiginmaðurinn er ekki allur þar sem hann er séður.

27. Sagan af færilúsarrassinum

Sögugluggi

Kóngur einn er sólginn í sögur. Hann ákveður að bjóða þeim verðlaun sem geti sagt sér sögu sem hann ekki trúir. Karlsson ákveður að reyna.

Einu sinni var kóngur í ríki sínu. Hann var þannig gerður að hann vildi alltaf láta segja sér sögur og það var sama hvað vitlausar og ótrúlegar þær voru, alltaf sagði kóngurinn:

– Þessu trúir kóngur því margt er skrítið í náttúrunnar ríki.

Dag eftir dag urðu ráðgjafarnir og hirðmennirnir að sitja við að segja honum sögur og á endanum voru þeir búnir með allar sögurnar sínar og enginn nennti að búa til nýjar. En kóngurinn **var ekki af baki dottinn**. Hann lét þau boð út ganga að hver sá sem gæti sagt sér svo ótrúlega sögu að hann tryði henni ekki skyldi að launum fá kóngsdótturina og hálf kóngsríkið og allt eftir sinn dag.

Nú streymdu ungir og efnilegir menn til hallarinnar til að segja sögur og reyna að vinna kóngsdótturina og alla þessa dýrð. En það var sama hversu ótrúlegar og makalausar sögur þeir sögðu, alltaf sagði kóngurinn:

– Þessu trúir kóngur því margt er skrítið í náttúrunnar ríki.

Og einn af öðrum sneypust þeir í burtu, uppgæfnir á þessum undarlega kóngi sem trúði öllu sem

í hann var logið. En kóngurinn var hæstánægður því nú gat hann setið frá morgni til kvölds og hlustað á sögur.

Skammt frá konungshöllinni bjó karlssonur í koti með móður sinni. Einn daginn sagði hann við gömlu konuna:

– Pressaðu nú skárri leppana mína, móðir góð, því nú ætla ég að fara til hallarinnar á morgun og segja kónginum sögu. Hver veit nema ég vinni kóngsdótturina.

– Þú til hallarinnar, ég held þú sért **ekki með öllum mjalla**, svaraði kerling.

– Nú, því skyldi ég ekki geta skrökvað einhverri vitleysu í kónginn eins og hver annar, sagði strákur. Gerðu nú eins og ég segi.

Og kerlingin pressaði fötin og strauk og morguninn eftir gekk strákurinn á fund konungs.



var ekki af baki dottinn: gafst ekki upp

ekki með öllum mjalla: ekki heill á geði, brjáláður



– Góðan daginn, kóngur minn. Ég var að hugsa um hvort ég ætti ekki að segja þér svo sem eins og eina sögu, sagði hann.

– Ójú, góði gerðu það, ég hef enga sögu fengið í dag, sagði kóngur.

Og svo hóf strákurinn söguna:

– Það var hérna um daginn að hún mamma mín gamla var að þeyta **flautir** í stórri skál. Hún þeytti og þeytti þangað til skálin var orðin svo full að út af flóði og enn hélt hún áfram að þeyta. Flautirnar runnu út um gólfið og svo út úr kofanum, yfir tún og engi og á endanum var allt komið í kaf. Ég gekk út og litaðist um en hvergi sá ég neitt nema þetta hvíta flautaþykkni. Jafnvel hæstu fjallatindar voru í kafi. Þegar ég hafði staðið þarna dágóða stunda sá ég allt í einu einhvern dökkan díl í miðri breiðunni. Og þegar ég fór að gá betur sá ég að þetta var agnarlítill færilús.

Og trúir kóngur því að þegar allt er komið í kaf í heiminum geti ein lítill færilús staðið upp úr?

– Já, þessu trúir kóngur því margt er skrítið í náttúrunnar ríki.

– Ég fór að skoða færilúsina og þá sá ég að í rassinum á henni var skráargat með stórum lykli í. Ég sneri lyklinum og þá opnuðust dyr og ég gekk inn um þær. Og trúir kóngur því að hægt sé að ganga inn í annan endann á svona lítilli færilús?

– Já, þessu trúir kóngur því margt er skrítið í náttúrunnar ríki.

– Ég sá að ég var staddur í löngum og miklum gangi. Ég gekk ganginn á enda og kom þá að háum



Í rassi lúsarinnar opnuðust dyr og strákur kom inn í stóran gang.

stiga. Ég gekk upp stigann og í honum taldi ég 24 tröppur. Þá kom ég í geysistöran fagurlega skreyttan sal. Inn af honum var annar salur enn stærri og veglegri. Og trúir nú kóngur því að allt þetta hafi rúmast inni í einum færilúsarrassi?

– Já, þessu trúir kóngur því margt er skrítið í náttúrunnar ríki.



flautir: þeytt undanrenna

– Áfram hélt ég, segir strákur, og kom þá inn í hvern salinn af öðrum. Að lokum kom ég inn í þann tólfta sem var stærstur og mestur af þeim öllum. Ekki voru þar nein húsgögn nema eitt stórt borð innst. Ég gekk að borðinu og sá þá að þar lá opin bók og á opnuna höfðu verið skrifuð nokkur orð, stórum, skýrum stöfum. Og hvað heldurðu nú, kóngur minn að hafi staðið þarna?

– Ja, nú veit ekki kóngur því margt er skrítið í náttúrunnar ríki.

– Satt er það, en þarna stóð reyndar að þú, kóngur minn værir vitlausasti kóngur sem fyrirfyndist í víðri veröld, sagði strákur.

– Nei, nú lýgurðu, strákur, þessu trúi ég ekki, sagði kóngur.

– Auðvitað lýg ég, það hef ég gert allan tímann,

sagði strákur. En nú ertu búinn að segja að þú trúir mér ekki svo að nú fæ ég verðlaunin sem þú varst búinn að lofa.

Kóngurinn sá þá að strákurinn hafði leikið á hann. En hann gat ekki annað en dáðst að honum fyrir vikið. Síðan kvæntist strákur kóngsdótturinni og fékk hálf kóngsríkið strax og afganginn að kónginum látnum. Gamla konan, móðir hans, bjó auðvitað hjá honum í höllinni og allir voru ánægðir. En gláðastur af öllum var þó kóngurinn því að strákurinn lofaði að segja honum eina sögu á dag það sem hann ætti eftir ólifað og það loforð hélt hann með heiðri og sóma.

Og þannig lýkur sögunni af færilúsarrassinum.

Heimildarkona: Arnþrúður Ingólfsdóttir

Að lestri loknum

1. Hvaða ráð notaði kóngurinn til að fá nýjar sögur að hlusta á?
2. Hvað bauð kóngurinn að launum fyrir sögu sem hann ekki tryði?
3. Hvað var það sem kóngur sagði alltaf þegar hann var spurður hvort hann tryði sögunum?
4. Lýstu með eigin orðum stráknum sem lék á kónginn.
5. Hver er aðalpersóna sögunnar?
6. Endursegðu sögu stráksins með þínum orðum. 50–100 orð.



28. Báraðurur

Sögugluggi

Kerling þiggur hjálp frá manni nokkrum til að verða barnshafandi. Að launum vill hann fá soninn að sjö árum liðnum. Þegar karl kemur að sækja strákinn tekst strák að leika á hann. Þetta endurtekur hann að sjö árum liðnum. Enn líða sjö ár og þá dregur heldur betur til tíðinda.

Einu sinn var karl og kerling í koti. Þau áttu ekkert barn. Þótti þeim það mjög leiðinlegt en gátu ekki að gert. Þeim **varð** oft **sundurorða** út af þessu og kenndu hvort öðru um. Að lokum varð fullkomið ósamlyndi á milli þeirra og rifrildi, því að hvorugt vildi **meðkenna** að það væri sér að kenna, að þau gátu ekki eignast krakka. Karlinn fór þá í burtu í reiði sinni og kvaðst skyldu ganga næst lífi hennar ef hún yrði ekki komin í burtu þegar hann kæmi heim aftur.

Þegar karl var farinn lagðist kerling upp í rúm og grét beisklega því að henni þótti vænt um bónda sinn. Þegar hún hugði að tími væri kominn til þess að sjá fyrir miðdegismatnum reis hún á fætur og fór að sækja vatn í á sem rann nálægt kotinu. Þegar hún kemur að ánni sér hún lágan mann, rauðskeggjaðan, sitja á steini í miðri ánni. Hann kastar kveðju á kerlingu og spyr:

– Hvers vegna liggur svo illa á þér? Hún svarar:

Bóndi minn er svo vondur við mig af því við eigum ekkert barn og nú hefur hann skipað mér í burtu. Þetta hryggir mig mjög mikið.

– Viltu að ég hjálpi þér? segir hann.



*Sá hún lágan mann,
rauðskeggjaðan,
sitja á steini í
miðri ánni.*



verða sundurorða:
deila, rífast
meðkenna:
viðurkenna

– Ég held ég verði fegin, segir kerling, en ekki hafði ég ætlað **að hafa fram hjá** karli mínum.

– Ekki muntu þess þurfa þó að ég hjálpi þér, segir Rauðskeggur og glottir við. Seildist hann þá ofan í ána og tók þar silung og fékk henni. Síðan sagði hann:

– Þú skalt sjóða silunginn og éta en þú mátt hvorki drekka soðið af honum né éta beinin. Þegar þú hefur étið silunginn munt þú verða barnshafandi og eignast son. Hann verður þú að gefa mér þegar hann er sjö ára og mun ég þá vitja hans.

Kerling lofaði að gera allt eins og hann vildi og með það skildu þau. Kerling fór svo heim með silunginn, sauð hann og át síðan. Henni þótti hann góður og langaði í beinin og soðið.

Það getur ekki gert neitt til þótt ég smakki á soðinu og bíti í beinin, hugsaði hún, þetta hefur náttúrliga verið eintóm vitleysa úr honum Rauðskegg mínum. Og með það át hún hvort tveggja.

Þegar þessu var lokið lagðist hún upp í rúm og lá þar til karl hennar kom heim. Þegar hann sá hana varð hann afar reiður og segir:

– Þú ert þá hér enn, ólukku **dækjan!**

– Vertu góður við mig, karlinn minn, því að nú finnst mér vera skipt um hagi mína, segir hún.

– Vertu mér þá velkomin, segir hann.

Kerling verður léttari

Nú líður að þeim tíma að kerling verður léttari og fæðir sveinbarn frítt og efnilegt. Þetta varð til mikillar gleði fyrir karl og kerlingu og kom þeim nú

mjög vel saman eftir að barnið kom til sögunnar. Það var mjög frábært og hét Báráður eftir vilja foreldranna. Var hann yndi þeirra og augasteinn. Segir nú ekki af þeim fyrr en drengurinn var nærri því sjö ára. Þá tekur móðir hans ógleði mikla. Þeir feðgar spyrja hvað valdi hryggð hennar. Hún var lengi treg til að segja en þó fór svo að hún sagði þeim frá rauðskeggjaða manningum og kaupum þeirra. Báráður hló að þessu og sagði að þau mættu verða fegin að losna við sig því að hann væri þeim aðeins til þyngsla. Karl og kerling eru nú mjög hnuggin og sorgbitin út af því ef þau þurfi nú að sjá á bak syni sínum sem þeim þótti svo vænt um.

Nú líður þar til afmælisdagurinn kemur. Þá segir Báráður að það sé best fyrir þau karl og kerlingu að fara út í skóg í dag því þeim þyki líklega ekki svo skemmtilegt að sjá þegar Rauðskeggur fari með sig í burtu. En til þess að þau gætu eitthvað gert sagði hann þeim að fara með **rekkjuvoðirnar** úr rekkjum sínum og tína úr þeim flær og lýs. Þau kvöddu þá son sinn með miklum harmi og lögðu af stað með rekkjuvoðirnar.

Þegar þau voru farin fór Báráður inn, settist á pallinn og var alls ókvíðinn. Að stundu liðinni var drepíð á dyr og gekk Báráður til dyra. Sá hann þá að lágur maður rauðskeggjaður stóð við bæjardyrnar. Hann kastar kveðju á Báráð og segir:



að hafa fram hjá: vera ótrú, halda fram hjá

dækja: flenna, drusla

rekkjuvoðirnar: sængurfötin





Báráður og rauðskeggjaði maðurinn.

- Heill sértu, sonur góður.
- Svo sértu líka. En ég er ekki þinn sonur, heldur karls og kerlingar, segir Báráður.
- Já, svei kerlingunni, sem soðið drakk og beinin át, því að hvorki ætlaðist ég til, að yrði í þér aflið né vitið, segir Rauðskeggur.

- Blessuð veri móðir mín fyrir það, segir strákur.
- Eru karl og kerling heima núna? spyr Rauðskeggur.
- Nei, svarar Báráður.
- Hvar eru þau?
- Þau eru út í skógi, segir strákur.
- Hvað eru þau þar að gera?
- Þau ætluðu að skilja eftir það sem þau fyndu en koma með það sem þau fyndu ekki, sagði strákur.
- Að koma með það sem þau finna ekki en skilja það eftir sem þau finna? Það skil ég ekki eða hvernig getur þú heimfært mér það, sonur góður? segir karl.
- Ekki er ég þinn son og ekki segi ég þér neitt um þetta nema þú lofir mér að vera sjö ár hjá móður minni enn þá, segir Báráður.
- Það má ég ekki, segir karl.
- Jæja þá, þú færð þá ekkert að vita, segir strákur. Þeir þráttuðu dálítið um þetta en svo lauk að Rauðskeggur lofaði Báráði að vera sjö ár hjá móður sinni enn þá ef hann fengi að vita það sem hann spurði um.
- Jæja þá, segir Báráður. Þau fóru með rekkjuvoðirnar sínar út í skóg og ætluðu að tína úr þeim flærnar og lýsnar. Og eins og þú getur skilið skilja þau eftir það sem þau finna en koma heim með það sem þau finna ekki í rekkjuvoðunum.
- Ó, svei kerlingunni sem soðið drakk og beinin át. Hvorki ætlaðist ég til þess að í þér yrði aflið né vitið, segir karl um leið og hann fór.
- Um kvöldið komu karl og kerling heim. Urðu þau glaðari en frá megi segja þegar þau sjá son sinn

kyrran heima. Spurðu þau hann hvort enginn hefði komið.

– Jú, segir hann. Hann kom þessi rauðskeggjaði maður sem þú sagðir okkur frá en hann ætlar að lofa mér að vera sjö ár enn þá hjá ykkur.

Þau urðu mjög glöð af þessum tíðindum og ósk-uðu að þau þyrftu aldrei að sjá af honum.

Árin líða

Nú liðu árin, tíðindalítið, þar til Báráður er langt kominn á fjórtánda árið. Þá taka þau karl og kerling ógleði mikla og kvíða því ef þau þurfi nú að missa Báráð. Hann hughreysti þau eftir mætti og sagði að þau mættu verða því fegin að hann færi frá þeim en þau tóku því allfjarri.

Nú kemur afmælisdagurinn þegar Báráður er fjórtán vetra gamall. Var hann nú talinn afbragð allra annarra ungra manna bæði að líkamlegu **atgervi** og vitsmunum. Má því nærri geta að þau karl og kerling unnu honum hugástum. Segir þá Báráður við for-eldra sína að það sé best fyrir þau að fara út í skóg og vera þar um daginn því að þeim þyki að líkindum lítil skemmtun þegar Rauðskeggur fari með hann. Enn fremur sagði hann þeim að fara með svínin með sér. Þau voru ellefu að tölu og voru höfð í **stíu** undir baðstofupalli.

– Ekki þurfið þið samt að hleypa þeim út því að það geri ég sjálfur. Þegar hann hafði þetta mælt skundaði hann til stíunnar og tók öxi mikla í hönd sér. Hjó hann þá eitt svínið sundur í miðju og batt

annan helminginn á bakið á öðru svíni en hinum helmingnum kastaði hann í stíuna. Síðan héldu karl og kerling af stað með svínin en Báráður settist í mestu **makindum** inn á pall.

Eigi leið langt áður **drepið** var **á dyr**. Báráður gengur út og sér hann þá hvar Rauðskeggur er kominn sem hann átti tal við fyrir sjö árum. Hann kastar kveðju á Báráð og segir:

– Heill sértu, sonur góður.

– Það sért þú líka en ekki er ég þinn son, ég er sonur karls og kerlingar.

– Já, svei kerlingunni, sem soðið drakk og beinin át. Hvorki ætlaðist ég til að í þér yrði aflíð eða vitið, segir Rauðskeggur.

– Blessuð veri móðir mín fyrir það, segir Báráður.

– Ósköp ert þú orðinn stór, sonur góður, mælti Rauðskeggur.

– O, ekki held ég það geti nú heitið, segir Báráður.

– Eru þau heima, karl og kerling? spyr Rauðskeggur.

– Nei.

– Hvar eru þau nú?

– Þau fóru út í skóg í morgun.

– Hvað starfa þau þar?



atgervi: hæfileikar

stía: kró, krubba, bás

makindi: ró, friður

drepið á dyr: bankað



– Þau fóru með hálf tölva svín þangað og ætluðu að gæta þeirra.

– Með hálf tölva svín, segir Rauðskeggur, það er ómögulegt. Annaðhvort hafa þau hlotið að vera tíu eða ellefu. Eða hvernig getur þú fullvissað mig um það, sonur góður, að það hafi verið hálf tölva svín sem þau fóru með?

– Ég segi þér það ekki, nema þú lofir mér að vera í sjö ár enn hjá móður minni, segir Báráður.

– Það má ég alls ekki, mælti Rauðskeggur, því að þá verður þú orðinn mitt ofurefli.

Að þrátta lengur eða skemur

Hvort sem þeir þrátta lengur eða skemur um þetta þá fór svo að lokum að Rauðskeggur lofaði Báráði að vera sjö ár enn hjá móður sinni ef hann segði sér hvernig það væri lagað með svínin. Báráður er þá ekki seinn á sér, hleypur inn í svínastíuna, tekur hálf svínið, fleygir því í Rauðskegg og segir:

– Þarna er hálf svín, hinn helminginn batt ég á bak á einu lifandi svíni svo að þau fóru með hálf tölva svín út í skóginn.

– Ó, svei kerlingunni sem soðið drakk og beinin át. Hvorki ætlaðist ég til að í þér yrði aflíð né vitíð, segir Rauðskeggur og rýkur af stað.

– Blessuð veri móðir mín fyrir það, segir Báráður og sat nú inni þar til karl og kerling komu heim. Urðu þau mjög glöð þegar þau sáu Báráð og spurðu hvort enginn hefði komið. Hann sagði þeim sem var og það með að Rauðskeggur ætlaði að lofa

honum að vera hjá þeim sjö ár enn. Gleði þeirra karls og kerlingar var ósegjanlega mikil yfir þessu óvænta láni.

Skammt frá kotinu var kóngsríki. Þangað gekk Báráður oft því að honum þótti dauflegt heima. Bar þar margt fyrir augu sem honum þótti gaman að sjá en sérstaklega hafði hann gaman af að líta eftir öllu smíði, einkum húsasmíði. Einu sinni fór hann til kóngsins og bað hann að gefa sér spýtur. Kóngur spurði hvað hann ætlaði að gera með þær. Báráður kvaðst ætla að reyna að smíða hús úr þeim. Kóngur gaf honum þá eins mikinn við og hann vildi í húsið og smíðatól. Tekur Báráður þá að flytja viðinn heim að kotinu og byrjar á hússmíðinni. Er hann að þessu smíði í sjö ár. Húsið var fremur **óbrotið** og lítið með einum glugga og lágu stigar tveir upp í hann, annar inni í húsinu en hinn úti og náðu þeir saman uppi í glugghúsinu. Að sjö árum liðnum kemur afmælisdagurinn þegar Báráður verður tuttugu og eins árs. Þá segir hann við karl og kerlingu:

– Nú verður sjálfsagt ekkert undanfæri. Ég verð að fara með Rauðskegg þegar hann kemur. Ég held að það sé best að þið séuð heima í dag því að í sjálfu sér **gildir það einu** hvort þið sjáið mig fara eða ekki. Þau kváðust það gera mundu fyrir hans orð og óskudu nú af heilum hug að hann þyrfti ekki að fara frá þeim. Þau sitja nú öll inni og bíða átektu.



óbrotið: einfalt, fábrotið

það gildir einu: það skiptir engu, má einu gilda

Örlög Rauðskeggs

Áður langt er liðið á daginn er barið. Báráður fer til dyra og sér að Rauðskeggur er kominn.

– Heill sértu, sonur góður, segir hann.

– Það sértu einnig en ég er ekki þinn son því að ég er sonur karls og kerlingar, segir Báráður.

– Já, svei kerlingunni, sem soðið drakk og beinin át. Hvorki ætlaðist ég til að yrði í þér aflið né vitið.

– Blessuð veri móðir mín fyrir það, segir Báráður.

– Ósköp ertu búinn að smíða þarna fallest hús, sonur góður, segir Rauðskeggur.

– Og ekki held ég það geti nú heitið, segir Báráður. Ég hef verið að dunda við þetta að gamni mínu.

– Hvað ætlarðu annars að gera með húsið? segir Rauðskeggur.

– Ég ætla að hafa það til þess að tala við hálfan inni og hálfan úti, segir Báráður.

– Tala við hálfan inni og hálfan úti. Hvernig ferðu að því, sonur góður?

– Það skal ég sýna þér. Gakktu hérna upp stigann, segir Báráður við Rauðskegg en hljóp sjálfur inn í húsið og upp stigann sem inni var og var fljótari upp en karl. Þegar karl kemur upp í gluggann, beygir hann sig inn í húsið. En þá höggur Báráður með öxi þvert um bakið svo að sundur tók manninn í miðju.

– Svona er nú farið að tala við hálfan inni og hálfan úti, segir Báráður.

Eftir það fór hann inn og sagði karli og kerlingu



Heggur Báráður með öxi þvert um bakið svo að sundur tók manninn í miðju.

hvernig komið var, og bað þau að hjálpa sér að brenna karlinn. Þau urðu glöð við þetta og þökk-uðu Báráði mjög vel fyrir verkið. Var síðan gert bál mikið og Rauðskeggur á það lagður og brenndur upp til kaldra kola. Síðan fréttist þetta um kóngríkið og kom til eyrna konungi. Honum þótti þetta



svo snjallt af strák að hann býður honum heim til sín og lætur kenna honum allt það sem þá þótti fróðleikur í. Gekk það allt vel. Féll konungi mjög vel við Bárað og svo fór að hann gaf honum dóttur sína. Báraður tók svo við ríkisstjórn eftir tengdaföður sinn og ríkti vel og lengi. Þau kóngshjónin unnust hugástum, áttu börn og buru og svo kann ég ekki þessa sögu lengri.

Þjóðtrú og þjóðsagnir, Oddur Björnsson

Að lestri loknum

1. Hvaða afleiðingar hafði það að kerling skyldi drekka soðið og éta beinin þvert ofan í boð Rauðskeggs?
2. Segðu frá því hvernig Báraður plataði Rauðskegg þrisvar til að lofa sér að vera áfram hjá karli og kerlingu.
3. „Þá verður þú orðinn mitt ofurefli.“ Hvað þýða þessi orð?
4. Lýstu Báraði eins nákvæmlega og þér er unnt.
5. Nefndu að minnsta kosti þrjú einkenni ævintýra sem finna má í þessari sögu?

29. Grámann

Sögugluggi

Karl einn tekur orð prestsins nokkuð bókstaflega. Karl og kerling fá ungan mann inn á heimilið en hann tekur að sér það hlutverk að rétta stöðu þeirra nokkuð.

Einu sinni var kóngur og drottning í ríki sínu og karl og kerling í koti sínu. Kóngur var auðugur mjög að gangandi fé en ekki átti hann nema eina dóttur barna og bjó hún í veglegri skemmu með meyjum sínum. Karlinn var fátækur; hann átti ekkert barn en hafði viðurværi sitt og kerlu sinnar af einni kú sem þau áttu.

Einu sinni sem oftast fór karlinn til kirkju og **lagði** presturinn **út af** gjafmildinni og fyrirheiti hennar. Þegar karlinn kom heim frá kirkjunni spurði kerling hvað hann segði sér gott úr messunni. Karlinn lét ríflaga yfir því og var hinn glaðasti, sagði að í dag hefði verið gott að heyra til prestsins; því hann hefði sagt að sá sem gæfi, honum mundi gefast þúsundfalt aftur.

Kerlingu þótti þetta æði **djúpt tekið í árinni** og hélt að karl sinn hefði ekki tekið rétt eftir orðum prests. En karl var fastur á því og **körpuðu** þau um það stundarkorn en hvort hélt þó sinni ætlan um þetta.

Daginn eftir tekur karlinn sig til, fær sér fjölda manna og byggir sér fjós fyrir eitt þúsund kúa.

Kerling amaðist mjög við heimsku þessari sem hún kallaði svo en **fékk engu tauti við ráðið**.

Að fjósbyggingunni lokinni fer nú karlinn að hugsa um hverjum hann eigi að gefa kúna sína. Vissi hann engan nógu ríkan til þess að gefa sér fyrir hana þúsund kúr nema ef það væri kóngurinn sjálfur en hann kom sér ekki að því að fara til hans. Hann réð þá loksins af að fara til prestsins því hann vissi af honum vel efnuðum og hélt að hann mundi og síst láta orð sín til skammar verða.

Fer nú karlinn og teymir kúna sína til prestsins hvernig sem kerlingin setti sig á móti því. Finnur hann prest og gefur honum kúna. Prestur undrast það og spyr hverju þetta sæti. Karl segir honum allan aðdraganda og orsök gjafarinnar. Prestur brást þurrlega við og sneypir karlinn fyrir ranga eftirtekt



lagði út af: talaði út frá, fjallaði um
djúpt tekið í árinni: fullyrt mikið, mikið sagt
körpuðu: deildu, rifust
fékk engu tauti við ráðið: gat ekki talið um fyrir, haft áhrif á



og **hártogun** orða sinna og rekur hann heimleiðis aftur með kúna. Fer karl þá og teymir eftir sér kúna og þykir ferðin orðin ill.

Maðurinn í sekknum

En á leiðinni gerir á hann niðmyrkan norðanbyl með frosti svo hann villist og sér nú ekki annað en hann muni sjálfsagt missa kúna og líklegast verða úti sjálfur. En í því hann er að hugsa um þessi bágindi sín kemur að honum gangandi maður með stóran sekk á bakinu. Maðurinn spyr karlinn hvernig á því standi að hann sé þar í slíku veðri með kú á ferð. Karl segir honum þá allt hvernig á standi. Hinn segir að hann megi vera viss um að missa kúna og óvíst að hann komist lífs af sjálfur.

– Er þér miklu betra, karl minn, segir hann, að láta mig fá kúna fyrir sekkinn sem ég ber. Því þú getur vel komist áfram leiðar þinnar með hann en í honum er kjöt og bein.


Og hvort sem þeir töluðu um þetta lengur eða skemur þá höfðu þeir kaupin. Tók maðurinn kúna og fór burt með hana en karl **vasaði** á stað með sekkinn og þótti hann **firna þungur**.

Komst nú karl heim og sagði kerlingu sinni hvernig farið hefði um kúna en lét drýgilega yfir sekknum. Byrstist þá kerling en karl bað hana hið skjótasta að setja upp pott með vatni. Setti hún upp stærsta pottinn í kotinu og fyllti hann með vatni. Þegar vatnið sauð fór karlinn að leysa frá sekknum og var nú heldur en ekki **hreifingur** í honum. En

þegar hann var búinn að leysa frá sekknum hljóp upp úr honum lifandi maður fulltíða í gráum fötum frá hvirfli til ilja og sagði að þau mundu verða að sjóða eitt-hvað annað en sig. Varð nú karlinn hissa, en kerlingin bálvond og sagði að þarna væri hann kominn með flónskuna.



hártogun: útúrsnúningur
vasaði: rigsaði, skundaði
firna þungur: geysilega þungur
hreifingur, hreyfingur: fjör, kæti, smáhreykni



Upp úr sekknum hljóp lifandi maður í gráum fötum.

– Fyrst hefur þú skilið okkur, segir hún, við þann eina bjargargrip sem við áttum, svo nú erum við bjargarlaus með öllu og þar á ofan bætt á okkur heilum manni til að fæða.

Jöguðust þau karl og kerling nú góðan tíma út af þessu þangað til Grámann segir að ekki tjái þetta, hann skuli fara á stúfana og vita hvort hann geti ekki útvegað þeim og sér eitthvað að éta því skamma stund muni þau þrífast á nöldrinu.

Stökk þá Grámann burt út í myrkrið og kom bráðum aftur með gamlan og feitan sauð og bað þau skera hann og matreiða. Voru þau fyrst treg til þess því þau þóttust vita að sauðurinn væri stolinn en þó gjörðu þau það á endanum. Lifðu þau nú glatt í kotinu á meðan sauðurinn entist og undireins og hann var búinn sótti Grámann annan og svo hinn þriðja, fjórða og fimmta. Þótti nú karli og kerlingu mjög vænt um Grámann fyrir aðdrætti hans og lifðu í allsnægtum á tómu sauðakjöti.

Kallaður í kóngsgarð

Nú viku sögunni heim í kóngsgarð. Sauðamaður konungs fór að taka eftir því að honum voru smátt og smátt að hverfa sauðir úr hjörðinni. Hann kundi ekki lag á því og segir nú kóngi frá að sig vanti fimm sauði sem hafi verið að smáhverfa og hann skilji ekkert í hvernig farist hafi; þar hljóti að vera þjófar í nágrenninu. Fór þá kóngur að rannsaka hvort nokkur maður væri nýfluttur inn í sveitina og komst að því á endanum að maður væri nýkominn

til karls og kerlingar í garðshorni sem enginn vissi nein deili á. Gerði hann þá boð eftir manninum að finna sig upp í kóngsgarðinum. Grámann brá við og fór en karl og kerling urðu dauðhrædd um að nú mundu þau missa þenna bjargvætt sinn, því hann mundi nú verða hengdur fyrir þjófnað.

Þegar Grámann kemur í kóngsgarð spyr kóngur hann hvort hann hafi stolið frá sér fimm sauðum gömlum sem sér hafi horfið. Grámann segir:

– Já, herra, það hef ég gert. Kóngur spurði þá hvers vegna hann hefði gert það.

Þá segir Grámann:

– Ég gerði það af því að karl og kerling í garðshorni eru vita bjargarlaus og hafa ekkert til að éta og eiga ekki neitt til af neinu en þú, konungur, hefur allsnægtir og átt miklu meira til en þú þarft á að halda og **kemur ekki** mat þínum **í lóg**. Nú þótti mér þetta miklu jafnara að karl og kerling hefðu nokkuð af því sem þú þurftir ekki á að halda en að þau brysti en þú hefðir ofnóg.

Kóngur varð hálfhissa við orð Grámanns og spyr hvort það sé hans eina eða hans besta list að stela. Grámann lætur lítið yfir því. Þá segir kóngur að hann skuli gefa honum upp sökina ef hann geti á morgun stolið uxa sínum fimm vetra sem hann ætli að senda menn sína með út á skóginn. En geti hann það ekki, þá skuli hann verða hengdur. Grámann segir að þetta sé ómögulegt því hann muni láta passa uxann. Kóngur segir að fyrir því verði hann sjálfur að sjá. Fer nú Grámann heim og fagna þau honum vel karlinn og kerlingin. Grámann segir



karlinum að taka til handa sér reiptagl því hann þurfi að halda á því í bítið á morgun. Karl gerir það. Sofa þau nú öll um nóttina.

Leikið á kóngsmenn

Snemma um morguninn fer Grámann á fætur, tekur reiptaglið og gengur í burtu. Gengur hann út á skóg þar sem hann vissi að leið kóngsmanna með uxann lá um. Snýr hann þar að eik einni stórrí skammt frá veginum, bregður reipinu um háls sér og hengir sig upp í eikina. Skömmu síðar koma kóngsmenn með uxann. Þeim verður lítið við og sjá hvar Grámann hangir í eikinni. Þá segja þeir að við einhverja fleiri hafi Grámann verið að glettast en kónginn því þarna hafi þeir nú hengt hann og muni þeir ekki þurfa að óttast piltinn að hann taki af þeim uxann héðan af. **Gáfu** þeir svo þessu ekki meiri **gaum** og héldu áfram sína leið. Þegar kóngsmenn voru komnir í hvarf fer Grámann ofan úr eikinni og hleypur eftir leynistig um skóginn fram fyrir kóngsmenn og hengir sig þar aftur upp í eik eina spottakorn frá veginum. Þegar kóngsmenn koma þar verður þeim lítið á hvar Grámann hangir í eikinni. **Kynjar þá nú á þessu** og skilja ekki í, hverjum brögðum þeir séu beittir.



koma ekki í lóg: geta ekki eytt

gefa gaum: veita athygli

kynjar þá nú á þessu: furða þeir sig á þessu, undrast þetta



Kóngsmenn sjá þá hvar Grámann hangir í eikinni.

– Ætli þeir séu þá tveir til, óræstis Grámennirnir þeir arna? segja þeir. Það væri gaman að forvitnast um það og skulum við snöggvast skreppa til baka og sjá hvað hinum Grámanninum líður og vita svo hvort þetta er sá sami, segja þeir. Binda þeir nú uxann við eik og snúa aftur. En er **leiti** bar á milli þaut Grámann ofan úr eikinni, leysti uxann og leiddi hann hið skjótasta heim til sín í garðshorn. Skipaði hann karli og kerlingu að slátra uxanum í snatri, lét flá belg af honum og steypa tóm kerti úr **tólginni**. Var nú heldur en ekki glatt á hjalla í kotinu.

Nú er að segja frá kóngsmönnum. Þegar þeir koma að eikinni sem hinn fyrri Grámann hékk í var þar enginn Grámann; hlupu þeir þá að hinni eikinni en gripu þar eins í tómt því þar var enginn Grámann og uxinn var horfinn frá eikinni sem hann átti að vera við. Nú sáu kóngsmenn fyrst hverjum brögðum þeir höfðu verið beittir og fóru heim og sögðu kónginum frá hvar komið var. Lætur þá kóngur undireins boða Grámann á sinn fund og verða þau karl og kerling dauðhrædd því nú töldu þau víst að Grámann sinn yrði miskunnarlaust hengdur. En Grámann **kærði sig hvergi** og fór þegar á kóngsfund. Þá segir kóngur:

– Stalstu uxanum mínum, Grámann?

– Já, herra, segir hann, ég mátti til að bjarga lífinu.

Þá segir kóngur:

– Ég skal enn gefa þér þessa sök upp ef þú stelur í nótt rekkjuvoðunum úr rúminu undan okkur, mér og drottningu minni!

– Það getur enginn, segir Grámann, eða hvernig

á ég að komast inn í kóngsgarðinn og fara að því?

– Það máttu segja þér sjálfur, segir kóngur, en líf þitt liggur við.

Skilja þeir nú og fer Grámann heim í garðshorn. Þykjast þau karl og kerling hafa heimt hann úr helju og fagna honum vel. Hann tekur þá nokkrar **merkur** af mjöli og biður kerlingu sjóða graut og hafa hann í þykkara lagi. Hún gerir það og þegar grauturinn er tilbúinn lætur Grámann hann í dálitla skjólu og hefur lok yfir skjólunni svo grauturinn kólni ekki mikið. Síðan gengur hann með skjóluna heim í kóngsgarðinn og getur laumast inn í hann um kvöldið svo enginn varð var við og felur sig síðan inni í einhverju skúmaskoti. Síðan var kóngsgarðinum rammlega lokað því nú átti ekki að láta Grámann komast inn í hann.

Gert í rúmið

En þegar Grámann vissi að allir voru sofnaðir inni í kóngsgarðinum og kóngur og drottning í fasta svefni, þá gengur hann inn að rúminu þeirra mjög hljóðlega og lyftir ofan af þeim rúmfötunum ofan að miðju. Síðan lætur hann grautinn drjúpa með hægð úr skjólunni niður í rúmið milli kóns og



leiti: hæð

tólg: bræddur mör, innanfitan úr uxanum

kærði sig hvergi: stóð alveg á sama, var ósmeykur

merkur, mörk: hálf pund



drottningar og hverfur svo frá rúminu út í horn á herberginu. Drottning vaknar við þegar grauturinn draup á hana. Henni verður bilt við, vekur kóng og segir:

– Hvað er þetta? Þú hefur gjört í rúmið, elskan mín.

Kóngur vildi ekki kannast við það og kenndi drottningu um og **kýttu** þau um það dálítið. Á endanum réðu þau það af að þau tóku rekkjuvoðirnar úr rúminu og fleygðu þeim með öllu saman fram á gólf. Síðan sofnuðu þau aftur. Tekur þá Grámann rekkjuvoðirnar, vefur þær saman, stingur undir handkrika sér og gengur með þær heim í kot til karls og kerlingar. Fær hann þeim rekkjuvoðirnar, segir þeim að hreinsa úr þeim grautarvelluna og reyna svo að nota þær í bólið sitt.

Morguninn eftir þegar kóngur og drottning vakna sjá þau að rekkjuvoðirnar eru horfnar. Skilur þá kóngur hvernig á öllu muni standa, að Grámann muni hafa stolið þeim. Gerir hann nú boð fyrir Grámann og nú telja þau karl og kerling víst að hann muni verða hengdur og kveðja hann vandlega. Grámann gengur tafarlaust upp í garðinn og kóngur spyr:

– Stalstu rekkjuvoðunum úr rúminu í nótt undan okkur drottningu minni?

– Já, herra, sagði Grámann, það gerði ég því ég mátti til að leysa líf mitt.

Þá segir kóngur:

– Ég skal gefa þér upp allar þínar sakir við mig ef þú rænir nú í nótt okkur báðum, mér og drottningu



Lét hann grautinn drjúpa með hægð úr skjólunni niður í rúmið.



kýta: deila, rifast

minni, úr rúminu okkar. En ef þér mistekst það skaltu vægðarlaust verða hengdur!

– Það getur enginn maður, segir Grámann.

– Sjá þú fyrir því, segir kóngur.

Engill í kóngsgarði

Skilja þeir nú og fer Grámann heim í garðshorn. Fagna þau honum alúðlega, karl og kerling, og þykjast nú hafa heimt hann úr helju, hann Grámann sinn. Um kvöldið þegar myrkt var orðið tekur Grámann feikilega kollháan hatt og barðamikinn sem karlinn átti, stingur á kollinn á honum gat við gat og raðar þar í nautstólgarkertunum og svo um börðin öll allt í kring. Síðan festir hann ótal kerti utan um sig, allan kroppinn hátt og lágt. Í þessum búningi, með hattinn á höfðinu og uxabelginn í hendinni, gengur hann nú heim í kóngsgarðinn og inn í kirkju. Þar leggur hann belginn af sér í kórnum. Síðan kveikir hann á öllum kertunum og fer svo til klukkanna og hringir. Vakna þau við klukknahljóðið, kóngur og drottning, og líta út um gluggann til að sjá hvað um væri að vera. Þau sjá þá ljómandi mannsmynd standa við kirkjudyrnar og geislaði út af henni á alla vegu. Kóngur og drottning urðu hissa við sjón þessa og þóttust vita að hér væri kominn engill af himnum til að boða einhver stórtíðindi á jörðu. **Kom þeim ásamt** að fagna slíkum gesti vel, biðja hann miskunnar og veita honum sæmilega lotningu.

Klæðast þau nú skjótt í kónglegan skrudu og ganga út til engilsins. Ávarpa þau hann knékrjúpandi og biðja sér miskunnar og fyrirgefningar á syndum sínum. En hann sagðist ekki veita þeim bæn þeirra annarstaðar en fyrir altarinu í kirkjunni. Fylgja þau nú englinum þangað og þegar þar var komið segist hann skuli fyrirgefa þeim allar þeirra

syndir en þó með vissu skilyrði. Þau spyrja hvert það skilyrði sé. Hann segir það sé að þau fari bæði ofan í belginn sem liggi þarna hjá þeim á kórgólfinu. Þeim þótti kosturinn góður og skriðu undir eins bæði ofan í belginn.

En óðar en þau voru komin þangað greip engillinn fyrir opið á belgnum og batt rammlega fyrir. Kóngur spurði hvernig á þessu stæði. Engillinn segir þá og hristir um leið af sér öll ljósin:

– Ég er enginn engill, kóngur minn, og um leið dregur hann belginn óþyrmilega fram eftir kirkjugólfinu, heldur er ég kunningi þinn, Grámann í garðshorni. Er ég nú búinn að ræna þér og drottningu þinni eins og þú skipaðir mér í gærkvöldi og ætla nú að fyrirgefa þér syndirnar með því að drepa ykkur bæði nema þú veitir mér undireins eina bón sem ég ætla að biðja þig um og vinnir mér eið að því áður en ég hleypi þér upp úr belgnum.

Hálft kóngsríkið

Kóngur sá sér nú ekki annað fært en gera allt sem Grámann vildi og sór þegar að hann skyldi veita honum hverja bæn sem hann beiddi sig um. Leysti þá Grámann frá belgnum og hleypti þeim út kóngi og drottningu. Segir þá Grámann kónginum að hann ætli að biðja hann að gefa sér dóttur sína og hálft kóngsríkið með og leyfa sér að hafa karlinn og kerlinguna í garðshorni hjá sér. Kóngur játti þessu þegar og bundu þeir það fastmælum. Síðan fer Grámann niður í garðshorn og hittir karl og kerlingu.



Er hann nú drjúgur yfir sér við þau og biður þau að **dubba sig** dálítið **upp** því þau eigi nú að flytja búferlum. Það **datt ofan yfir** karl og kerlingu að heyra þetta og þó gekk enn meira yfir þau þegar Grámann sagði þeim allt sem til stóð.

Um daginn fór Grámann með karl og kerlingu upp í kóngsgarðinn og var honum þar vel tekið. Gekk hann þá að eiga kóngsdóttur og tók við hálfu ríkinu. En til skemmtunar í brúðarveislu sinni sagði Grámann frá því að hann væri sonur nágranna-kónsins. Hefði hann **orðið áskynja um** ráðabugg karlsins í garðshorni og tekið sig saman við prestinn kónsins að láta orð hans sem karlinn byggði allt á rætast og segist hann nú vona að karlinn sé búinn að fá kúna sína þúsundfalt borgaða.

Lifði Grámann síðan lengi og vel með drottningu sinni og tók við ríkinu öllu eftir kónsins daga og stýrði því með snilld og prýði til elli. En karl og kerling voru hjá honum til dauðadags í góðu yfir-læti. Og lýkur hér sögu Grámanns.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



kom þeim ásamt: þau voru sammála um
dubba sig upp: fara í betri fötin
datt ofan yfir: urðu steinhissa
verða áskynja um: komast að, fréttu af

Að lestri loknum

1. Hvað var það sem karlinn misskildi í ræðu prestsins?
2. Hvernig brást prestur við þegar karlinn ætlaði að gefa honum kúna? Hvers vegna?
3. Segðu frá því í 30–40 orðum hvernig Grámann fór að því að plata kóngsmennina og ná af þeim uxanum.
4. Hverju svaraði Grámann þegar kóngur spurði hvers vegna hann hefði stolið frá sér fimm sauðum?
5. Hvernig fór Grámann að því að stela rekkjuvoðum kóns og drottningar?
6. Hvernig tókst Grámanni að plata kónginn og drottninguna til að fara ofan í pokann?
7. Hver var Grámann í raun og veru og hvernig stóð á komu hans til karls og kerlingar?
8. Finndu að minnsta kosti átta lýsingarorð sem eiga við um Grámann.

30. Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn

Sögugluggi

Sagan segir frá karli og kerlingu og viðskiptum þeirra við huldumanninn Kiðhús. Kerling týnir snúðinum af snældu sinni og heldur að Kiðhús hafi tekið hann. Heimta þau sífellt meira og meira fyrir snúðinn. En heimtufrekjan verður þeim hjónum ekki til góðs.

Einu sinn var karl og kerling í koti sínu. Þau voru svo snauð að þau áttu ekkert fé mætt til í eigu sinni nema **snúð** einn af gulli á snældu kerlingar. Það var siður karls að hann fór dag hvern á veiðar eða til fiskifanga til að afla þeim lífsbjargar. Skammt frá koti karls var hóll einn mikill. Það var trú manna að þar byggi huldumaður sá er kallaður var Kiðhús og þótti hann nokkur **viðsjálgripur**.

Einu sinni sem oftast bar svo við að karl fór á veiðar en kerling sat heima eins og hún var vön. Af því gott veður var um daginn settist hún út með snældu sína og spann á hana um hríð. Brá þá svo við að gullsnúðurinn datt af snældunni og valt nokkuð til svo að kerling missti sjónar á honum. Hún undi þessu allilla og **leitaði dyrum og dyngjum**. En allt kom fyrir ekki, hún fann hvergi snúðinn.

Eftir það kom karl heim og sagði hún honum ófall sitt. Karl kvað Kiðhús hafa tekið snúðinn og væri það rétt eftir honum. Bjóst karl enn að heiman og segir kerlingu að hann ætlaði að fara og krefja Kiðhús um snúðinn eða eitthvað fyrir hann. Við það **brá heldur af kerlu**.

Karlinn gengur nú sem leið lá að hólnum Kiðhúss og ber þar lengi á óþyrmilega með lurk. Loksins svarar Kiðhús:

– Hver **bukkar** mín hús? Karl segir:

– Karl er þetta, Kiðhús minn, kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn.

Kiðhús spurði hvað hann vildi hafa fyrir snúðinn. Karl bað hann um kú sem mjólkaði fjórðungsfötu **í mál** og veitti Kiðhús honum þá bæn. Fór svo karl heim með kúna til kerlingar.



snúður, snælda: snælda var teinn úr tré með snúð á enda, notuð til að spinna/vinna band

viðsjálgripur: varhugaverður, óútreiknanlegur

leitaði dyrum og dyngjum: leitaði alls staðar

brá heldur af kerlu: hún hresstist

bukka: berja

í mál: í hvert skipti sem hún var mjólkuð



Daginn eftir er hún hafði mjólkað kúna um kvöldið og morguninn og hafði fyllt alla dalla sína með mjólk, kom henni til hugar að búa til graut en þá man hún eftir því, að hún á ekkert **ákast** í grautinn. Fer hún þá til karls og biður finna Kiðhús og biðja hann um ákast.

Karl fer til Kiðhúss og ber á hólinn með lurknum sem fyrr. Þá segir Kiðhús:

– Hver bukkar mín hús? Karl segir:

– Karl er þetta, Kiðhús minn, kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn.

Kiðhús spyr hann hvað hann vilji. Karl biður hann að gefa sér út á pottinn, því þau kerling sín ætli að elda sér graut. Kiðhús gaf karli méltunnu. Fór svo karl heim með tunnuna og gerir kerling grautinn. Þegar grauturinn var soðinn settust þau að honum, karl og kerling, og átu **eins og í þeim lá**. Þegar þau höfðu étið sig mett, áttu þau enn mikið eftir í pottinum.

Fóru þau þá að hugsa sig um, hvað þau ættu að gera við leifarnar. Þótti þeim það tiltækilegast að færa þær sankti Maríu sinni. En fljótt sáu þau að ekki var auðhlaupið upp þangað sem hún var. **Þeim kom því ásamt um** að biðja Kiðhús um stiga sem



ákast: mjöl

eins og í þeim lá: eins og þau gátu í sig látið

þeim kom ásamt um: þau urðu sammála um

Er þau voru komin æði hátt upp í stigann tók þau að sundla.



næði upp til himna og héldu að snúðurinn væri ekki ofborgaður fyrir því. Karl fer og ber á hólinn hjá Kiðhús. Kiðhús spyr sem fyrr:

– Hver bukkar mín hús? Karl svarar enn:

– Karl er þetta, Kiðhús minn, kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn.

Við það byrstist Kiðhús og segir:

– Er þá snúðskömmin aldrei borgaður?

Karl bað hann því meir og kvaðst ætla að færa Maríu sinni grautarleifarnar í skjólum. Kiðhús lét þá til leiðast, gaf honum stigann og reisti hann upp fyrir karl. Varð þá karl glaður við og sneri heim til kerlingar. Þjuggu þau sig svo til ferðar og höfðu með sér grautarskjólurnar. En er þau voru komin æði hátt upp í stigann tók þau **að sundla**. Brá þeim þá svo við að þau duttu bæði ofan og sprengdu sundur í sér höfuðskeljarnar. Flugu þá heilaslettur og grautarkleimurnar um allan heim. En þar sem heilaslettur karls og kerlingar komu á steina urðu úr þeim hvítar **dröfnur** en úr grautarkleimunum urðu hinar gulu og sjást hvorar tveggja enn í dag á grjóti.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Að lestri loknum

1. Hvað áttu karl og kerling fémætt í kotinu?
2. Hver var Kiðhús og hvar bjó hann?
3. Í þessari sögu er þekkt orðatiltæki. Finndu það og segðu hvað það merkir.
4. Hvaða merki má sjá eftir ferðalag karls og kerlingar í steinaríkinu samkvæmt sögunni?
5. Á hverju má sjá það að Kiðhús hafi tekið snúðinn?
6. Hver er helsti **löstur** karls og kerlingar?
7. Hvaða einkenni ævintýris hefur þessi saga helst?



að sundla: að svima

kleima: klessa, sletta

dröfnur, drafna: lítill díll, blettur

löstur: óskostur, galli



31. Sagan af Kolrössu krókríðandi

Sögugluggi

Þrjár systur lenda í haldi hjá risa nokkrum. Yngstu systurinni tekst að blekkja hann og setur hún á svið mikið leikrit til þess að bjarga sér og systrum sínum úr höndum risans.

Einu sinni var karl og kerling í koti sínu. Þau áttu sér þrjár dætur; hét hin elsta Signý, önnur Ása og hin þriðja Helga. Eldri systurnar, Signý og Ása, áttu sældardaga hjá því sem Helga átti því karl og kerling unnu þeim mjög og **mæltu allt eftir þeim** hvort við annað. En Helga átti litlu ástfóstri að fagna hjá foreldrum sínum og varð að gera allt sem verst var og kerling kenndi sig vanfæra fyrir, ganga að slitverkum, vera í eldhúsi, annast matseld með móður sinni, þrifa til og hreinsa allt sem hreinsa þurfti í kotinu. Eldri systurnar komu þar hvergi nærri, sátu eins og **hofróður** inni á palli á vetrum en sleiktu sólskinið á sumrin og gengu sknúðbúnar og gerðu ekki annað en **tensa sig til**. Þær höfðu öfund á Helgu því þó hún væri klædd í **larfa**, yrði að ganga í því versta og hefði ekkert flet nema **öskustóna** að liggja í, þótti öllum hún fríðust þeirra systra en það sveið þeim sárast.

Einu sinni kom maður vel búinn, fríður sýnum og bað Signýjar. Karli og kerlingu leist vel á manninn og Signýju ekki síður og með því þeim þótti þessi **ráðahagur** álitlegur gáfu þau öll sitt jáyrði til **gjaforðsins**. Síðan fór maðurinn með Signýju með

sér þegar í stað. En skammt voru þau komin frá karlskoti, fyrr en maðurinn breytti ham sínum og varð að þríhöfðuðum risa. Segir hann þá við Signýju:

– Hvort viltu heldur að ég beri þig eða dragi?

Signý kaus það sem **vildara** var, að hann bæri sig. Lét hann hana þá setjast á einn hausinn og bar hana svo heim í helli sinn. Lét hann hana þar í jarðhús eitt, batt hendurnar fyrir aftan bakið, en hár hennar við **stólbrúðir**, gekk svo frá henni og lokaði



mæltu allt eftir þeim: létu eftir duttlungum þeirra, létu allt eftir þeim

hofróður: konur sem sitja auðum höndum og láta stjarna við sig

tensa sig til: snyrta sig, punta sig

larfar: fataleppar, léleg klæði

öskustó: hola fyrir ösku undir hlóðum eða eldstæði

ráðahagur: kvonfang. Leita **ráðahags:** biðja sér stúlku

gjaforð: að eignast eiginmann, eiginkonu

vildara: betra

stólbrúðir: armar stóls

jarðhúsinu.

Litlu síðar kemur maður til karls og kerlingar og biður Ásu. Hann var álitlega búinn og vel á sig kominn, að þeim hjónum þótti, og féll einnig Ásu vel í geð. Varð það því að ráði að maðurinn fékk hennar og fór með hana þegar úr föðurgarði. Þegar þau voru skammt komin frá kotinu **skipti** maður þessi **hömum** og varð að ógurlegum risa þríhöfðuðum og gerði Ásu sömu kosti sem hann hafði áður gert Signýju systur hennar og fóru öll þeirra við-

skipti á sömu leið sem áður er sagt.

Í þriðja sinn kom maður í karlskot og það dóttur þeirra. Hann var efnilegur og mannsmót að honum mikið. Karl og kerling báðu hann ei fara fram á slíkt við

sig:

– Því nú eigum vér enga dóttur ógefna framar. Við höfum áður gift þær burtu, er við áttum, sögðu þau.

Maðurinn leitaði því fastar á um ráðahaginn og kvaðst ætla að þau mundu enn eiga eina dóttur ógefna. Karl og kerling kvaðust að vísu eiga eina dóttur en sér komi ekki til hugar að nokkur maður felldi ástarþokka til hennar því hún væri mesta **herfa** að ásýndum og argasti veraldar **ódámur**. Maðurinn sótti því meir á um ráðahaginn og það að hann mætti þó sjá hana. Var þá Helga kölluð fram úr eldhúsinu og sýnd komumanni. Hann það þau nú ekki **synja** sér lengur ráðahags við dóttur þeirra. Karl og kerling kvaðu honum heimilt að eiga dóttur þeirra fyrir sér ef hann vildi en ekki var leitað um það neinna svara hjá Helgu. Fór hann svo burt með Helgu.

Skipt um fram

Þegar maðurinn var kominn skammt á leið með hana brást hann í risalíki sem fyrri og gerði henni sömu kosti og systur



skipta hömum: fara í annað líki
herfa: forljót kona, afskræmi
ódámur: sóði, ódráttur, lubbamenni
synja: neita um

Kaus hún að hann drægi sig.



hennar. Kaus hún að hann drægi sig og segir ekki af ferðum þeirra fyrr en hann kemur heim í hellinn með hana. Þá segir risinn við Helgu:

– Nú skaltu taka við búsyслу hér innanstokks, hirða um hellinn, sópa hann og hreinsa, matreiða fyrir mig og **standa mér fyrir öllum beina** og búa um rúm mitt.

Fór þessu svo fram um hríð að hún annaðist um öll heimastörf í hellinum á daginn en stóð risanum fyrir beina kvölds og morgna, því á daginn var hann ávallt úti á veiðum og bar heim afla sinn á kvöldin, fisk og annað fang, og tók hann þá **ósleikjulega** til matar síns. Áður en hann fór að heiman á morgnana, tók hann allt til handa henni það er hafa þurfti. Sá hún að risinn gekk um hirslur sínar og híbýli og lét hana aldrei sjá í neitt af því og bar jafnan á sér lyklna er hann fór burtu úr hellinum. Sú eina lifandi skepna sem var í hellinum, svo Helga af vissi, var lítill hundur sem hún átti og var hann henni til afþreyingar. Hún tók samt eftir því þegar hún var eitthvað að vinna og skipti sér ekki af honum að hann hvarf frá henni en kom þegar hún kallaði á hann og þó ekki undir eins. Af því réð hún að hann færi langt til í hellinum.

Einhverju sinni fer Helga og kannar hellinn og finnur hún þá fyrir sér hurð læsta og þar liggur rakkinn fyrir framan. Gægist hún inn með hurðinni og um skráargatið og virtist henni þá að hún sæi þar tvær stúlkur inni, sína á hvorum stóli. Kemur henni þá í hug, að þetta muni vera systur sínar og þykir henni allillt að þær séu svo sárt leiknar þótt

þær hefðu ekki **látið hana betur** en fyrr var frá sagt.

Um kvöldið er risinn kom heim var Helga **málhreif** við hann og **tasvíg** meðan hann situr að snæðingi. Meðal annars spyr hún hann hvernig honum geðjist umsyslun sín og hirðing á hellinum og lét hann vel yfir því og þar kemur að hún spyr hann **hvernig honum hugnist að sér**. Risinn lét og vel yfir því enda kvaðst hann hafa sótt hana af því hann hefði vitað hver kvenkostur hún væri. Helga mælti:

– Ef þér hefði verið nokkuð meira í hug með mig en að ég væri ambátt þín þá myndir þú ekki hafa tortryggt mig um að ganga frjálsglega um allan helli þinn, híbýli og hirslur svo að ég mætti njóta yndis af auðlegð þinni með þér. En þú hefur lokað öllu fyrir mér og skammtað mér í hendurnar og ekki leyft mér umgöngu um eigur þínar. Risinn kvað það satt vera að hann hefði ekki fengið henni lyklna sína.

– En það gerði ég af því að ég vildi reyna þig. Nú skal ég ekki **draga** lengur **dul á** það að ég ætla bráðum að halda brúðkaup okkar og því skaltu nú taka við lykllum að öllum hirslum mínum og híbýlum og geyma alls þess er ég á. Þó er það ein hirsla er þú



standa fyrir öllum beina: bera allar veitingar
ósleikjulega, ósleitilega: rösklega, af dugnaði
látið hana betur: komið betur fram við hana
málhreif: ræðin, spjallaði
tasvíg: rösk, aðgangshörð
hvernig honum hugnist að sér: hvernig honum lítist á sig
draga dul á: leyna, halda leyndu

mátt ekki upp ljúka þótt einn lykkillinn í kippunni gangi að henni og býð ég þér þar sterkan varnað á. Helga tók við lyklakippunni og mælti:

– Vel hefur þú nú gert að þú vilt ekki gera neina svívirðingu til mín og það annað að þú trúir mér fyrir að ganga frjállega um allt þitt. Enda nálgast sá tími að betra mun að ég kynnist híbýlaháttum þínum fremur en orðið er. En með því þú segist bráðum munir gera brúðkaup til mín held ég mér veiti ekki af að þrifa til og koma betur fyrir í hellinum en nú er og skal ég byrja það starf þegar á morgun. Síðan leggjast þau til svefns og sofa af um nóttina.

Fundnar systur

Daginn eftir fer risinn burt sem hann var vanur en Helga að skoða í hirslur hans. Þegar hún hefur lokið því fer hún að dyrum þeim sem fyrr er frá sagt að hundurinn lá oft við. Ber hún að þeim lykil þann sem einn var eftir á lyklakippu karls og sem hann hafði bannað henni að beita og lýkur þeim þegar upp með honum. Þegar hún kemur inn finnur hún



píra: deila út í smáskömmtum, gefa smátt

angráð: sorgmædd, döpur

armædd: hrygg

gekk risinn þá á hana: paulspurði hana, hvað eftir annað

gekkst hugur við (hér): snúast hugur, skipta um skoðun

þar báðar systur sínar hungraðar, horaðar og mjög að þrotum komnar. Hún leysir þær og hressir við sem hún hefur best föng á. Síðan segja þær henni af sinni ævi hjá risanum og það með að hann hafi viljað þröngva þeim til að eiga sig og af því þær hafi ei viljað það hafi hann sett þær í afhelli þenna og **pírt** í sig mat einungis til að treina í sér lífið. Eftir það mælti Helga:

– Nú verður skjótt ráða að leita og er það mitt ráð að ég ætla að koma ykkur héðan hvað sem um mig verður á eftir. Ætla ég að láta risann bera ykkur í belg einum heim til karls og kerlingar en láta þar utan með og ofan á roðarusl og matarleifar risans. Síðan tekur hún belg einn mikinn og lætur þær fara þar ofan í en treður í kringum þær matarúrgangi risans, reisir svo belginn upp við hellisvegginn.

Um kveldið er risinn kom heim var Helga mjög **angráð** og **armædd**. **Gekk risinn þá á hana** hvað að henni gengi. En hún sagði að til þess bæri það að hún væri þreytt eftir dagserfiðið og annað hitt að hún vissi að foreldrar sínir mundu ekki eiga nokkra matbjörg í húsi sínu en hún hefði allsnægtir. Karli **gekkst hugur við** kveinstafi hennar og hélt að úr því mundi mega ráða. Helga sagði:

– Ég hef hugsað um það í dag hvernig þú gætir með minnstum skaða þínum bætt úr nauðþurft foreldra minna. Held ég að þér væri minnst eftirsjá í afgangisleifum af mat þínum á málum því þær hafa legið hér og hvar um hellinn eins og hráviði þangað til nú að ég hef tint þær saman og látið nokkuð af þeim í belg þenna. Og væri foreldrum mínum



Það mikill forði væri það laglega til þeirra komið. En svo er nú belgurinn orðinn þungur að ég veld honum ekki og þó rúmar hann ekki helminginn af leifum þínum. Nú væntir mig að þú virðir til orð mín og berir belg þenna heim í karlskot á morgun til þess að þú bæði birgir nauðþurft foreldra minna að nokkru og losir mig við það **amstur** sem ég hef af matarfrágangi þínum. En þar legg ég blátt bann við að þú hreyfir á nokkru í belgnum eða rífir upp úr honum. Og ekki skaltu hugsa þér að ég muni ekki verða þess vísari því ég sé í gegnum holt og hæðir og helli minn enda ertu af ráðahagnum við mig ef þú bregður af boði mínu. Risinn kvaðst skyldi gera það sem henni væri mest að skapi og í engu af bregða og segir:

– Nú skaltu búast við brúðkaupi okkar á morgun.

Svo vísar hann henni á allt sem hafa þurfi til veislunnar og þótti henni hann heldur stórtækur um tillögurnar. Þar með kom hann fram með bindi nokkurt, leysti það til og tók úr því brúðklæði handa henni og bað hana að fara í þau þegar hún væri búin að búa til veislunnar því ekki mætti á neinu standa. Er boðsfólkið kæmi því úr þeirri sömu för og hann færi með belginn ætlaði hann að fara að bjóða til brúðkaupsins. Helga hét honum góðu um að allt skyldi verða til búið er boðsmennirnir kæmi og lét



amstur: baks, fyrirhöfn

æðikippur: spölkorn, kippkorn,
góður spotti

sem sér væri mjög annt til brúðkaupsins. Eftir það hættu þau talinu og leggjast til svefnis.

Gegnum holt og hæðir

Morguninn eftir er risinn snemma á fótum tekur belginn á bak sér og heldur með hann heim að karlskoti. Þegar hann var kominn **æðikipp** frá hellinum þykir honum belgurinn furðu þungur, setur hann því af sér og hvílir sig. Þegar hann er búinn að setja af sér baggann segir önnur þeirra systra:

– Ég sé í gegnum holt og hæðir og helli minn.

Þykist nú risinn vita að Helga sjái til ferða sinna og segir:

– Aldrei skal ég í belginn bauka,

þó brotni í mér hryggurinn;

glögg er auga í Helgu minni,

hún sér í gegnum holt og hæðir og helli sinn.

Síðan snarar hann belgnum á bak sér aftur en þó kemur þar að hann lýst í annað sinn og finnst belgurinn kynja þungur, setur hann af sér og er hann heyrir:

– Ég sé í gegnum holt og hæðir og helli minn, mælir hann sömu orðum og fyrr og heldur enn áfram. Þannig gekk og hið þriðja sinn, er hann hvíldi sig, að bæði heyrir hann hin sömu orð og hefur sömu ummæli sjálfur sem hið fyrsta sinn. Síðan kemst hann heim í kot og selur belginn í hendur karli og kerlingu.

Nú er þar til máls að taka að Helga fer að þrifa



til í hellinum og undirbúa allt til brúðkaupsveislunnar eins og risinn hafði fyrir mælt. Hraðar hún sér nú að öllu sem mest hún má og ber á bord. Þegar hún hefur lokið öllu sem hún átti að gera tekur hún staur sem lá í hellinum og færir hann í brúðarskart sitt og setur þar sem hún bjóst við að sér mundi ætlað sæti. Eftir það nýr hún framan í sig alla pottahrími og atar klæði sín í kolum og ösku, tekur eldhússkörunginn, sest á bak og ríður og stefnir í gagnstæða átt frá hellinum því sem heim vissi að karlskoti. Skamma stund hafði hún farið, áður en hún mætti risanum með miklum flokki boðsmanna. Voru þar í fylgd með honum jötnar og bergrisar en brúðguminn var í fararbroddi. Hann yrti á Helgu

Skammt hafði hún farið er hún mætti risanum með miklum flokki boðsmanna.



og spurði hvað hún hét. Hún kvaðst heita Kolrassa krókríðandi. Hann ávarpar hana enn á þessa leið:

– Komstu að Melshöfða,

kolskörin þín?

Hún mælti:

– Kom eg þar.

Breitt var á bekki;

brúður sat á stól;

full voru öll ker,

svo út úr fló.

Þá mælti risinn:

– Hó, hó, ríðum hart, brúðurin bíður, og boðsmenn hans tóku undir og sögðu:

– Hó, hó, ríðum hart, sveinar.

Síðan skildist Helga við þá og mætti öðrum flokki boðsmannanna; voru þar í skessur einar og tröllkonur. Þær yrtu á hana sem risinn:

– Komstu að Melshöfða,

kolskörin þín?

Hún svaraði:

– Kom eg þar.

Breitt var á bekki;

brúður sat á stól;

full voru öll ker,

svo út úr fló.

Þá mæltu skessurnar:

– Hó, hó, ríðum hart, meyjar. Eftir það skildu þær. Héldu skessurnar til hellisins að Melshöfða en Helga sneri við þegar leiti bar á milli og heim í karlskot og sagði foreldrum sínum og systur frá hvernig komið væri. Dvaldi hún heima litla stund því hún fór af stað aftur að vita hvers hún yrði vör á Melshöfða.

Nú viku sögunni til risans og boðsmanna hans. Þegar þeir komu í hellinn, sjá þeir borð reist og bekki setta og allt fyrirbúið til fagnaðar; þar með sáu þeir brúðina komna í sæti. Gengu þeir því fyrir hana og heilsuðu henni en hún leit hvorki við þeim né laut og þótti þeim það kynlegt og ekki síst brúðgumanum. Fóru þeir þá og gættu betur að og sáu hver umbúningur þar hafði verið veittur. Fann risinn nú að hann hafði verið gabbður og sumir gestirnir með honum og hörmuðu hrakfall hans. Sumum gestunum þótti aftur risinn hafa gabbað sig er hann hafði boðið þeim til brúðkaups en ætlað að villa fyrir þeim sjónir með trédrumb einum. Slóst þar þegar í áflog og því næst drápu hverir aðra, risinn og þeir sem honum fylgdu og hinir er þóttu hann hafa gabbað sig. Er það skjótast frá að segja að þar stóð enginn lífs upp og sá Helga á allan þeirra ófagra forgang.

Þegar tröllin voru fallin hljóp Helga heim í kot hið hraðasta og sótti allt hyski sitt. Drógu þau síðan búkana út úr hellinum, báru þar að við og kyntu bál mikið og brenndu upp allan þenna óþjóðalýð til kaldra kola. Að því búnu tóku þau allt sem fémætt var í hellinum og fluttu heim í karlskot. Síðan fær Helga sér smíði marga og smíðæfni og lætur gera sér hús mikið og fagurt og sest þar að. Systur hennar urðu ekki að manni því þær voru úrræðalausar, öllu óvanar og kunnu ekkert sem nokkru var **nýtt**. En Helga giftist síðan vænum manni og unnust þau bæði vel og lengi,

áttu börn og **buru**,
grófu rætur og **muru**;
smérið rann,
roðið brann,
sagan upp á hvern mann,
sem hlýða kann.
Brenni ég þeim í kolti baun,
sem ekki gjalda mér sögulaun
fyrir í dag en á morgun.
Köttur úti í mýri,
setti upp á sér **stýri**.
Úti er ævintýri.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



nýtt: nýtilegt

bura: kvenyfirhöfn, léleg úlpa eða treyja.
Einnig notað sem feluorð í stað e-s annars orðs sem ekki þykir rétt að nefna

mura: jarðstönglar tágamuru sem áður fyrr voru notaðir til matar

stýri: kattarrófa

úti: á enda, búið

Áð lestri loknum

1. Af hverju öfunduðu systurnar Helgu?
2. Hvernig komst Helga á slóð systra sinna í hellinum?
3. Lýstu híbýlum risans eins vel og þú getur.
4. Hvernig fór Helga að því að fá risann til að afhenda sér lyklana að hirslum sínum og híbýlum?
5. Hvernig fékk hún hann til að fara með matarpokann til foreldra sinna?
6. Hver bjó á Melshöfða?
7. Kannast þú við að nafnið Kolrassa krókriðandi hafi verið notað hér á seinni árum?
8. Hvað var einkennilegt við brúðina þegar risinn kom í veisluna með boðsgestina?
9. Hvers vegna fóru boðsgestir að fljúgast á?
10. Finndu fimm lýsingarorð sem eiga vel við um Helgu.
11. Finndu þrjú einkenni ævintýris á þessari sögu.
12. Endursegðu efni sögunnar í stuttu máli.



32. Neyttu meðan á nefinu stendur

Sögugluggi

Sagan segir frá kerlingu sem er sólgin í smjör og neytir allra bragða til þess að komast í smjörbirgðir heimilisins. Karl hennar grunar ekkert en endirinn er óvæntur.

Einu sinni var kóngur og drottning í ríki sínu og karl og kerling í koti sínu. Einu sinni keyptu þau sér tunnu fulla af smjöri sem þau ætluðu að hafa til vetrarins. En nú urðu þau í vandræðum með það hvar þau ættu að geyma tunnuna svo ekki yrði stolið úr henni. Loksins kom þeim saman um að fá hana geymda í kóngsgarðinum. Gekk þeim vel að fá það og tók kóngur hana til geymslu. Gengu þau sjálf frá tunnunni og bundu yfir.

Leið nú fram undir haustið. Fór þá kerlinguna að langa í smjörið og hugsar hún sér undir eins upp ráð til þess. Einn góðan veðurdag er hún snemma á fótum, kemur hún þá inn og segir karli sínum að það sé kallað á sig í kóngsríkinu til að halda þar barni undir skírn og verði hún því að fara burtu þangað. Karl segir að það sé svo sem sjálfsagt. Byr nú kerling sig í allramesta snatri og fer í kóngsríkið. Segir hún þar að hún eigi að sækja smjörögn í tunnuna og var því trúað svo henni var hleypt þar inn sem tunnan stóð. Tók kerling nú gott **borð** af tunnunni. Síðan fór hún heim. Þá spyr karlinn hvað barnið hefði heitið í kóngsríkinu.

Kerling segir:

– Borða heitir burðug mær.

Þegar kerling var nú búin með það sem hún hafði tekið af smjöri segir hún við karlinn:

– Kallað er í kóngsríkinu enn.

Karl spurði á hvern og til hvers.

– Á mig til að halda barni undir skírn, segir hún.

– Far þú þá, segir karl.

Kerling fer og segir sem fyrr að hún eigi að sækja smjör í tunnuna. Tekur nú kerling ofan í miðja tunnu. En þegar hún kom heim spurði karlinn hvað barnið hét. Kerling segir:

– Miðja heitir mikil **snót**.

Þegar kerling er búin með þetta smjör segir hún við karlinn:

– Kallað er í kóngsríki enn og er ég enn beðin að koma og halda þar barni undir skírn.

– Far þú þá, segir karl.

Kerling fer og segist eiga að sækja smjör. Tók



borð: auða bilið frá yfirborði smjörsins upp að brún tunnunnar

snót: stúlka

hún nú svo mikið að hún sá í **löggina**.

Þegar heim kom spyr karl hvað barnið heiti.

Kerling segir:

– Lögg heitir ljót mær.

Nú leið og beið þangað til kerling var enn orðin smjörlaus. Þá segir hún við karlinn:

– Kallað er í kóngsríki enn.

– Á hvern og til hvers? spyr karl.

– Á mig til að halda barni undir skírn, segir kerling.

– Far þú þá, segir karlinn.

Kerling fer og segir sem fyrr í kóngsríkinu að hún eigi að sækja smjör. Tekur hún þá allt sem eftir var í tunnunni. Þegar hún kom heim spurði karlinn hvað barnið hét.

– Botni heitir burðugur sveinn, segir kerling.

Nú líður og bíður fram á **útmánuði**. Þá fór að verða hart í búi hjá karli og kerlingu. Þá segir karlinn við kerlingu sína að nú sé best að sækja smjörtunnuna í kóngsríkið. Kerling fellst á það og fara þau nú bæði og segjast ætla að sækja tunnuna sína. Þeim var fengin tunnan og sáu þau að umbúðirnar voru óhaggaðar. Veltu þau nú tunnunni heim til sín og inn í kotið. Opnaði karlinn nú tunnuna en þá var hún galtóm. Karli bregður heldur en ekki í brún og spyr kerlingu sína hvernig á þessu muni standa. Hún lést nú ekki verða síður hissa á þessu en hann og þóttist ekkert skilja í hverjum brögðum þau væru beitt. En í sama bili sér



Kerling rak sleggjuna af alefli á nefið á karlinum.



lögg: botn, gróp í tunnustöfum sem tunnubotninn er felldur í

útmánuðir: tveir til þrjár síðustu mánuðir vetrar, einkum góa og einmánuður



kerling stóra flugu sem hafði flogið ofan í tunnuna.

– Þarna kemur **rækalls** þjófurinn, segir hún og sýnir karlinum fluguna.

– Nei, skoðaðu, ótætis flugan sú arna, hún hefur sjálfsagt étið allt smjórið okkar úr tunnunni, segir kerling. Karlinn sér að það muni satt vera. Sækir hann nú fiskasleggjuna sína og ætlar að rota fluguna. Læsir hann þá kotinu svo flugan komist ekki út. Ofsækir karlinn nú fluguna og slær til hennar hart og tíðum og brýtur allt og bramlar því aldrei hæfði hann fluguna. Loksins varð karlinn uppgefinn og settist niður í bræði. En þá kemur flugan og sest á nefið á honum.

Karl biður þá kerlingu að rota fluguna og segir:

– Neyttu meðan á nefinu stendur og er það máltak síðan.

Kerling reiðir upp sleggjuna af alefli, rekur hana á nefið á karlinum og dauðrotar hann en flugan

slapp og er órotuð. En kerlingin stumrar enn yfir karlinum.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Áð lestri loknum

1. Hvers vegna keyptu karl og kerling smjörtunnuna?
2. Hvaða atburður endurtekur sig í sögunni?
3. Hvers vegna laug kerling að karli sínum?
4. Að hvaða leyti voru nöfn barnanna táknræn fyrir það sem var að gerast í smjörtunnunni?
5. Hvað þýðir máltækið: Neyttu meðan á nefinu stendur?
6. Lýstu kerlingunni eins nákvæmlega og þú getur.



rækall: fjári, skrambi,
ótæti

33. Sagan af Finnu forvitru

Sögugluggi

Kona giftist manni nokkrum tilneydd. Tekur hún eftir því að hann hegðar sér undarlega á jólum. Eltir hún hann út í eyju nokkra þrjú ár í röð en heldur því leyndu sem þar gerist. Að þremur árum liðnum dregur til tíðinda.

Maður var nefndur Þrándur; hann var lögmaður. Kona hans var önduð þá er þessi saga gerðist. Hann var maður gamall og hinn mesti spekingur. Hann átti tvö börn, son þann er Sigurður hét og dóttur þá er Finna hét. Hún var hin vitrasta kona og var mál manna að hún vissi meira en fólk henni sagði. Eitt sinn, þá faðir hennar reið til þings, sagði hún:

– Mig grunar, faðir, að í þessari ferð muni mín beðið verða en ég bið þig að þú giftir mig ei nema líf þitt liggja við. Hann hét henni því og reið síðan til þingsins. Þar báðu Finnu margir göfugir menn en hann neitaði þeim öllum. Þá er lokið var þinginu reið Þrándur lögmaður heim á leið. Og eitt kvöld þá er hann reið einn saman undan öllum sínum sveinum kom til hans maður á **jörpum** hesti, heldur vígmannlegur. Hann steig af baki og tók í taumana á hesti Þrándar og mælti:

– Heill vertu, Þrándur lögmaður.

Þrándur tók kveðju hans og spurði hann að nafni. Hann kvaðst Geir heita og kvað það vera erindi sitt að biðja Finnu, dóttur Þrándar. Þrándur mælti:

– Ei mun eg þér hana gifta; mun hún sjálf högum sínum ráða. Þá brá Geir sverði og setti fyrir brjóst Þrándi og bað hann annaðhvort gera, gifta honum konuna eða hann mundi hann strax drepa. Sá þá Þrándur ekki annan kost en lofa honum konunni og skyldi hann koma að hálfsmánaðar fresti og sækja hana. Síðan reið Þrándur heim en Geir fór sína leið.

Þá Þrándur kom heim stóð Finna úti og heilsaði föður sínum og sagði:

– Er það **sem mér boðar hugur** að þú hafir mig manni gifta?

Hann kvað það svo vera og sagði **að líf sitt hefði við legið**. Hún sagði það nú svo mundi verða að vera; þó boðaði hugur sér að það mundi henni ekki til mikillar gleði verða.



jarpur: rauðbrúnn

sem mér boðar hugur:

eins og mig grunar

að líf sitt hefði við legið:

hefði verið spurning um líf eða dauða



Geir vitjar konunnar

Að tilsettum tíma kom Geir að vitja konunnar. Var þá við honum vel tekið. Hann kvaðst ekki lengi bíða mega, það Finnu búa sig snarlega því að morgni vildi hann burt. Hún gerði svo. Tók hún ekkert manna með sér frá föður sínum nema bróður sinn Sigurð. Kvöddu þau svo Þránd og riðu sína leið þrjú saman þar til þau komu að **afrétt** einni sem ei voru í nema naut. Finna spurði Geir hver það ætti. Hann kvað það engan eiga nema sig og hana. Annan dag komu þau að annarri afrétt þar var ekki í nema geldfé eitt. Finna spurði Geir hver það ætti. Hann kvað það engan eiga nema sig og hana. Hinn þriðja dag komu þau að hinna þriðju afrétt þar voru ekki í nema hestar einir. Finna spurði Geir hver það ætti. Hann kvað það engan eiga nema sig og hana. Riðu þau svo þann dag allan. Að kvöldi komu þau að húsabæ miklum. Þar steig Geir af baki og það Finnu með sér koma, sagði þar sín húsakynni vera. Finnu var þar vel fagnað. Tók hún þar strax við öllum ráðum. Geir **var við hana fár** mjög en hún lét ekki á sér festa. Sigurður bróðir Finnu var þar og vel haldinn.

Aðfangadagskvöld jóla vildi Finna láta þvo höfuð Geirs. Var hans þá víða leitað og fannst hann hvergi. Finna spurði fóstru Geirs sem þar var og hvort það væri hans vandi. Hún sagði að í langa tíma hefði hann engin jól heima verið og grét þá stórum. Finna bað fólk hans ekki leita, sagði hann mundi sér sjálfum heim skila þá tíð væri. Hún bjó til veislu eftir vanda og **lét ekkert á sér festa** um burtveru Geirs.



Grét fóstran þá stórum.



afrétt (kvk), afréttur (kk): heiðaland sem bændur nota sameiginlega sem sumarhaga handa búfé
var við hana fár: sagði ekki margt, fálátur
lét ekkert á sér festa: lét ekkert á sér heyra eða spyrjast, gaf ekkert út á

Út í eyju

Þá er lokið var veislunni og fólk var allt til svefnsgengið stóð Finna upp og tók Sigurð bróður sinn með sér. Þau gengu til sjávar og hrundu fram bát og reru til einnar eyjar þar ekki langt frá. Finna bað Sigurð gæta skipsins meðan hún gengi á land. Hann gerði sem hún bað. Síðan gekk hún á land og þar til hún kom að einu litlu húsi, þó vel byggðu. Þar stóð hurð á hálfu gátt, ljós brann í húsinu. Þar var rekkja ein vel búin. Þar sá hún Geir bónda sinn liggja í rekkjunni og hafði konu í faðmi. Finna setti sig á gólfíð fyrir neðan rúmskörina og kvað vísu:

„Sá eg suður til eyja,
sá eg þar ljós á lampa,
ljúfan mann á leiki
í línskyrtu hvítri;
hafði hár fyrir augum,
hvern annan **vænleik** meiri;
þeim einum mundi eg manni
mín til í huga segja.

Heitt skyldi aldrei unna
ungum sveini kvinna,
fyrir en fundið hefði
fasta ást í brjósti;
klók er karlmanns tunga,
kann þig ginna, **svanni**;
mörg verður tæld á táli,
trúðu aldrei gleðimáli.“

Síðan gekk Finna út og til bróður síns og bað hann róa í land og segja engum hvar þau hefði verið. Hann hét henni því. Reru þau síðan heim og létu sem ekki hefði verið.

Þá er lokið var jólunum stóð Finna upp snemma morguns og gekk til skála þess sem Geir og hún sváfu inni þá hann heima var. Geir var þar og gekk um gólf, barn lá þar í sænginni. Geir spurði Finnu hver það barn ætti. Hún kvað það engan eiga nema sig og hann. Hún tók barnið og fékk til fósturs fóstru Geirs. Leið svo það ár út og varð ekki til tíðinda. Önnur jól gekk allt **með sama slag** og hin fyrstu nema þá setti Finna sig á **skörina** fyrir rúminu og kvað vísu þessa:

„Oft sit eg ein undir eiki
eins fól og **nárinn** bleiki,
ein verð eg **sútum** að **samna**,
sorginni fátt vill gamna;
hugur minn hvarflar víða,
hjartað mitt fyllist kvíða,
eg verð um eitt að þegja,
engum má eg það segja.“



vænleikur: fegurð, gæði

svanni: kona

með sama slag: á sama hátt, eins

skörina: brúnina, kantinn

nár: lík

sút: kvíði, sorg, áhyggja

að samna: að safna



Úr álögum

Hin þriðju jól var og búið til veislu og var Geir leitað og fannst hann ekki. Finna bað fólk hans ekki leita. Þá lokið var veislunni og fólkíð var til sængur gengið reru þau Sigurður og Finna til eyjar þeirrar sem áður höfðu þau verið. Þá bað Sigurður Finnu að hann mætti með á land ganga. Hún lét það eftir honum en bað hann ekki orð tala. Þau gengu til hússins. Þar bað Finna Sigurð bíða sín meðan hún gengi inn; hann gerði svo. Finna gekk inn og setti sig á rekkjustokkinn og kvað vísu:

*„Hér sit eg ein á stokki,
af mér er gleðinnar þokki;
tapað hefur **seggurinn svinni**
sumarlangt gleðinni minni.
Önnur hlaut þann er eg unna;
oft fellur sjór yfir **hlunna**.“*

Geir reis þá upp og mælti:

– Það skal nú ekki lengur vera. En konan sem hjá honum lá í sænginni féll í **öngvit**.

Finna tók vín og dreypti á varir henni; raknaði hún þá við og var hin fríðasta mæ. Sagði þá Geir til Finnu:

– Nú hefur þú mig úr stórum nauðum leyst því þetta var nú hið síðasta ár sem eg kynni leystur að



Reru þau Sigurður og Finna þá aftur til eyjarinnar.

verða. Faðir minn var kóngur og réð fyrir Garðaríki. Þá er móðir mín var dái giftist faðir minn aftur einni ókenndri konu. Er þau höfðu skamma stund saman verið drap hún föður minn með eitri en þá



seggur: maður
svinnur: vitur, ágætur
hlunni: handfangið á árinni
öngvit: yfirlíð

eg og þessi systir mín sem Ingibjörg heitir vildum ekki hennar ráðum að hlýða, lagði hún á mig að eg skyldi eiga þrjú börn með systur minni. Og ef eg fengi ekki þá konu sem allt þetta vissi og þó yfir því þegði skyldi eg verða að ormi og systir mín skyldi verða að ótömdu trippi og ganga í afrétt með öðrum stóðhrossum. Og nú hefur þú mig úr þessum nauðum leystan og vil eg nú gifta þessa mína systur Ingibjörgu Sigurði bróður þínum. Þar með vil eg gefa honum allt það ríki sem fyrr átti faðir minn. Fóru þau svo öll í land og til bæjar Geirs. Var þá stofnað til nýrrar veislu og sent eftir Þrándi, föður Finnu, og drukkið **festaröl** Sigurðar og Ingibjargar.

Fór hann þá til **Garðaríkis** og vann það undir sig. Var þá stjúpa Geirs tekin og bundin milli tveggja hrossa, og tók sinn helminginn hvort. Réðu þau Sigurður og Ingibjörg fyrir Garðaríki í margar tíðir en Geir varð lögmaður eftir Þránd. Þau áttu börn og buru.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Vísurnar samkvæmt Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum

Einars Ólafs Sveinssonar



festaröl: brúðkaup


Garðaríki: fornt ríki norræna manna í Rússlandi

Að lestri loknum

1. Yfir hvaða kunnáttu bjó Finna?
2. Faðir Finnu hafði lofað að gifta hana ekki nema líf hans lægi við. Hvað réð því að hann samþykkti bónorð Geirs?
3. Hvert fór Geir um hver jól?
4. Segðu í stuttu máli frá örlögum Geirs.
5. Á hvern hátt leysti Finna vandamál Geirs?
6. Finndu fimm lýsingarorð sem eiga við um Finnu.
7. Endursegðu efni sögunnar í stuttu máli.
8. Nefndu að minnsta kosti fimm einkenni þjóðsagna sem koma fram í þessari sögu.
9. Veldu eina vísu úr sögunni og endursegðu efni hennar.
10. Hvert er hlutverk Sigurðar í sögunni?
11. Hvaða dýrategundir voru í afréttunum og hver átti dýrin?



Útilegumenn



Útilegumenn fóru ekki í útilegu eins og nútímafólk gerir heldur lögðust þeir út vegna þess að þeir voru grunaðir um að hafa brotið lög. Kannski höfðu þeir stolið sér til matar, til dæmis kind eða lambi. Eða þeir höfðu stolið einhverju öðru, jafnvel peningum. Sumir höfðu eitthvað enn verra á samviskunni en aðrir voru kannski alsaklausir, hafðir fyrir rangri sök. Draumurinn um grösugan dal lengst uppi í óbyggðum, inn á milli jöklanna, lifði góðu lífi fyrr á öldum og líklega hafa margir útilegumenn leitað hans. Sumir hafa kannski fundið hann.

Hér á eftir fara tvær útilegumannasögur. Sú fyrri er um Ketilríði bóndadóttur sem er að leita að fé í óbyggðum þegar hún villist. Lendir hún hjá illþýði miklu, sauðabjófum og mannætum. Er Ketilríður í miklum háska en á bænum er reyndar einn maður sem hjálpar henni. Seinni sagan er um Höllu bóndadóttur. Halla er á grasafjalli með fjölskyldunni en villist og lendir í höndum útilegumanna. Sér hún sína sæng upp reidda enda stendur til að gifta hana einum útilegumanninum. Gömul kona þar í dalnum leiðbeinir Höllu og leggur á ráð um flótta hennar. En það er hættulegt að reyna flótta og líf hennar liggur við ef hún næst.

34. Sagan af Ketilríði bóndadóttur

Sögugluggi

Bóndadóttir fer að leita að fé en villist í vetrarhríð og kemur á ókunnuglegan bæ. Þar er fyrir heldur óyndislegt fólk. Þó er þar einn almennilegur maður sem hjálpar henni. Hún fær seinna tækifæri til að launa honum hjálpina.

Í fyrndinni bjó bóndi í dal einum á Austurlandi, í Suður-Múlasýslu, er Grímur hét. Kona hans hét Þórkatla en dóttir Ketilríður og áttu þau ei annað barna. Dalur þessi var albyggður. Það bar til eitt haust að menn heimtu sauðfé venju framar illa. Voru gerðir út menn til eftirleita um öræfi en **kom fyrir ekki**. Föður Ketilríðar vantaði mest og nálega allar **geldar kindur**. Hann og aðrir kunnu þessu stórilla en fengu ei við gert. Snemma vetrar kom Ketilríður að máli við föður sinn á þessa leið:

– Ég vildi, faðir, að þú gæfir mér **orðlof** til að ferðast um óbyggðir og leita fjár þíns. Er mér grunur sá að ei muni ég til einkis fara ef þitt leyfi fengist hér til. Grímur mælti og brosti:

– Fyrri vissi ég það, dóttir, að þú ber karlmannshug í konubrósti en ekki þykir mér ferð þessi mjög fýsileg. Kann vera að tröll, **vættir** eður stigamenn haldi sig í óbyggðunum, sitji fyrir þér og taki þig. Yrði það þinn bani eður að minnsta kosti slyppirðu aldrei úr höndum þeirra. Ketilríður mælti:

– Meira mun orð á gert um slíkt **en að hæfa sé fyrir** og hræðist ég það alls ekki.

Hún neyddi föður sinn þar til hann gaf henni leyfi til fararinnar. Segir hann að smalapiltur skuli fylgja henni. Hún lét það svo vera. Byr sig nú með vistir og skó því hún bjóst við að ganga ekki allstutt. Kvaddi hún foreldra sína og hélt af stað með piltinum en lét hann snúa heim aftur er þau voru komin úr augsýn. Fór hann nauðugur og sagði Grími að hún vildi ekki fylgd hans. Fékk það bónda ógleði því hann varð hræddur um dóttur sína að **feigð** mundi hana kallað hafa.



kom fyrir ekki: bar ekki árangur

geldar kindur: kindur sem mjólka ekki

orðlof: leyfi

vættur: yfirnáttúruleg vera úr öðrum heimi

en að hæfa sé fyrir: en að svo sé í raun og veru

feigð: nálægð dauðans, yfirvofandi dauði



Dalurinn

Ketilríður gengur lengi um óbyggðir. Loks fór að dimma veður, gerði drífu mikla og sá lítið. Tók hún þá að villast; gekk hún svo lengi að hún veit ei hvurt, uns hún finnur undir fótum sér egg eða fjallsbrún. Hér gengur hún ofan og mundi þó flestum þykja ófært sakir kletta og harðfennis. Eftir langa þraut kemst hún ofan á sléttlendi. Var hríðin svo svört að ekkert sást frá sér. Hún hélt þetta vera dal; rann eftir honum á með ísbrúm.

Hún hafði stutt gengið ofan með ánni er hún hittir sauðahús mikið. Sér hún mann við dyrnar og fjölda fjár. Ei þótti henni maðurinn illilegur. Hún heilsar honum en hann tók því stutt. Hér þekkir Ketilríður fé föður síns og hinna dalbúanna. Maðurinn hleypir inn fénu og Ketilríður hjálpar honum til, spyr hann síðan að nafni og hvar hún sé komin. Hann kveðst Þorsteinn heita en dalinn nefndi hann ekki og sagði hann lítt byggðan og ei vera þar utan einn bæ. Ketilríður kvaðst þar mundi beiðast húsa yfir nóttina. Hann kvað það óráð ef hún vildi lifa:

– Er hér engum grið gefin er gistinga beiðist en þó mun ég svo til sjá að þig saki ekki ef þú vilt mér heim fylgja. Veit ég erindi þitt og vildi ég gjarnan að þú færir góða för.

Ganga þau nú heim og inn í bæjardyr. Rótar hann þar til í horni einu, tekur upp hlemm og er þar undir jarðhús lítið. Þar lætur hann Ketilríði koma í og sagði henni að láta ekki til sín heyra hvað sem á gengi og hún heyrði, ella yrði það hennar bani. Byrgði hann síðan jarðhúsið og gekk burt.

Féð endurheimt

Nokkru síðar heyrir hún brauk mikið og manna-mál. Heyrði hún að ekki mundu þeir færri en sex og voru að leita og spurja eftir gestinum. Hún heyrði Þorstein neita að nokkur hefði þar komið. Ketilríður varð óttaslegin af ógangi þessum því brothljóð var í hverju tré og skalf jarðhúsið af fótasparkinu. Síðan þagnaði það og var þá allt hljótt. Ketilríður sofna nú skjótt því bæði var hún syfjuð og þreytt. Um morguninn snemma vakti Þorsteinn Ketilríði og biður hana koma með sér.

Var hún þá ekki sein að standa

Lét hann Ketilríði fara ofan í jarðhúsið.



á fætur. Fór hann með henni til sauðhússins og greiddi henni fé föður hennar og hinna í dalnum, fylgdi henni síðan úr dalnum; var þá veður bjart. Þorsteinn mælti til Ketilríðar að skilnaði:

– Nú mun ég ljá þér hund minn til fylgdar heim til þín og mun hann þér á við góðan mann til fjárrekstra. Skilja mun hann við þig heima hjá vallargarði. En þess bið ég þig að þú safnir mönnum er þú ert heim komin og eigir þá vísa ef á þarf að halda. En ei skaltu hingað með þá vitja nema ég sendi þér hundinn minn Sörla og mun ég þá liðs þurfi. Þess vil ég líka biðja þig að eigi giftist þú fyrr en þú veist hvað um mig verður.

Að svo mæltu skildust þau. Hélt Ketilríður heim og rak Sörli féð allt að vallargarði föður hennar. Ketilríður gekk nú heim og urðu foreldrar hennar stórglöð því þau þóttust heimta hana úr helju. Spurðu þau hana fréttu. Hún sagði af hið ljósasta. Nú fengu menn aftur fé sitt. Lofuðu þeir Ketilríði, kváðu hana mikinn dugnað og hugrekki sýnt hafa. Hún fór brátt að safna liði og fékk tuttugu og fjóra vaska menn úr sveitinni. Sá hét Ketill er fyrir þeim skyldi vera. Leið nú fram á veturinn.

„Sæktu hingað sálu mín“

Nótt eina dreymir Ketilríði Þorstein biðja sig um liðveisl. Vaknar hún snemma morguns og klædist og gengur út. Stendur þá Sörli við bæjardyr og flaðrar upp um Ketilríði. Brá hún skjótt við, sendi eftir

mönnum þeim er hún hafði til fengið að veita sér lið. Gekk skjótt **búningurinn** og var Sörli í broddi fylkingar. Komu þau í dalinn og allt til bæjarins; var það seint á degi. Enginn maður var úti. Ketilríður talar við menn sína:

– Bíðið mín á húsabaki. Mun ég fyrst ein inn ganga en bregðið við skjótt ef ég kalla. Þeir játa því. Gengur hún í bæinn og í baðstofu; var þar pallur. Settist Ketilríður þar niður þegjandi. Sér hún karl og kerlingu og sex pilta. Allt var það illmannlegt á svip. Kerling talar nú til Ketilríðar og spyr ef hún vilji mat, gat til hún mundi svöng. Ketilríður þáði boðið. Sækir kerling þá fram ketfat og fær Ketilríði. Hún tók við en leist ei vel á er hún skoðaði, því mannaket var á fatinu. Kvaðst hún óvön slíkri fæðu og bað kerlingu útvega sér aðra betri. Kemur þá gamla konan með sauðakjöt.

En þá sér Ketilríður að karl tekur hníf og fer að **hvetja**. Segir hann við pilta sína best muni að drepa Ketilríði sem skjótast og biður þá taka hana. Þeir standa upp. Hún biður þá lofa sér að syngja andlátsbæn sína því hún væri kristin. Karl var enginn trúmaður og vill það ekki. Sonum hans var forvitni á að heyra bænina því slíkt höfðu þeir aldrei heyrt og fékk hún því leyfi hér til. Hún bað þá fara með sig út á bæjardyrþrepskjöld því guð mundi ei vilja sækja sálu sína inn í bæ þeirra. Karl vildi þetta ekki en synir hans ráða og fara nú með hana fram á þrepskjöldinn en karl kemur á eftir með hnífinn. Fór nú Ketilríður að biðja á þessa leið:



*Keta, Keta, Keta mín
kom þú hér með sveina þín
og sæktu hingað sálu mín.*

Brugðu þeir Ketill við skjótt og hlaupa til dyra með vopnum sínum. Slepptu þá piltarnir Ketilríði og vildu forða sér en máttu ekki. Drápu þeir allt illþýði þetta og brenndu síðan. Fóru þeir nú að leita eftir Þorsteini. Vísaði Sörli þeim á hann í húsi einu læstu; sat hann á stóli með bundnar hendur við **stólbrúðirnar**. Fætur hafði hann að knjám í vatnskeri. Fat stóð fyrir honum með sauðakjöti reyktu en ei kunni hann til þess ná.

Var hann leystur og hresstur við. Sagði hann þeim hvaðan hann var. Hafði illþýðið rænt honum úr byggð því hann var góður fjármaður. Var nú bærinn brenndur. Fluttu þeir allt í burt er þess var vert. Var þar ógrynni auðæfa og eignaðist Þorsteinn og Ketilríður það allt. Ferðuðust þau heim til byggða með fjárhlut sinn, borguðu vel liðsmönnum sínum ferðina. Eftir þetta biður Þorsteinn Ketilríðar og svaraði Grímur því máli vel. Giftust þau síðan og bjuggu á bæ Gríms eftir hann látinn. Unnust þau hugástum til elli og voru hin ríkustu hjón í þá daga.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



búningurinn: undirbúningurinn
hvetja: brýna, hvesa
stólbrúðir: armar stóls



*Fundu þau
Þorstein á stóli
með bundnar
hendur við
stólbrúðirnar.*

Að lestri loknum

1. Finndu Suður-Múlasýslu á landakortinu.
2. Hvers vegna fór Ketilríður ein að heiman um hávetur?
3. Hver var ástæða þess að Þorsteinn vildi ekki að hún gisti á bænum?
4. Hver var Sörli og hvaða hlutverki gegnir hann í sögunni?
5. Endursegðu í stuttu máli það sem gerðist eftir að Ketilríður kom í seinna skiptið á bæinn.
6. Lýstu Ketilríði bóndadóttur í fáum orðum. Hvaða einkenni þjóðsagna má finna í þessari sögu?

35. Halla bóndadóttir

Sögugluggi

*Stúlka nokkur villist á grasafjalli og lendir í höndum útilegumanna.
Hún fær aðstoð úr óvæntri átt en hættunar leynast víða.*

Einu sinni fóru margir Skagfirðingar á grasafjall. Voru þar bæði karlar og konur og lágu þeir við tjald suður á heiðinni. Ein af stúlkunum hét Halla. Hún var dóttir bónda eins í Skagafirði. Var hún fríð sýnum og á tvítugs aldri. Svo bar við að hana syfjaði mjög í einni göngunni og lagði hún sig fyrir á rúst einni en fólkið var þar í kring. Bað hún kvenmann einn að vekja sig bráðum aftur.

Halla sofnaði skjótt en þoka var mikil. Þegar hún vaknaði sá hún engan mann og varð þá hrædd og ætlaði að hlaupa til grasafólksins en hljóp í allt aðra átt. Fór hún svo lengi. Kemur þá að henni maður ríðandi. Hann var mikill vexti og þreklegur. Hann spyr hana því hún sé ein. Hún segir að þeir sem hún sé með séu skammt þaðan, – eða sástu ekki fólk á leið þinni?

– Jú, segir maðurinn, það er skammt héðan og er ég að leita að hestum sem struku frá mér því ég er hér líka á grasafjalli. Viltu ekki að ég fylgi þér til fólksins?

– Jú, það vil ég, segir Halla.

– Sestu þá á bak fyrir aftan mig, segir aðkomumaður.

Halla vildi það ekki því henni **stóð stuggur af** manninum. Gekk hún svo með honum stundarkorn. Sagði hann þá að hún skyldi koma á bak með sér svo þau yrðu fljótari. Halla lét þá til leiðast og settist á bak hjá manninum. Hleypti hann þá hestinum og **reið slíkt sem af tók**. En er langur tími var liðinn segir Halla að sér þyki æðilangt til fólksins. Maðurinn segir að það fari nú að stytast. Lét hún hann þá ráða því hún sá að hér var eigi til góðs að gjöra.

Geymið hana ei verr en ég hef aflað

Riðu þau svo þar til er þau komu í dal nokkurn eigi alllítinn. Þar sá Halla bæi marga og þó einn mestan. Þangað héldu þau. Þegar þau komu í hlað stigu þau af baki og gengu inn. Var þar margt manna fyrir og þar á meðal sá hún menn tvo unga og vígamannlega.



stóð stuggur af: var hrædd við

reið slíkt sem af tók: allt hvað af tók, eins hratt og hann gat



Segir þá maðurinn sem hafði tekið hana við þá:
– Takið nú við meyjunni og geymið hana ei verr en ég hef aflað hennar.

Þeir tóku þá við Höllu og fengu hana stúlkum tveimur unglejum. Þær voru glaðar og kátar og vildu allt gera Höllu til skemmtunar en hún undi sér illa og neytti hvorki svefns né matar. Stúlkur þessar höfðu sterkar gætur á Höllu og létu hana sofa á milli sín. Halla sá konu eina gamla á bænum og skipti hún sér af engu er fram fór. Um sumarið gekk Halla að heyvinnu með hinum stúlkunum og leið svo fram á sláttinn.

Einn góðan veðurdag lá hey mikið flatt hjá dalbúum og voru allir önnum kafnir að hirða og binda heyið. Þá kemur gamla konan að máli við Höllu og segir:

– Þú unir þér illa stúlka mín og er það von. Skal ég nú kenna þér ráð til að komast á burtu. Þú skalt vita að þú ert nú komin í Ódáðahraun og eru hér sjö dalir í hrauninu. Er þessi dalurinn mestur og fjölbyggðastur og liggur nær því í miðju hinna dalanna. Þessir þrír karlmenn sem þú hefur séð hér og eru meiri öllum hinum ætla nú innan fárra daga að halda brúðkaup sitt og eiga þig og stúlkurnar sem **hafa geymt þín** í sumar. Veðjuðu dalbúar um það að engin stúlka væri jafnfögur og þú í Ódáðahrauni og rændu þér svo. Er þér nú vorkunn þó þú unir þér illa hjá útilegumönnum og hef ég sjálf reynt það að verða að skilja við alla mína því ég er líka rænd úr sveit. Nú uni ég mér allvel og mun ég líka skammt eiga eftir ævi minnar. En ég ætla nú að kenna þér ráð til að komast í burtu. Skaltu í kvöld ganga til



Farðu heil og flýðu hið skjótasta, segir kerling.

hvílu á undan öllum öðrum og látast þegar sofna. En þegar allir eru háttáðir skaltu reyna að fara á fætur og þá mun ég hafa til nesti og skó handa þér og segja þér til vegar. Slíta þær nú talið og þótti Höllu vænt um þetta. Kepptist hún nú við um daginn og var hin kátasta.

Um kvöldið fór Halla heim á undan öllum og



hafa geymt þín:
passað þig,
gætt þín

gekk til hvílu og lést hún sofa þegar fólkið kom. Héldu menn að hún væri lúin orðin og því hefði hún gengið svo snemma til hvílu. Stúlkurnar háttuðu hjá henni og sofnuðu fast. En þegar allir voru sofnaðir rís Halla upp og klæðir sig. Finnur hún þá kerlingu og hefur hún þar nesti og skó og fær Höllu. Segir þá kerling:

– Nú skaltu ganga hér austur dalinn og upp hjá felli því sem þú sérð við dalbotninn. Þú skalt fara að sunnanverðu við fellið og þar muntu finna fyrir þér götuslóða. Þá skaltu ganga og mun þá verða fyrir þér jarðfall mikið og þar kemur þú á breiðan veg ruddan. Þann veg skaltu fara þangað til þú kemur í byggð. Að jarðfallinu muntu verða komin um sólarupprás og skaltu þar fela þig á morgun því þú skalt vita það að leitað mun þín verða og ef þú finnst ekki munu dalbúar berjast um veð sitt því þá hafa þeir þig ekki sjálfa og vita svo eigi hver unnið hefur. Farðu heil, dóttir góð og varlega og flýðu hið skjótasta, segir kerling.

Flótti Höllu

Halla þakkar kerlingu og skildu þær með tárur. Fer þá Halla af stað eftir leiðsögu hennar en kerling fer inn aftur í bæinn. Er það nú af Höllu að segja að allt fer eins og kerling hafði sagt henni. Kemur hún á slóðana hjá fellinu og svo að jarðfallinu. Er þá sól á loft komin og fer Halla niður í jarðfallið og leggst undir skúta einn við bakkann. Að lítilli stundu liðinni heyrir hún dyn mikinn og mannamál. Sér hún þá fjölda manna ríða niður með jarðfallinu. Þeir

fóru geyst og voru að tala um Höllu. Sögðu sumir að hún hefði líklega hlaupið suður í hraunið og drepíð sig.

Líður svo dagurinn. Um kveldið koma þeir aftur. Stígur þá einn þeirra af baki við jarðfallið þar sem Halla lá. Það var unglegur maður og ekki ólaglegur. Hann segir:

– Hér mun Halla vera, og hleypur yfir jarðfallið og skyggnist undir bakkann.

Verður þá Halla hræddari en frá megi segja en liggur þó kyrr. En maðurinn hleypur aftur yfir jarðfallið og segir:

– Ekki er Halla hér.

Ríða þeir síðan burt en Halla rís upp og hefur sig til ferðar. Gengur hún þá brautina eins og kerling hafði sagt henni og **fer nú það er hún má** uns hún kemur til byggða. Kemur hún þá að prestssetri einu. Hún finnur prest og biður hann að taka við sér. Segir hún honum alla sína raunasögu. Prestur tók við henni fúslega og var Halla þar um veturinn. Sumarið eftir réðst hún til ársvistar hjá presti. Prestur hélt og aðra vinnukonu og voru þær mjög saman hún og Halla.

Um sumarið komu menn tveir til prests og báðu hann að taka sig fyrir kaupamenn. Prestur gerði það. Annar þessara manna var **hniginn mjög á efra aldur** og var hann illilegur mjög. Hinn þar á móti



fer nú það er hún má: fer eins hratt og hún getur
hniginn mjög á efra aldur: kominn á efri ár,
orðinn gamall



var ungur maður að aldri og fagur sýnum. Hann hét Björn. Það var síður um sumarið að vinnukonur prests báru kaupamönnum **litla skattinn** til skipta. Einu sinni þegar Halla fór með matinn segir hinn gamli maður:

– Gott væri að skera, gaman væri að rista. Þá segir Björn:

– Þegi þú eða ég drep þig.

Halla varð hrædd þegar hún heyrði þetta og fór heim. Sagði hún þá presti frá orðum kaupamanna og kvaðst ekki þora að vera á meðan þeir væru þar. Prestur sagði að hægt væri að ráða bót á því, – og skal ég hafa á þér kvennaskipti, segir hann. Kom hann þá Höllu til næsta bæjar í kvennaskiptum. Þar stóð svo á að Halla átti að mjólka ærnar með annarri stúlku en klettur hár var í túninu milli **kvíanna** og bæjarins svo ekki sáust þær að heiman.

Kaupamaðurinn Björn

Einu sinni bar svo við að vinnukonan hin fór heim af kvíunum með **fyrirmjöltina** en Halla var að **hreyta** eftir. Gjörði þá regnskúr svo vinnukonan kom ekki aftur. En er Halla fór heim fór hún undir klettinn og ætlaði að standa þar af sér skúrina. Kemur þá að henni kaupamaðurinn Björn og heilsar henni. Hún tekur kveðju hans og verður nú hrædd mjög. Björn segir að hann var sá er hljóp yfir jarðfallið, – og sá ég þig en vildi ekki segja til þín, segir hann. Karlinn sem með mér er vildi drepa þig því hann missti son sinn í bardaganum sem varð milli dalbúa út af fegurð þinni. Skal ég nú verja þig fyrir honum en þó

með þeim kosti að þú launir mér nú þagmælskuna þá er ég sá þig í jarðfallinu og heitir mér tryggðum.

Halla þorði ekki annað en gera vilja Bjarnar. Síðan skildu þau en oft fundust þau eftir þetta um



litli skattur: morgunverður um kl. 9
(á undan venjulegum morgunmat)

kvíar: rétt þar sem kindur voru mjólkaðar

fyrirmjölt: það sem mjólkað var í fyrri umferð, síðan var mjólkað aftur, eftirmjölt

hreyta: mjólka síðustu dropana

*Skyggist maðurinn undir
bakkann þar sem Halla lá.*



sumarið. Þegar úti var slátturinn fóru kaupamennirnir burtu og Halla til prestsins.

Um veturinn kemur Björn til prests og biður hann að útvega sér jörð í sveit sinni og bústýru því hann kveðst vilja vera þar. Halla hafði sagt presti hvernig farið hafði um sumarið og það að hún var með barni af Bjarnar völdum. Segir þá prestur við Björn hvort hann sé ekki ánægður ef hann gæti fengið Höllu fyrir bústýru. Björn játti því og var það nú gjört að Björn skyldi fá Höllu um vorið og taka þar jörð í sveitinni.

En um veturinn átti hann að láta foreldra Höllu fá að vita það allt hvað um hana var orðið og vita hvernig þeim liði. Björn fór því næst burtu og norður í Skagafjörð. Sagði hann foreldrum Höllu alla hennar hrakningssögu og svo hvar hún þá væri. Fékk hann þá leyfi foreldranna til að eiga Höllu.

Um vorið kom hann austur aftur. Tók hann þá Höllu og átti hana og settist þar að búi í sveitinni. Um haustið sótti hann mikinn fjölda sauða inn í Ódáðahraun en um vorið hafði hann komið með ógrynni **ásauðar**. Hann átti tvo sonu við konu sinni og voru þeir ójafnaðarmenn miklir og **ódælir**.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar



ásauður: kvíaær,
mjólkandi ær


ódælir: erfiðir viðfangs,
óviðráðanlegir

Að lestri loknum

1. Geymið hana ei verr en ég hef aflað hennar. Hvað er átt við með þessum orðum?
2. Að standa stuggur af e-u. Hvað þýða þessi orð?
3. Endursegðu í stuttu máli flóttáætlun gömlu konunnar.
4. Settu þig í spor Björns þegar hann segir foreldrum Höllu frá því sem á daga hennar hefur drifið frá því hún hvarf.
5. Gerðu grein fyrir byggingu þessarar sögu, þ.e. hvernig hún skiptist í upphaf, flækju og lausn. Gerðu einnig grein fyrir risi hennar og hvernig spenna er byggð upp.
6. Veldu eina aukapersónu í sögunni og gerðu grein fyrir hlutverki hennar.



Ýmislegt



Í þessum flokki eru sögur af ýmsu tagi. Í þeim eru ekki tröll, álfar eða draugar. Þetta eru aðallega sögur af fólki. Fyrsta sagan fjallar um lögmann dulbúinn sem flæking sem fer í heimsókn á bæ hjá hjónum sem eru þekkt fyrir litla gestrisni. Með dvöl sinni á bænum afhjúpar hann hjónin og reynir það á eigin skinni hvers konar ótuktir þau eru. Þá er saga um unga stúlku sem leggur það í vana sinn að gefa hröfnum leifar og skófir á hverjum morgni. Þessi góðsemi stúlkunnar verður henni til góðs. Þannig er það alltaf í þjóðsögnum: Fólki er launuð góðsemi en illmennska hefnist. Sagan um kerlinguna fjórdrepnu er kostuleg. Þar segir af konu sem baktalar tengdadóttur sína svo illa að stúlkan ákveður loks að láta til skarar skríða gegn henni. Kerlingin hendist úr rólu og dauðrotast, er rekin í gegn með sveðju, sleddu og loks sverði! Loks er svo saga um dreng einn af Norðurlandi sem ætlar með húskörlum suður yfir heiðar til sjósóknar. Hann kemst reyndar aldrei lengra en í Kalmanstungu. Þar reyna samferðamennirnir að gera honum ljótan grikk og hann hættir við að fara með þeim. Þetta verður drengnum til góðs, hann ílengist í Kalmanstungu og finnur þar ástina að lokum.

36. Sveinn lögmaður í dularbúningi

Sögugluggi

Hjón á bæ nokkrum í Eyjafirði voru þekkt fyrir miskunnarleysi gagnvart fátæklingum. Vísuðu þau öllum gestum til lögmansins á næsta bæ.



Að bænum kom karl einn illa til fara.

Á dögum Sveins lögmans Sölvasonar á Munkaþverá var hallæri mikið og mannfækkun svo margir bæir eyddust en fólkíð flæktist víða, einkum vestur, og settu menn sig þar niður. Voru þetta afleiðingar af fjársýkinni, jarðeldunum og öskufallinu. Um þessar mundir bjuggu hjón ein á næsta bæ við Munkaþverá. Þau höfðu nóg af öllu og þurftu ekki að líða skort á neinu en mjög voru þau harðbrjósta og því meir sem harðindin uxu því meir óx einnig miskunnarleysi þeirra og var þar engum fátækum hjálpar að leita. Þegar einhver fátækur kom og beiddi að lofa sér að vera vísuðu þau honum að Munkaþverá. Sögðu þau að lögmansfjandinn væri nógu ríkur. En þegar ríkismenn og höfðingjar komu til þessara hjóna skorti ekkert. Buðu þau aldrei neinum sem þau héldu að ekki gæti boðið þeim aftur.

Flækingskarlinn

Einu sinni á áliðnum degi bar svo við að karl einn illa til fara kom á bæ þennan. Hafði hann ofanfletta mórauða hettu eins og þá var siður til og vondan



hattgarm þar ofan yfir. Hann var í götóttri og **stagbætri** úlpu og mátti heita svo að í hann skini beran. Karl þessi **guðaði** í dyrunum. Kom þá stúlka fram sem karlinum leist vel á. Spurði karlinn hana hvort hann mundi ekki fá að vera þar um nóttina. Sagði stúlkan að það væri óvíst því honum yrði líklega vísað til Munkaþverár eins og öðrum. Karlinn sagðist ekki mundi komast þangað því hann væri bæði kaldur og svangur og mundi hann örmagnast á leiðinni. Sagði hann að ekki væri það heldur víst að Sveinn lofaði sér að vera, mundi hann verða leiður á fátæka fólkinu eins og aðrir. Fór karlinn þá að skjálfa ákaflega og bað stúlkuna umfram allt að fara til hjónanna og leggja til með sér að hann fengi að vera. Fór þá stúlkan inn en kom fram litlu seinna og sagði að hann kynni að fá að standa inni. Fór hann þá með henni inn á baðstofugólfið. **Pallskák** var öðrum megin í baðstofunni eins og þá var siður. Þar var rúmplet stúlkunnar og bauð hún honum að setjast. Enginn talaði orð við hann.

Latir umrenningar

Leið svo rökkrið. En loksins þegar búið var að kveikja kom vinnukona ofan á gólfið. Spurði hún þá karlinn að hvort það væri ekki skemmtilegra fyrir hann að halda á einhverju. Þeir vildu fá að éta og drekka en nenntu þó ekkert að gera. Spurði hún hann hvort hann gæti ekki **hnuðlað** neðan við sokk. Karlinn sagðist skyldi reyna það. Fékk hún honum þá þurra **neðanprjóninga**. Spurði karlinn

hvort ekki væri betra að væta þá en hún sagðist halda að hann væri ekki of góður til þess sjálfur og vísaði honum á **þvæliker** og gekk svo í burtu. Tók þá stúlkan sokkana og vatt þá upp fyrir karlinn. Fór hann þá að þæfa. Að löngum tíma liðnum kom vinnukonan að skoða þófið og hafði það engum framförum tekið. Varð hún þá mjög reið og gaf honum mörg **hrakyrði**.

Loksins þegar háttatími var kominn var honum vísað að liggja á **reiðingstorfu** á pallskákinni móti stúlkunni og lítið eitt af **flautum** var honum gefið til næringar. En þegar háttað var kom stúlkan til hans að hlynna að honum. Léði hún honum þá koddann sinn og hempu ofan á sig og það sem henni var skammtað gaf hún honum.



stagbættur: mikið bætt, viðgerð

guðaði: heilsaði með því að segja: „Hér sé guð“

pallskák: hærri hluti baðstofugólfs, einkum með fram veggjum

hnuðla: hnoða, kuðla

neðanprjóningur: sokkur sem prjónað hefur verið neðan við

þvæliker: ker til að bleyta, kuðla ull

hrakyrði: illmæli, skammir

reiðingstorfa: torfa undir klyfbera á áburðarhesti

flautir: þeytt undanrenna

Laun fyrir góðsemina

Undir eins og dagur kom fór karlinn af stað og vissu menn ekkert hvað af honum varð. En snemma þennandag kom lögmaðurinn ríðandi. Gekk þá bóndi út að fagna honum, bauð hann honum í skemmu sína og veitti honum ágæta vel. Fóru þeir nú að tala um harðindin og hvað bágt væri að haldast við vegna fátæklinganna. Sagði þá bóndinn að einn djöfullinn hefði verið hjá sér í nótt en hann hefði farið snemma á stað um morguninn. Síðan gerir lögmaður boð eftir stúlkunni og þakkar henni fyrir alla aðhjúkrun um nóttina. Sagði hann að hún væri of góð að vera hjá því líkum húsbændum og skyldi hún koma með sér því sig langaði að launa henni góðsemi hennar. Síðan gerir hann húsbændum hennar harða áminningu og svo brá þeim við það að þau gerðu jafnan gott fátækum eftir það. Stúlkan fór heim með honum og gifti hann hana vel.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Að lestri loknum

1. Hvar er Munkaþverá? Finndu á landakorti.
2. Finndu dæmi um a.m.k. tvö eldgos sem mikið öskufall fylgdi á 18. og 19. öld á Íslandi. Skráðu niðurstöður þínar.
3. Hvað gerði lögmaður til að afhjúpa bóndann á næsta bæ? Skrifðu hjá þér.
4. Lýstu hjónunum á bænum í 40–50 orðum.
5. Gerðu grein fyrir stöðu kvenna eins og hún virðist hafa verið á þeim tíma sem sagan segir frá.
6. Hvaða boðskap getur þú fundið í þessari sögu?



37. Skíðastaðir

Sögugluggi

Hér segir frá vinnukonu sem er svo góð við menn og málleysingja að það verður henni til lífs þegar skriða fellur á bæinn.

Skíðastaðir hefur bær heitið. Hann var næsti bær fyrir sunnan Öxl, undir Vatnsdalsfjalli vestanverðu í Húnavatnssýslu. Á Skíðastöðum bjó í fornöld flugríkur bóndi. Hann hafði mörg hjú og hélt þeim fast að vinnu vetur og sumar. Hann átti mikið engi og gott og lá það þar sem nú er Vatnsdalsflóð í útsuður frá bænum. Svo gekk bóndi hart að hjúum sínum með vinnu á sumrum að hann lét aldrei nokkra **griðkonu** vera heima til eldhússtarfa svo það var skylduskattur þeirra að hafa alla stór-elda sem hafa þurfti alla vikuna á helgum dögum og leyfði þeim hvorki að sækja tíðir né sinna lestrum.

Einn sunnudag árla sást af bæjum að vestanverðu í Þinginu og í Vatnsdal utarlega að maður í hvítum klæðum gekk norður eftir Vatnsdalsfjalli. Hann hafði sprota í hendi og nam staðar upp undan Skíðastöðum og laust þar sprotanum á fjallið. En jafnskjótt spratt þar upp afar stór skriða úr fjallinu og varð æ stærri því lengra sem hún veltist ofan eftir og féll hún yfir allan bæinn á Skíðastöðum svo ekkert mannsbarn komst með lífi undan nema ein stúlka.

Vinnukonan

Þessi stúlka hafði verið lengi á Skíðastöðum þó henni þætti þar ekki góður bæjarbragur en einkum guðleysi bónda. Var hún æði góðlynd og viljug til allra verka því hafði hún hylli húsbænda sinna og samlagsþjóna. Hún hafði og oftast orðið fyrir því að vera í eldhúsinu á helgum en ekki hafði hún átt neinni þóknun annarri að mæta fyrir það en að hún mátti þá ráða **skófnapottinum**.

Veturinn áður en skriðan féll á bæinn hafði verið mjög harður svo þá féllu bæði menn og fénaður af hungri almennt. Skíðastaðabóndi skarst undan öllu liðsinni við sveitunga sína er á hann skoruðu fyrir sjálfa sig eða fénað sinn og rak margan nauðleitamann burtu með harðri hendi án þess að víkja neinu góðu að nokkrum þeirra.



griðkona: vinnukona

skófnapottur: pottur með skófum í;

skófir: matur sem hefur fest við pottinn



Spratt upp stór skriða úr fjallinu og varð æ stærri því lengra sem hún veltist ofan eftir.

Ekki voru heldur veitingar svo miklar við heimilisfólk á Skíðastöðum, þó nóg væri til, að það væri aflögufært. En þó gekk stúlka þessi mjög nærri sér til að geta **hyglað** þeim sem þar komu aumastir og varði hún til þess bæði af mat sínum og skófum þeim sem til féllu. Þennan sama vetur **svarf** svo að flestum skepnum sem úti áttu að vera að þær lágu dauðar

hrönnum saman því það var lengi að ekki fékk tittlingur í nefi sínu. Flokkuðust þá sem oftast er svo ber undir hrafnar mjög heim að bæjum og höfðu það eitt **til viðurlífis** er þeir tíndu úr ýmsu sorpi er út var snarað.

Stúlka þessi hin sama gjörði sér far um að snara sem mestu hún gat út úr eldhúsinu því hún var svo brjóstgóð að hún vildi og gjarnan geta treint lífið í hröfnunum ef hún mætti. Þetta tókst henni líka og **varð** einn hrafninn af því svo **elskur að** henni að hann elti hana nálega hvar sem hún fór utan bæjar og um vorið og sumarið eftir kom hann snemma á hverjum morgni heim að Skíðastöðum til að fá sér **árbita** hjá stúlkunni því hún geymdi honum ávallt eitthvað og henti hið mesta gaman að honum.

Krummi krunkar úti

Þennan sunnudagsmorgun sem fyrr var frá sagt hafði stúlka þessi farið mjög snemma á fætur og eldað graut og var hún að keppast við að vera búin að skafa pottinn áður en krummi kæmi til að geta gefið honum skófirnar. Þetta tókst og þegar hún heyrði til krumma úti var hún að ljúka við pottinn.

Hún gengur út með skófirnar í ausu og setur á hlaðið þar sem hún var vön að gefa honum en hann vappar í kringum ausuna og flýgur spottakorn út á túnið. Stúlkan fer á eftir honum með ausuna en allt fer á sömu leið. Hann vill ekki þiggja af henni skófirnar og flýgur spotta og spotta og sest niður á milli en stúlkan fylgir alltaf og veit ekki hvernig þessu vikur við.



Gengur þessi eltingaleikur þangað til krummi er búinn að teygja hana með þessu móti á eftir sér langt suður fyrir tún og stúlkan var farin að hugsa um að ganga ekki lengur eftir honum. En í sama bili heyrir hún drunur í fjallinu undan skriðunni og vatnsflóðinu sem henni fylgdi og sér að hún er komin yfir bæinn. Lofar hún þá guð fyrir lausn sína sem hefði sent sér hrafninn til frelsis.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Að lestri loknum

1. Finndu Húnavatnssýslu og Vatnsdal á landakortinu.
2. Hvernig bjargaðist stúlkan undan skriðunni?
3. Lýstu eins nákvæmlega og þú getur umhverfi sögunnar.
4. Endursegðu í stuttu máli meginefni sögunnar.
5. Hver telur þú að sé boðskapur þessarar sögu?



hygla: hlynna sérstaklega að e-m, annast vel

sverfa að: þrengja að, verða erfitt

til viðurlífis: til viðurværis, til að halda sér á lífi

vera elskur að: þykja vænt um

árbiti: morgunverður

38. Sagan af kerlingunni fjórdrepnu

Sögugluggi

Húsfreyja grunar tengdamóður sína um að baktala sig og leiðir hana í gildru.
Til að breiða yfir verknaðinn gengur húsfreyja æði langt eins og lesa má um í sögunni.
Leiðir svo eitt af öðru.

Einu sinni voru hjón sem áttu þrjá syni. Hét einn þeirra Loftur, annar Björn en um nafn hins þriðja er ekki getið. Þegar þessi saga gerðist var faðir þeirra bræðra dáiinn en Loftur hafði kvænst og tekið við öllum búsföráðum því bræður hans voru lausamenn en **viðloða** hjá honum og græddu fé. Móðir þeirra var og komin í hornið til Lofts.

Ekki var húsfreyju Lofts grunlaust um að tengdamóðir sín mundi **ófrægja** sig og spilla fyrir sér við mann sinn enda sat Loftur löngum á eintali við móður sína, framan á rúminu hjá henni. Einn dag þegar þeir bræður voru rónir til fiskjar, því þeir voru sjómenn og aflamenn miklir, hugðist konan að reyna trúskap tengdamóður sinnar og segir henni að maður sé kominn sem hafi flekk að selja en sig langi til að kaupa dálítið af því.

Kerling segir að hún skuli gera það. Hún viti hvort sem sé að hann Loftur **beri hana ekki ofurráða** um neitt. Konan segist vita það með vísu en maðurinn heimti það fyrir fleskið sem hún megi ekki veita honum þar sem hún sé gift kona.

– Ó, vertu ekki að því arna, heillin mín, segir

kerling, annað eins brallaði ég í gamla daga og varð ekki óglatt af. Konan lést þá fara að hennar dæmum og kaupir fleskið en fyrir allt annað en það sem hún hafði á orði við kerlingu.

Kerling rólar sér

Nú líður og bíður þangað til bræður koma að og heim um kvöldið og fór Loftur á tal við móður sína og situr framan á hjá henni. Húsfreyja fann það að kerlingu var annt um að fá tóm til að tala við Loft, fór hún því ofan en kom jafnan fyrr aftur en kerling kæmi því upp er niðri fyrir var. Kerlingu féll þetta illa og lét son sinn skilja á sér **dylgjur** með því að raula þetta fyrir munni sér:



viðloða: sem dvelst e-s staðar að mestu

ófrægja: baktala

bera e-n ofurráða: taka ráðin af e-m

dylgjur: aðdróttanir, væningar, meinyrði, gefa e-ð illt í skyn



*Ef sumir vissu um suma
það sem sumir gera við suma
þegar sumir eru frá,
þá væru ekki sumir við suma
eins og sumir eru við suma
þegar sumir eru hjá.*

En meira gat kerling ekki komist í leik með að segja syni sínum um kvöldið. Morguninn eftir róa þeir bræður eins og þeir voru vanir. Um daginn kemur húsfreyja að máli við kerlingu og segir að sig langi ósköp til að leika sér. Kerling segir:

– Gerðu það, góðin mín. En hvaða leikur er það sem þig langar mest í? Húsfreyja segir að það sé að róla sér. Kerling segir að við þann leik hafi hún best skemmt sér á fyrri dögum og skuli hún gera það sér til ánægju fyrst hún hafi gaman af því. Húsfreyja spyr hana hvort hún mundi nú ekki treysta sér til að komast ofan með sinni hjálp og sjá hvernig hún fari að róla sér fyrst henni hafi þótt svo mikið gaman í þessum leik til forna. Kerling heldur það og staulast ofan og fram í skála sem var í bænum með tilstyrk tengdadóttur sinnar.

*Kastast kerling úr rólunni og lendir
með höfuðið á stórum steini.*



Nú fer húsfreyja að róla sér um stund og þykir kerlingu hið mesta gaman að horfa á. Síðan fer konan úr rólunni og spyr nú tengdamóður sína hvort hún mundi ekki hafa gaman af að setjast í róluna en hún skuli bæði styðja og róla henni. Kerlingin aftekur það ekki að sér kynni að þykja gaman að því. Fer hún svo með tilhjálp tengdadóttur sinnar upp í róluna og styður hún við hana um stund. En þegar minnst vonum varir hrindir húsfreyja rólunni af stað og sleppir kerlingu svo hún kastast langt til úr rólunni og lendir með höfuðið á stórum steini við skálaþröskuldinn og hálsbrotnar þar.

Húsfreyja tekur kerlingu þaðan steindauða, ber hana inn í rúm og breiðir kirfilega ofan á hana og lætur svo allt vera kyrrt þangað til þeir bræður koma heim um kvöldið. Þá spyr Loftur hvað að móður sinni sé, hún hafi ekki tekið undir við sig þegar hann heilsaði henni. Húsfreyja segir að hún muni þá hafa sofnað því henni hafi orðið flökurt í dag. Síðan ber ekki neitt á neinu.

Kerling floggvin með sveðju

Morguninn eftir róa þeir bræður en húsfreyja tekur lík tengdamóður sinnar, skautar því og hressir upp á kerlingu eins og hún var vön, fer með hana út í skemmu sem Loftur átti og lýkur þar upp stórri kistu sem hann geymdi í tóbak og brennivín. Þar lætur hún kerlingu krjúpa fyrir framan kistuna, hafa höfuðið undir kistulokinu og halda með annarri hendi á **tóbaksruttu** sem hún rakti upp en á hníf í annarri hendinni eins og hún ætli að skera

af tóbakinu og stela því. Hún lætur svo skemmuna standa í hálfu gátt þegar Loftur kemur heim um kvöldið í hálförökrinu.

Honum verður heldur felmt við að koma að skemmuni opinni því hann hafði sjálfur mesta umgöngu um hana. Hann fer þó inn og verður ekki betra við þegar hann sér að **maurakistan** er opin og kvenmaður krýpur við hana og er að stela tóbaki. Hann ræður sér því ekki fyrir bræði, grípur stóra sveðju sem hann átti í skemmuni og rekur þennan vágast í gegn. Kerling dettur út af við lagið og þekkir hann þar móður sína. Lofti varð ósköp illt við eins og nærri má geta að hann hafi orðið banamaður móður sinnar en ræður það samt af að segja konu sinni óhapp sitt. Húsfreyja lét illa yfir verkinu en sagðist þó mundu leitast við að dylja það og kemur líkinu, svo hinir bræðurnir vissu ekki af, inn í rúm kerlingar.

Daginn eftir, meðan þeir bræður eru á sjó, tekur húsfreyja kerlinguna og fer með hana ofan í stór- an hjall sem Björn átti einn fyrir sig og geymdi í bæði skreið og hákarl. Þar hressir húsfreyja upp á kerlingu og **skautar henni** og lætur hana standa á hnjánum og halda með annarri hendinni um hákarlslykkjur en á hníf í hinni.



tóbaksrutta: tóbaksvafningur
maurakista: kistill þar sem peningar og önnur verðmæti voru geymd
skautar henni: setur á hana höfuðbúnað



Rekin í gegn með sleddu

Um kvöldið þegar þeir bræður komu að og eru búnir að gera að hjá sér fer Björn með eitthvað inn í hjall. Sér hann þá hvar kona með skaut er að stela hákarli úr hjallinum. Hann grípur þar **sleddu** stóra og rekur hana í gegn en þekkir að þetta er móðir sín í því hún rýkur út af. Honum varð fjarska illt við að hafa drepit móður sína, finnur þó mágkonu sína og biður hana í öllum bænum að leyna með sér þessu ódæði sem sig hafi hent. Húsfreyja lætur illa yfir þessu en segist þó muni dylja það sem sér sé auðið.

Daginn eftir róa þeir bræður enn á sjó en húsfreyja tekur lík kerlingar og fer með það til næsta bæjar. Svo stóð á að þar bjó sýslumaður. Mikil vinátta hafði verið með sýslumanni og foreldrum þeirra bræðra og eins leit út fyrir að mundi verða með sýslumanni og Lofti bónda.

Sýslumaður átti hrút sem honum þótti undur vænt um og lét tjóðra hann þar sem best var í túninu og vitjaði hans oft á dag að gamni sínu. Nú bar svo vel í veiði að húsfreyja Loftis kemur líki kerlingar þangað sem hrúturinn er tjóðraður án þess nokkur yrði þess var, skautar kerlingu þar og **hreyfir upp á henni**. Síðan tekur hún hrútinn og drepur hann og lætur kerlingu grúfa yfir honum eins og hún sé að gera hann til, fer síðan sjálf burtu svo að enginn sér til ferða hennar.



sledda: stór fiskaðgerðarhnífur

hreyfir upp á henni: lagar föt hennar, snyrtir hana



Greip hann sveðju sem hann átti í skemmuni og rak þennan vágast í gegn.

Rekin í gegn með sverði

Þegar sýslumaður kemur á fætur um morguninn verður honum það fyrst fyrir að vitja um hrússa sinn. Sér hann þá hvar kerling situr og sýnist honum hún vera að gera hrússa til. Hann reiðist þessum tiltektum kerlingar, dregur sverð sem hann bar við hlið, sem þá var siður, og rekur kerlinguna í gegn. En þegar kerling valt út af þekkir hann að þar er vinkona hans gamla.

Honum féll þetta frámunalega illa að sig skyldi hafa hent sú hrösun að reiðast svo að hann hefði orðið mannsbani fyrir jafnlitla sök og það þessarar

konu. Hann sendi því eftir tengdadóttur hennar, því þeir bræður voru á sjó, sagði henni upp alla sögu og bað hana í öllum bænum að hafa einhver ráð að koma kerlingunni í jörðina svo að sér yrði ekki kennt um kvenvíg og bauð henni stórmikið fé til þess.

Konan hét þessu og fór heim með kerlingu svo ekki varð vart við og fékk mikla peninga hjá sýslumanni fyrir að losa hann úr þessum vandræðum. Eftir það var kerling grafin og gerð útför hennar vegleg en þau Loftur og kona hans komust eftir þetta í mestu kærleika við sýslumann og unnust sjálf hugástum.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Að lestri loknum

1. Af hverju varð húsfreyja svo tortryggin út í tengdamóður sína?
2. Hvað gerði hún til að láta reyna á trúnað hennar?
3. Hvað finnst þér um það sem húsfreyjan gerði?
4. Lýstu aðgerðum húsfreyju með lík kerlingar.
5. Gerðu grein fyrir sögulokum.
6. Hvernig er trúverðugleika þessarar sögu háttað?
7. Hvernig endi hefðir þú kosið á þessa sögu.
8. Hvað kemur sama orðið oft fyrir í vísunni? Hvaða orðflokkur er það?



39. Ingibjörg í Kalmanstungu

Sögugluggi

Piltur nokkur fer með sjómönnum suður til sjós. Á leiðinni gista þeir á bæ þar sem býr falleg heimasæta. Sjómennirnir mana piltinn til að reyna að komast inn í svefnherbergi hennar að kvöldlagi. Fer svo að hann verður eftir á bænum og gerist smali hjá bónda.

Á umliðnum öldum, meðan menn fóru almennt úr Norðurlandi suður til sjóróðra, fóru venjulega margir vinnumenn til vers frá biskupssetrinu Hólum og þóttu þeir stundum vera fremur miklir á lofti.

Á bæ einum í Hjaltadal í grennd við Hóla var piltur nokkur er Sigurður hét. Hann var á tvítugs aldri er þessi saga hefst. Sigurður var kunnugur að Hólum og kom þar oft. Eitt haust kom Sigurður heim að Hólum sem oftast nokkru áður en húskarlarnir lögðu af stað suður í verið. Hann kom á tal við þá að gott ættu þeir að fá að fara suður því að hann langaði mjög til að fara suður til róðra. Þeir sögðust ekki banna honum að fara suður líka og hann mætti verða þeim samferða ef hann vildi. Sigurður kvaðst að vísu fá að fara suður en hann væri svo fátækur að hann gæti ekki keypt handa sér **mötu**. Svo kölluðu suðurferðamenn nesti sitt. Að svo mæltu féll talið niður í þetta sinni.

Í annað skipti kom Sigurður að Hólum og vakti tals á sama efni við húskarlana. Þeir sögðust þá mundu lofa honum að fara með sér og hafa hann

allir á mötu sinni því að vant væri að gera Hóla-pilta svo ríflega út að þetta væri hægt fyrir þá en hann yrði aftur að vera hestasveinn þeirra á leiðinni og gera ýmsar smákvaðir fyrir þá. Sigurður svaraði að það væri sjálfsagt enda var hann ötull til þess er hann kunnir.

– Þegar þú kemur svo suður, sögðu þeir, þá getur þú fengið mötu fyrir afla þinn tilvonandi og eru þetta góðir kostir. Sigurður kvað það satt vera. Þótt Hólamenn létu svona fagurt var aðaltilgangur þeirra að hafa Sigurð fyrir **ginningafífl** á leiðinni.

Kalmanstunga

Hólamenn lögðu nú af stað og Sigurður. Þeir fóru fjöll og segir ekki af ferðum þeirra fyrr en þeir komu að Kalmanstungu. Þar voru þeir kunnugir og fengu



mata: matur, vistir sem sjómaður hefur með sér í verið

ginningarfífl: sá sem lætur gabbast af öðrum



Sigurður rann af bitanum og féll ofan í sýrukerið.

að fara inn í baðstofu með nesti sitt til þess að matast en Sigurður flutti hesta þeirra í haga og kom svo inn til þeirra.

Um þessar mundir bjó gamall bóndi í Kalmanstungu og hafði hann misst konu sína en dóttir hans, er Ingibjörg hét, stóð fyrir búinu með honum. Hún var rösk stúlka og hið besta konuefni. Þá er svo bar undir að vermenn komu að Kalmanstungu hafði bóndi nákvæmar gætur á dóttur sinni, að hún yrði sem minnst á vegi þeirra, því að hann óttaðist að þeir

mundu glepja hana á einhvern hátt og var þeim vel kunnugt um þetta.

Félagar Sigurðar voru mjög alúðlegir við hann þetta kvöld og gáfu honum meiri og betri mat en þeir voru vanir. Þá er Ingibjörg gekk um baðstofuna bentu þeir honum á hana og spurðu hvort honum litist ekki vel á hana. Sigurður kvað svo vera. Þeir sögðu að hún mundi vilja komast í kunningsskap við karlmenn en það væri ekki auðgert því að faðir hennar **geymdi hennar** svo vandlega að hvorki væri hægt að ná fundi hennar nótt né dag.

– Það væri þó gaman að finna hana, mæltu þeir. Viltu nú ekki reyna til þess að komast inn í húsið til hennar í nótt og vita hvernig hún tekur þér?

– Ég treysti mér ekki til þess, svaraði Sigurður.

– Ja, jú-jú, mæltu þeir. Við sjáum ráð til þess. Þú ert okkar langliðugastur og léttfærastur. Þú þarft ekki annað en að klifrast upp á þilið framan undir húsinu, því að það nær aðeins upp á **skammbiti**, og renna þér svo með hægð inn af. Þá kemurðu ofan á rúmstokk Ingibjargar. Við skulum meira að segja gefa þér sinn skildinginn hver ef þú áráðir þetta og verður það ekki lítið fé. Svo geturðu keypt þér mötu fyrir peningana, þá er þú kemur suður, og þá getur þú átt afla þinn. Þá er Sigurður heyrði þessa kosti fóru að renna á hann tvær grímur og fór svo að lokum að hann hét að fara að orðum félaga sinna.



geymdi hennar: gætti hennar

skammbiti: stuttur biti í sperruverk, op í kverkinni fyrir ofan hann



Sýrukerið

Svo var háttað í baðstofuhúsinu að þar voru tvö rúm, annað fyrir gafli og var það rúm húsbónda, en hitt undir hlið og þar svaf Ingibjörg. Á móti rúmi hennar og frammi við þilið stóð aftur **sýruker** og voru lagðar yfir það lausar fjalir. Sýran var höfð til þess að blanda drykk handa gestum og hollara að láta hana standa í hlýju herbergi en í framhýsi.

Skáli var í Kalmanstungu. Þar voru vermenn jafnan látnir sofa. Þá er kominn var háttatími fóru gestirnir fram og lögðust til hvíldar en vöktu nokkra stund til þess að kveða á um tímann er Sigurður skyldi fara inn aftur. Þá er Sigurður lagði af stað fóru þeir allir með honum inn að baðstofuhurð til þess að forvitnast um hvernig fara mundi.

Sigurður fór hljóðlega og gekk á sokkunum en þó heyrðu þeir að lítið eitt hrikti í þilinu er hann klifraði upp á það. Þeir höfðu logið að honum hvorum megin rúm Ingibjargar væri því að þeir ætluðust til þess að hann félli ofan í sýrukerið og bóndi vaknaði svo við háreystið.

Sigurður renndi sér inn af skammbitanum, sporðreisti fjalirnar á sýrukerinu og féll ofan í það. Bóndi vaknaði með andfælum við ólætin og spurði hvað á gengi.

– Það er ekki neitt, faðir minn, svaraði Ingibjörg, kötturinn féll ofan í sýrukerið.

Þá er Sigurður heyrði hvernig Ingibjörg svaraði föður sínum þóttist hann vita að henni væri ekki með öllu ókunnugt um málefni þetta. Hann staulaðist því ofurhægt aftur upp úr kerinu, gekk hljóð-

lega að rúmi Ingibjargar og spurði hvort hún gæti ekki hjálpað sér fram fyrir.

– Til hvers komstu inn fyrir? spurði hún og sagði Sigurður henni þá upp alla sögu með fáum orðum. Ingibjörg sagði að sig hefði grunað þetta í kvöld og kvaðst halda að hann ætti lítið erindi til þeirra aftur. Hann skyldi heldur fara upp í rúmið þótt hann væri votur. Sigurður gerði það og svaf hjá Ingibjörgu það sem eftir var nætur.

Vermennirnir heyrðu andfælurnar í bónda en vissu svo ekkert frekara. Þeir stóðu lengi á hleri við baðstofudyrnar en urðu einskis vísari og gengu síðan fram aftur til rúma sinna.

Smalinn

Ingibjörg vaknaði snemma um morguninn og sagði við Sigurð að hann yrði að fara ofan undir sængina í rúminu og bíða þar til þess er hún gerði honum aðvart. Síðan klæddust þau feðgin. Bóndi fór út að hirða fé sitt og Ingibjörg fór fram í bæ til bústarfa sinna en læsti áður húsinu og lét lykilinn í vasa sinn.

Hólamenn fóru á fætur, gengu til baðstofu og mötuðust. Þeir voru alls staðar að skima eftir Sigurði en sáu hann hvergi. Þeir sáu að baðstofuhúsið var læst og gátu þeir því ekki grennslast eftir honum þar en ekki þorðu þeir að spyrja eftir honum. Síðan



sýruker: stórt ílát undir mjólkursýru sem var notuð til drykkjar, blönduð vatni, kölluð mysa

sóttu þeir hesta sína og fóru svo af stað að þeir vissu ekkert um Sigurð.

Þá er þeir voru farnir kom Ingibjörg til Sigurðar, sagði honum að klæðast í skyndi og fór síðan með hann fram í búr. Þar gaf hún honum besta mat og faldi hann þar í skoti einu. Nokkru síðar kom bóndi inn í bæ frá fjárhirðingu. Ingibjörg bar honum mat og fór að ræða við hann um ýmislegt. Meðal annars sagði hún:

– Ég kenndi í brjósti um unglingspiltinn sem var með Hólamönnum. Mér heyrðist þeir vera að gera gys að honum í gærkvöldi. Hann var þó ekkert óefnilegur drengur að sjá.

– Og ég tók ekki eftir því að hann væri með þeim þá er þeir fóru, mælti bóndi. Ætli þeir hafi nú séð fyrir honum?

– Ekki held ég það, svaraði Ingibjörg. Hann hefur líklega orðið eftir. Ég held að þú hefðir átt að fá hann fyrir smala.

– Hefurðu orðið vör við hann? mælti bóndi. Það væri gaman að sjá hann. Ingibjörg fann nú Sigurð og sagði honum að faðir sinn vildi tala við hann.

– Og vertu nú **uppburðargóður**, ráðlagði hún honum. Sigurður fór inn með henni.

– Hvað er þetta? spurði bóndi. Ertu hér enn? Fórstu ekki með félögum þínum?

– Ónei, svaraði Sigurður.

– Hvað heldurðu að nú verði um þig? spurði bóndi.

– Ég veit ekki, svaraði Sigurður.

– Viltu vera hjá mér í vetur og fara til mín í vor fyrir smala? spurði bóndi.

– Það vil ég feginn, svaraði Sigurður.

Sigurður var nú í Kalmanstungu um veturinn. Hann var bónda mjög fylgisamur og reyndi til þess að vera sem lagnastur og ötulastur við fjárgeymsluna með honum. Ingibjörg sparaði ekki að **láta hann eiga gott** svo að honum fór mikið fram að aflí og vexti um veturinn.

Makleg málagjöld

Um vorið, er Hólamenn komu að sunnan úr verinu, komu þeir við í Kalmanstungu og hittu Sigurð. Þeir spurðu hvort hann vildi ekki koma með þeim norður aftur en hann neitaði því og sagðist nú ekkert vera upp á þá kominn. Þeir ættu líka eftir að borga sér peninga er þeir hefðu lofað sér í haust er var. Ef þeir greiddu þá ekki af hendi þá þegar skyldi hann koma upp um þá við húsbóndann að þeir hefðu verið að gabba sig og væri þá ekki að vita, hve góðu þeir ættu að fagna þar framvegis. Hólamenn vildu ekki að klækir þeirra yrðu hljóðbærir og greiddu



uppburðargóður: ófeiminn, ber sig vel

láta hann eiga gott: gera vel við hann, gefa honum vel að borða



Sigurði heldur sinn peninginn hver. Síðan skildu þeir og varð fátt um kveðjur með þeim.

Sigurður var smali í Kalmanstungu nokkur ár og hélt Ingibjörg alltaf í hönd með honum. Síðan kvæntist hann henni og var hjá tengdaföður sínum uns hann dó. Þá varð hann bóndi í Kalmanstungu. Samfarir þeirra Ingibjargar voru hinar bestu og leið þeim vel alla ævi.

Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar

Að lestri loknum

1. Finndu Hjaltadal á landakorti og biskupssetrið Hóla. Lýstu staðháttum eins nákvæmlega og þú getur. Geturðu fundið Kalmanstungu?
2. Gerðu stutta grein fyrir framkomu Hólamanna við Sigurð og segðu skoðun þína á henni.
3. Af hverju lét Sigurður undan félögum sínum?
4. Gerðu grein fyrir því hvernig Ingibjörg brást við þegar Sigurður datt í sýrukerið?
5. Geturðu látið þér detta í hug a.m.k. tvær ástæður fyrir því af hverju Ingibjörg kom svo vel fram við Sigurð?
6. Má finna einhvern boðskap í þessari sögu og hver væri hann þá?
7. Lýstu félögum Sigurðar nákvæmlega.
8. Hver er aðalpersóna þessara sögur og hver er hennar helsti styrkleiki?
9. Finndu að minnsta kosti eina aukapersónu í sögunni og lýstu henni og hlutverki hennar eins vel og þú getur.

afkimi þingmannaleið áhrínsorð
krossmessa sál orðfall áfasopi útígegningar
málamatur refjar dróg kolskör afréttur
blöndukútur blóðdrefjar lyfberi klakkur
reiðingur sili vör léttasótt gandreið farg
Jónsmessa lágnætti patína dagmál
langafasta semingur forneskja kukl
ágirnd mætur fiskiheill kaupanautur
málnyta selstaða meinvættur annexía
tóftarbrot flautir tólg ákast svartigaldur
kleima hiofróða filóðir kaun lögg flautir refjar
sút seggur feigð vættur kvíar pallskák
sledda skammbiti sýruker mudda
sál orðfall áfasopi útígegningar semingur ákast seggur feigð
reiðingur sili vör léttasótt Jónsmessa
ágnætti patína dagmál tóftarbrot flautir
sili vör léttasótt blóðdrefjar lyfberi
málamatur refjar krossmessa sál

tóftarbrot flautir tólg ákast svartigaldur
kleima hiofróða filóðir kaun lögg flautir áfasopi
sút seggur feigð vættur kvíar pallskák
sledda skammbiti sýruker mudda
áfasopi útígegningar semingur ákast seggur feigð
reiðingur sili vör léttasótt Jónsmessa
ágnætti patína dagmál tóftarbrot
sili vör léttasótt blóðdrefjar lyfberi
flautir málamatur refjar krossmessa sál
afkimi þingmannaleið áhrínsorð
sál orðfall áfasopi krossmessa útígegningar
málamatur refjar dróg kolskör afréttur
blöndukútur blóðdrefjar lyfberi klakkur
reiðingur sili vör léttasótt gandreið farg
lágnætti patína dagmál Jónsmessa
langafasta semingur forneskja kukl
ágirnd mætur fiskiheill kaupanautur
málnyta selstaða meinvættur annexía

afkimi þingmannaleið áhrínsorð
krossmessa sál orðfall áfasopi útígegningar

málamatur refjar dróg kolskör afréttur
blöndukútur blóðdrefjar lyfberi klakkur

reiðingur sili vör léttasótt gandreid farg

Jónsmessa lágnætti patína dagmál
langafasta semingur forneskja kukl

ágirnd mætur fiskiheill kaupanautur

málnyta selstaða meinvættur annexía

tóftarbrot flautir tólg ákast svartigaldur

kleima fiofróða filóðir kaun lögg flautir feigð

sút seggur feigð vættur kvíar pallskák

sledda skammbiti sýruker mudda

sál orðfall áfasopi útígegningar semingur ákast seggur

reiðingur sili vör léttasótt Jónsmessa

ágnætti patína dagmál tóftarbrot flautir

sili vör léttasótt blóðdrefjar lyfberi

málamatur refjar krossmessa sál

Gegnum holt og hæðir

Á löngum, dimmum vetrarkvöldum sátu sögumenn í íslenskum baðstofum fyrri alda. Þeir sögðu sögur meðan fólkíð sat á rúmum sínum og vann. Sögurnar gengu milli manna, sveit úr sveit, öld eftir öld, breyttu um lögun og hljómfall en kjarninn var sá sami. Fæstar voru skráðar fyrr en kom fram á 19. öld. Þær segja frá álfum, tröllum, huldumönnum, galdramönnum, draugum, sæbúum, vitrum mönnum og heimskum, englum og púkum, Kristi og kölska. Þessar sögur eru kallaðar þjóðsögur og ævintýri.



m MENNTAMÁLASTOFNUN

40167